

35 cts.

SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU.

# Konuhefnd

EFTIR  
A. CLEMMENS



PRENTSMÍÐJA HEIMSKRINGLU  
1906

Arnljotur B. Ólason

Íslendinga



## Arnþjotur B. Ólason

### I. KAPÍTULI.

Brúðkaup í Schwarzwald.

"Nú erum við regluleg hjón, Ernst?"

"Já, við erum það í sannleika, góða míن".

Ungi maðurinn laut að ungu og fallegu konunni sinni og kysti hana, það var eins og hann hefði gaman af efanum, sem sjá mátti í efnismikla augnatillitnu hennar.

"Við eruin eins réttmæt maður og kona, eins og við hefðum verið gefin saman frammi fyrir altarini".

"Já, en —"

"Já, en — hvað áttu við, góða mín?"

"Að mér finst það svo undarlegt, að við erum ekki gefin saman frammi fyrir altarini í kirkjunni af prestinum, eins og ég hefi alt af halðið að ætti að vera".

"Já, og mundu líka eftir því, að engin brúðarmær var til staðar", sagði ungi maðurinn hlægjandi. "En hjónavígsla var það þó, elskan mínn. Borgaraleg vígsla er jaðn gild kirkjulegri vígslu. Ég hefi í viðurvist áreiðanlegra manna lýst því yfir, að þú værir konan

nín, og þú, að ég væri maðurinn þinn. Það er nóg. Spurðu fólkid í húsinu, hvort það sé ekki. Við höfum fengið fullkomið vígsluvottorð, sem vitnir hafa undir-skrifsað — alt er í reglu, litla, hrædda konan mínn”.

Samtal þetta átti sér stað í litlum bæ í Schwarzwald, maðurinn átti heima í höfuðborginni og unga konan, sem hét Adela Stahr. Af gildum ástæðum hélt hann giftingunni leyndri, en ást hans til Adelu var hreinskili, hann vissi að móðir sín mundi ekki samþykkja giftinguna, því hann var af æðri stöðu, en hann hafði gefið ungu konunni sinni í skyn, af svo hárrí stöðu, að henni hefði aldrei komið til hugar að bindast neinuni jafn hátt settum manni.

Meðan hann var að biðla til ungu stúlkunnar, sagði hann henni, að hann væri skrifari á stórra skrifstofu, og væri svo efnun búinn, að hann mætti leyfa sér að ferðast stutta skemtiför með henni. Hann var í raun réttri ekki ríkur án aðstoðar móður sinnar, en þó svo efnun búinn, að hann gat séð um velliðan konu sinnar í framtíðinni.

“En ef þú trúir mér ekki, þá geturðu spurt góða, gamla gestgjafann, sem kemur þarna”, sagði hann í spaugi. “Ham mun segja þér sannleikann”.

Þessi orð áttu við gamlanmann, sem var að nálgast þau.

Hann tók eftir því, að þau höfðu séð sig, og kom til þeirra með húruna í hendinni.

“Get ég gert nokkuð fyrir tignarfólkid?” spurði hann.

Adela leit bænaraugum á mannsinn.

“þakka yður fyrir, já, ef þér viljið færa okkur eina flösku af áfengislitlu víni, gleður það okkur”, sagði hann.

Gestgjafinn fór.

“þú vildir sjálf fá vissu, barnið mitt, því mátti ég þá ekki spryrja hann?”

Ég vildi ekki láta ókunnugan mann vita um minn ela", sagði Adela lágt, "en ég vildi þó —"

"Ég veit hvað þú vilt, og þér skal lika veitast það undir eins og kringumstæðurnar leyfa. Vertu að eins bolinnmóð, seinna skaltu fá þínum vilja í öllu. Áður langt um liður skaltu giftast mér i kirkjunni, ef þú að eins treystir orðum mínum".

Ég treysti orðum þínum, Ernst. Frá því ég var barn hefi ég lært að meta hina kirkjulegu blessun, og hefi líka séð á heimili foreldra minna hve mikla þýðingu það hefir, svo er líka svo skemtilegt, að fá heilla óskir frænda og vina, Ernst".

Þú skalt fá þetta alt saman, litla flónið mitt, kirkjugifting og heillaóskir, það getur þú reitt þig á. Hve margar heillaóskir heldurðu nú til dæmis að Nani láti þér í té, þegar þú kemur heim?"

"Hún góða, gamla Nani mín", sagði Adela innilega. Mér finst ég hafi gert rangt i að yfirgefa hana".

"En þú getur ekki verið alla æfi þína hjá gamalli konu, góða mín. Ég hefi ekki náð hylli Nani gömlu að minsta kosti".

Unga konan lagði hendi sína ástúðlega á öxl manni sinum.

"Það er af því hún þekkir þig ekki". sagði hún, síðarmeir hlýtur hún að elska þig og virða".

Ungi maðurinn gretti sig skringilega og sagði:

"Nei, nei, hamingjan gefi, að það komi ekki fyrir. Það fer hrollur um mig að hugsa til þess, að Nani leggi handlegginn um hálsinn á mér, eða gefi mér koss með vörum, sem farið er að votta fyrir yfirskeggi á. Nú, settu nú hattinn upp, Adela mín, við skulum ganga upp á hæðina okkur til skemtunar; þar er gott útsýni".

Þau leiddust upp hæðina og töluðu um framtíðina eins og elskendum er titt.

Ernst Valdau, svo hét hinn ungi maður, lofaði

henni ekki neinni framúrskarandi framtíð. Hann kvaðst verða að fara aftur til skrifarástarfanna, og hún yrði að láta sér nægja lítið en laglegt hús í útjaðri borgatinnar; hann kvaðst vel vita að hún væri ekki heimtufrek, og sagðist ætla að reyna að búa alt svo vel út sem hann gæti.

Adela hiustaði brosandí á hann.

Hún var ánægð með myndina, sem hann lagði fránum fyrir hugskotsaugu hennar. Þetta nýja heimili skrýddi hún ástarinnar og vonarinnar björtu litum, sem henni kom ekki til hugar að nokkru sinni mundu fölna.

Meðan þau héldu áfram inn á milli klettanna, kom ungar maður í veiðimanna búningi á móti þeim. Í tösku sinni bar hann two fugla.

Hann tók ekki eftir þeim fyr en hann var rétt kominn að þeini.

Þá stóð hann alt í einu kyr og horfði hissa á unga mannum.

“Ég bið afsökunar”, sagði hann, “ég var nærrí búinn að reka mig á ykkur, ég gekk hugsandi og — en hvað sé ég! Þetta mega kallast viðbrigði. Eruð það ekki þér, Valdimar Heideck?”

Adela fann, að handleggurinn, sem hún studdist við, skalf, en á andliti manns hennar sást að eins undrun.

“Yður skjátlast, herra minn”, sagði hann kulda-lega.

“Skjátlar mér? — nei, það er ómögulegt”.

“Það hiýtur þó að vera — þér álítíð mig annan manni en ég er”.

“Það er þá í fyrsta skifti á æfinni, að ég þekki ekki mína eigin kunningja. En, ef þér hafið einhverja éstaðu til að leyhnast, þá —”

“Ég endurtek að yður skjátlar”, sagði ungi maðurinn einbeittlega.

Hann tók nafnsmiða úr vasa sínum og rétti ó-kunna manninum hann.

"Eins og þér sjáði, þá er nafn mitt Ernst Valdau", sagði hann.

Veiðimaðurinn starði á ungu hjónin á víxl.

"Ég fer að efast um míni eigin angu — eruð þér í raun réttri ekki Valdimar Heideck?" sagði hann.

"Nei, alls ekki".

"En þér hafið röddina hans, andlitið hans, göngulagið hans og vaxtarlagið. Það er í kring um ár síðau ég sá hann síðast, en eitt ár breytir ekki miklu. Hafi mér skjátlað, bið ég yður að afsaka töfina á skemtigöngunni, sem ég hefi valdið".

Þau kváðust ekki vera honum reið.

"Ég vona að eins, að ég sé ekki of líkur þessum manni, sem þér nefnduð", sagði Valdau í spaugi, "það er ekki skemtilegt, að vita af tvívara sjálfs sín röltu um heiminn hér eða þar".

"Ég get ekki hughreyst yður — þið eruð svo líkir að maður getur haldið yður vera vofu Heidecks".

Valdau hló og bauð konu sinni armlegginn — ó-kunni maðurinn kvaddi og fór.

Ernst og Adela hlóu að viðburði þessum, og Ernst lét í ljósi ótta sinn fyrir því, að Adela kynni sjálf að villast á þeim.

Þegar Adela fór að hugsa nánar um þetta, þótti henni: það ekki eins skemtilegt eins og í byrjuninni.

"Ég hefi einusinni lesið undarlega sögu um tvívara", sagði hún, "en eftir marga vafninga, sem ollu bæði smán, sorg og ógæfu á nokkrum heimilum, sann-aðist að tvífarinr var einn og sami maður. Þekkir þú nokkurn mann með því nafni, sem maðurinn nefndi kæri Ernst minn?"

"Ég tók ekki vel eftir. Hvað nefndi hann hann?"

"Valdimar Heideck eða von Heideck".

Ernst hugsaði sig um.

"Nei, ég þekki engan með því nafni", sagði hann, "en það kemur oftast fyrir en menn ætla, að mönnum svípi saman".

Adela hofsði rogginn á hann.

"Þeir eru naumast margir, sem líkjast þér, Ernst" sagði hún, "enginn getur verið líkt því eins fallegur og þú".


Enda þótt Adela gerði heldur mikið úr fríðleik Ernst, var hann samt fallegur maður, með dimm blágrá augu, hveldar augnabréunir, eðallyndan andlitsvip og dálitið skegg, sem var dekkra en hárið. Og göngulagið var reglubundið og tíguglegt, svo ýmsir álitu hann vera herforingja í borgarabúningi, að minsta kosti áleið gestgjafinn það, sem hann átti nú heima hja.

"Það kemur af leikfimisæfingum, gamli vinur", hafði Valdau sagt, "mér þykir gaman að leikfimi, skyldmingum og öðrum líkamaæfingum. Göngulag mitt er því að þakka".

Gamli maðurinn var þó ekki ánægður með þessa skýringu.

"Hann getur sagt þetta", sagði hann við konu sína, "annað er það, hvort menn trúa því. Það er eitthvað bogið við þessa giftingu; svo sannarlega, sem ég er gestgjafi í 'Ljóninu', þá fáum við seinna að heyra um: það".

En það leið langur tími þangað til 'Ljóns'-fólkis fékk að heyra um Ernst og Adelu Valdau.



## 2. KAPÍTULI.

## Útskúfuð og yfirgefin.

Adela þurfti ekki eitt einasta augnablik að iðrast þess, að hafa gefið Ernst hendi sína. Að sönru hafði hann ekki látið prestlega vígslu fara fram, eins og hann hafði lofað, og hann hafði enn ekki þorað, að lata móður síra vita um giftinguna, en hann gat fært 'Adelu svo góðar og gildar ástæður fyrir þessu, að hún var róleg.

Gamla Nani var eina manneskjan, sem mintist á, að ekki væri alt sem skyldi, en Adela gat enga aðfinslu þolað ummann sinn.

"Ernst hlýtur að vita það betur, Nani. Hann getur ekki gert órétt, og því síður tælt mig til þess", svaraði hún ávalt.

Heiðarlega kerlingin þagnaði við slik svör, en athugaði framferði Valdaus því betur.

Ernst var vingjarnlegur og kurteis við Nani, og hún sýndi honum aftur tilhlýðilega lotmingu, án þess þó að þykja vænt um hann. Henni þótti hann of sjaldan heima. Hann afsakaði sig með því, að heimili þeitra væri svo langt frá skrifstofunni, og að hann yrði svo oft að borða hjá móður sinni, svo hún fengi engan grun um þetta heimili hans. Af því Adela var ánægð með þetta ásigkomulag, létt Nani það vera afskiftalaust.

Þegar ár var liðið frá því Adela giftist, ól hún sveinbarn, og gleymdi öllu öðru af þessari ánægju.

En þetta var að eins stundar ánægja; fám mán-

uðum síðar varð hún því á bak að sjá.

Sonarmissirina fékk Adelu svo mikillar sorgar, að hún veiktist líka.

Sjálfur var Ernst þögull og sorgbitinn, sem virtist eiga rót sín að rekja til fleira en sonarmissisins.

Konu sinni til hressingar fór hann með hana til baðstöðva nokkurra, þar sem fáment var; og einn daginn, sem Adela sat niður við sjóinn og starði á hann, meðan Ernst var að leita að betra útsýni, kom hugsunin um sonarmissirinn til hennar með fullum styrk, augu hennar fyltust tárum, og svo breyttist gráturinn í bitran ekka.

Alt í einu var lögð hönd á öxl hennar mjög hlýlega.

Hún sneri sér við og sá skrautklædda gamla konu standa bak við sig, með vingjarnlegt og, að því henni fanst, kunnuglegt andlit.

"Þér hafið þunga sorg að líkindum", sagði gamla konan.

Adeia sagði henni frá missi barns síns, og að maðurinn sinn hefði farið með sig hingað sér til afþreyingar.

Í þessu bili kom Ernst gangandi í hægðum sínum.

"Parna kemur maðurinn minn", sagði Adela og benti á hann.

Sólin skein á myndarlega andlitið og hárið á Ernst Valdau.

Þegar gamla konan leit á hann, hrökk hún við, og svipurinn var harður og kaldur.

"Er þetta maðurinn yðar — eiginmaður yðar?" spurði hún.

"Já".

"Hafið þið verið lengi gift? Hvað heitir hann?

Adela varð hálf hrædd við spurningarnar.

"Hann heitir Ernst Valdau", sagði hún, "viljið

þér ekki spyrja hann um hitt annað, sem þér viljið vita?"

Konan sneri sér undan.

"Nei, nei, ekki hérna — seinna!" sagði hún, og gekk burtu áður en Valdau gat séð hana.

Adela sagði honum frá því, að kona þessi hefði fundið sig, og kvaðst álita hana sinnisveika.

"Húi gengur þarna", sagði Adela, um leið og hún benti á hana.

Ernst Valdau sneri sér skjótlega við, svo að kona hans sæi ekki hve fölur hann varð.

"Sinnisveik!" tautaði hann, "já, það er mjög líklegt; skyni gædd manneskja hefði ekki hagað sér þannig".

Skömmu síðai sagði hann:

"Við verðuri að fara til borgarinnar í kvöld, Adela, það er óumflýjanlegt. Ég hefði viljað mega vera hér lengur, elskan míni, en ég fékk bréf í morgun, sem neyðir mig til að fara í burt um tíma, og þá vil ég helzt vita af þér heima".

"Þú átt að fara í burtu, Ernst — þú átt að yfirgefa mig?"

"Já, góða míni, ég get ekki komist hjá því, hvað feginn sem ég vildi. Ég er ekki minn eigin húsbóndi, eins og þú veizt".

"En þú verður þá ekki lengi í burtu?"

"Ég veit það ekki; ég ræð því ekki — ég verð eins lengi og húsbóndinn vill, því ég á að fara með horum".

"Ó, Ernst, þetta er óttalegt!"

"Ég hefi vitað þetta nokkra daga, en vildi ekki hryggja þig fyr en ég mátti til".

"En þú skrifar mér þá á hverjum degi?"

"Á hverjum degi, góða míni? Það held ég verði ekki

hægt, en svo oft sem ég get. Nú vil ég biðja þig að undirbúa alt til heimferðarinnar”.

Adela hlýddi.

Hún var sorgmæddari en hún gat sagt, og meir en ástæða virtist til; hún hrygðist einkum af því, að Valdau vildi ekki tala um tilefni ferðarinnar.

Hún hélt manni sínum föstum og vaðði sig upp að honum, þegar þau kvöddust, eins og það væri í síðasta sinni að þau sæust.

Hún leit framan í hanñ með tárin í augunum og sagði:

“Geturðu ekk: tekið mig með, Ernst?”

Hann var mjög klökkur.

“Ég vildi að það væri mögulegt”, sagði hann innilega, “en það er alveg ómögulegt, elskan mínn. Vertu nú hugrökkt og hraust, og gerðu mér ekki skilnudinn of þungan. Nani, gættu konunnar minnar, huggaðu hana, vertu henni góð, þangað til — þangað til ég kem aðtum”.

Þegar vagninn ók á burt með Ernst Valdau, tók Nani hendi sinni um mittið á Adelu og sagði:

“Meðan ég lifi, skal ég aldrei yfirgefa yður, kæra frú”.

Adela lagði höfuðið á herðar Nani og grét hátt.

“Mér finst það á mér, Nani, að ég fái aldrei að sjá hann aftur. Ó, guð minn góður, Nani, ef ég lefði nú kyst harn i síðasta sinni”, sagði Adela í vonlausum róm.

Nani huggaði hana eins vel og hún gat, en það kom skjótt i ljós, að í þeim efnunum hafði hún engin áhrif haft á Adelu. Hún varð æ þöglari og þöglari, og sorg og greinja virtist ætla að gera út af við hana.

Hihar myrku grunsemdir hennar áttu bráðla að rætast.

Nekkrum dögum eftir burtför manns síns, fékk hún langt bréf.

Hún gekk inn í herbergi sitt til að lesa það.

Nokkrum stundum síðar kom Nani þar inn af til-viljun, og fann húsmóður sína föla og skjálfandi.

"Hvað gengui að?" sagði Nani.

"Ég fæ ekki að sjá hann aftur, hann liggur dauð-veikur heima hjá móður sínum, og þangað fæ ég ekki að koma. Hann er dauður nú — ég á engan mann, Nani — ég vil fara til hans! Ó, guð!"

Hún rak upp hljóð og fíll i dá.

---

Sorg Adelu var svo mikil, að hún gleymdi öllu umhverfis sig, en Nani hugsaði um alt og gerði alt. Huggaði hásmóður sína, útvegaði henni sorgarbúning og sá um, að forvitnir nágrannar gerðu henni ekki ónæði.

Þeir, sem spurðu um ástæðuna fyrir sorg Adelu, fengu það fáorða svar, að maður hennar væri dauður, langt, langt í burtu.

Sá orðrómur kom upp í nágrenninu litlu síðar, að hr. Valdau hefði dáið heima hjá ættingjum sínum, sem ekki skeyttu mikið um ekkju hans, en borguðu samt allar skuldir hans frá samverutíma þeirra hjónanna. Hvaðan þessar fregnir komu, vissi enginn, enda gerðu menn sig alment ánægða með að skuldir sínar horgaðar, og lofuðu Adelu að gráta í friði.

Þegar þessi unga ekkja fór að skilja ógælu sína til fulls, feldi hún ekki tár sorgarinnar heldur gremjunnar, og þegar loks tárin hættu að renna, virtist öll bliða og viðkvæmni horfin af andliti hennar, harðir drættir mynduðust í kring um muninn og augnatil-litið varð kalt og djarflegt. Hún var orðin föl og hörð kona, með ákveðinni hugarstefnu.

Þrem dögum eftir að hún hafði fengið vitneskju

um dauða manns síns, fékk hún bréf frá lögmanni hans, þar sem hann bað um leyfi að mega tala við hara.

"Viðvíkjandi ættmönnum hans", var sagt í bréfino.

Þegar Adela las þessa setningu, brosti hún beisklega.

"Er ekki réttara að neita honum", sagði Nani, "það eru máske að eins óþægindi sem hann hefir að segja".

"Ég ætla að taka á móti honum, Nani, og heyra, hvað þeir hafa að segja mér", sagði Adela. "Ég er ekki lengur jafn ístöðulaus og ég var. Fyrst ég hefi ekki lengur ást hans að styðjast við, verð ég að læra að standa af eigin ramleik".

"En þér þolið það ekki, hjarta yðar springur", sagði Nani, "þér hafið reynt svo mikil síðastliðna daga".

Frú Valdau tók andlit Nani milli lófa sér og kysti það.

"Nani", sagði hún, "ég vildi að þú segðir satt, að hjarta mitt springi, þá gæti ég fengið frið í gröf inni. Ég er svo breytt, svo breytt!"

Hún lagði höfuðið á öxl Nani, en gat ekki grátið, Nani huggaði hana og bað hana að háttu snemma, svo hún yrði hressari að tala við lögmanninn.

Horn lögmaður kom morguninn eftir og leiðbeindi Nani honum inn í gestastofuna.

Hann lafði aldrei séð frú Valdau, og meðan hann beið hennar, var hann að hugsa um, hvernig hún mundi lita út.

"Án ef aðaðurkvendi", hugsaði hann, "ég vildi lika svo væri, þá ætti ég hægra með að koma öllu í lag".

En hvernig sem hann nú hafði ímyndað sér að

Adela væri, þá gleymdi hann því og spratt upp úr stólnum, þegar hún kom inn.

Inn kom fallegur, fólur kvennmaður í skrautlegum en laglegum sorgarbýningi. Hún var fallegr en nokkur kvennmaður, sem hann hafði séð. Drættirmir í kringum munninn bentu á hugraunir og daufu augun á svefnuskort.

Adela hneigði höfuðið ögn til að heilsa gesti sínum.

"Hr. Horn", sagði hún.

"Það er ég. Og þér — eruð þér virkilega frú Valdau?"

"Já, ég er það. Eruð þér hissa á að sjá mig? Má ég spyrja, hvers konar kvennmann þér bjuggust við að sjá hér?"

Hr. Horn var ögn vandræðalegur.

"Í öllu falli ekki dömu eins og yður".

"Ég get ekki tekið þetta sem neitt skjall fyrir mig, en sleppum því. Ég syrgi eiginmann minn, og þér komið fyrir hönd ættingja hans".

"Að eins móður hans".

"Hvað hefir hún að segja ekkju sonar síns?"

"Hún vill hjálpa yður".

"Að hverju leyti?"

"Með peningum. Ég hefi fimm þúsund dali í vasa-num, sem ég má afhenda yður með því skilyrði, að þér ónáðið ekki þá fjólskyldu oftar. Henni þætti vænt umi, ef þér skiftuð um bústað, og vill helzt að þér færð algert úr landinu, þar eð fundir ykkar kynnu að baka óþægindi á þáða bóga, samt er þetta ekki beint skilyrði.

Adela brosti biturlegra.

"Ég veiti peningunum móttöku", sagði hún, "af því ég hefi heimild til þess. Jafnvel þessi upphæð tvöfölduð mundi ekki borga þá sorg, sem stráð er yfir mína ólfuðu æsi. Segið þér móður Ernst, að ég skuli

ekki gera henni ónæði. Þeg ætla að nota þessa peninga til að fullkomna mig í söng og hljóðfærslætti — þér vitið máske, að ég hefi verið kenslukona við hljóðfærslátt? Með aðstoð þessara peminga á ég hagra með að koma fram hefnd”.

“Hefnd?”

“Já, ég ætla að hefna óréttar þess, sem mér hefir verið gerður, hr. Horn; segið þér þeim, sem hafa sent yður, að þeir megi reiða sig á, að ég muni eftir þeim. Það er einn guð til, hr. Horn, — hann er réttlátur og strangur —, hann mun hjálpa mér til að endurgjalda það — það, sem gert hefir verið þessa daga”.

Hr. Horn yfirgaf Adelu hálf vandræðalegur, og heimsótti strax konuna, sem hafði sent hann.

Hann hafði ekki búist við slíkum erindislokum og þessum, hafði ekki búist við að finna jafn reglubundið heimili, rosknæ og trygga bernu og unga og alvarlega frú, sem virtist að þekkja sitt eigið gildi og talaði hiklaust og djarflega.

Frú von Heideck beið óþolinmóð eftir sendimanni sínum.

“Nú, hr. Horn, eruð þér kominn aftur?” sagði hún.

“Eins og þér sjáið, náðuga frú”.

“Fáið þér yður sæti og losið mér að heyra hvað þér hafið gert, og hvar þér funduð — — hana”.

“Ég fann hana á heimili hennar, í borgarjaðrinum P., heimili, sem er nærrí því eins fallegt og vel fyrirkomið eins og yðar eigið”.

“Nú, og hún — þessi manneskja, sem vesafings sorur minn —”

“Þessi manneskja, náðuga frú, gæti hvað yndisþokkann snertir, verið dóttir yðar eða hvernarr sem heilt annarar hefðarkonu; hún er fögur, mentuð og tígugleg í framkomu”.

"Hún hetir líka fært höfuðið á yður úr lagi", sagði frúin hæðilega.

"Nei, alls ekki, ég vildi að eins gera yður skiljanlegt, að það er kona, sem ekkert verður sett út á með réttu".

"Hún hlýtur þó í öllu falli að vera daðurkvendi".

"Alls ekki. Hún er mjög einbeitt og jafnframt stilt kona. Hún neitaði að tala um hr. Valda, þar eð hann, sem framliðin persóna, gæti ekki komið til greina í viðskiftum. Að öðru leyti nýtur hún almenningar virðingar hjá öllum, sem þekkja hana".

"Af því þeir þekkja hana ekki".

"Náðuga frú, í þessu efni kemur okkur ekki saman, við skulum þess vegna halda okkur við aðalefnið. Þessi unga kona ætlar ekki að ónáða yður í framtíðinni. Það var aðaltilgangur farar minnar. I

Drambsamt og háðslegt bros leið um varir frúarinnar.

"Á", sagði hún, "hún ætlar þá að fara í burtu?"

"Nei — hún ætlar að vera kyr í landinu og fullkomna sig í sönglist. Hún hefir áður verið kenslukona í söng og hljóðfærslætti, sem hún kvað hafa mjög góða hæfi; eika fyrir".

"En það má hún ekki, hún verður að fara".

"Pér getið ekki þvingað hana til þess, náðuga frú".

"En ég vil ekki líða hana hér!"

Frú von Heideck stappaði niður fótunum af vonzku.

Hr. Horn hélt áfram með kaldri kurteisi:

"Pér getið ekki þvingað hana til þess, náðuga frú. Hún hefir tekið á móti peningunum, sem þér buð, uð henni, og sem ég veit að hún hefir fullkomna heimild til að halda; segist ekki skuli ónáða yður á neinn hátt, þar eð fundir ykkar væru jafn óþægilegir fyrir

hana og yður. Meira getum við og megum við ekki heimta".

"En þá er, ég ekki fullviss um, að sjá hana ekki oftar. Það er hræðilegt, óttalegt! O, hr. Horn, í þessu efni eruð þér ekki samþykkur mér".

"Nei, en ég hefi framkvæmt erindi yðar eins vel og mér var unt. Skuldir sonar yðar, sem hvíldu á þessu sérstaka heimili hans, eru borgaðar. Það er séð fyrir þessari konu, að þér segið, ríkulega, en ég segi það ekki. Ef yður sýnist, þá skulum við ekki tala frékar um þetta efni. Að öllum líkindum mun unga konan aldrei verða á vegi yðar framar —",

En í raun réttri var hr. Horn á alt anna i skoðu.

Hann gruraði, að Adela mundi oftar en einu sinni verða á vegi þessarar drambsömu Heidecks ættar, en þar eð hanu enga samhygð átti í sambandi við hara, áleit hann ekki skyldu sina, að tala um þenna grun.

Peningana, sem Adela fékk hjá hr. Horn, lét hún í skrifborði sitt, og fór að hugsa um, hvernig hún ætti að haga sér í framtíðinni.

Hún sagði gamla vin sínum, Korn forsöngvara, að hún ætlaði fyrst um sinn að halda áfram með söngkenslu, seinna, þegar hún væri orðin rólegri á geðsmununum, ætlaði hún að leita ráða hans með framtíðina; og þetta var án efa það hyggilegasta, því eftir því sem tíminn leið, gat hún hugsað með meiri rá ura forlög sín.

Hún kendi söginn eins og áður fyr, og talaði rólega við börnin, mintist aldrei á ástæður símar, og notaði frítímana til að kynna sér söng og hljóðfæraslátt enn betur.

Þrátt fyrir þessa rósemi á yfirborðinu, sá Körn að gagnstæðar tilfinningar hreyfðu sér í huga hennar.

Morgan nokkurn mætti hann henni, sér til stórrar

undrunar, langt frá heimili hennar, í heldra parti borgarinnar.

"Hvernig skeður það, að ég mæti yður hér?" spurði hann.

"Ég þarf ekki að kenna núna, fyrri partinn, og fór því hingað til að vera viðstödd hjónavigslu".

"Hjónavigslu?"

"Já, eg hafði alt af gaman af að sjá þessa viðhófn, og nú vil ég vita, hvort það hefir sömu áhrif á mig og áður.

Körn horfði fast á hana.

Svipur hennar benti á annað en orðin.

"Í yðar sporum færí ég ekki þangað. Ég er hrædd ur um, að alt slikt hafi særandi áhrif á yður".

Adela hristi höfuðið, og sagði svo með þessum saman einkennilega róm:

Þessa hjónavigslu verð ég að sjá. Að því er sagt er, verður það eitt af hinum viðhafnarmestu brúðkaupum á þessu ári, — ég held ég muni nöfni: Valdimar von Heideck og Erna; einkadóttir er Biankendorff. Alt heldra fólkis verður í kirkju; halðið þér það sé ekki vert að sjá?"

Gamli maðurinn sagði hálfræddur:

"Komið þér heldur heim með mér. Þér eruð tauga veikar, yður getur orðið ilt í kirkjunni".

Fólkis var að þyrapast að kirkjunni, og einn skrautvagninn kom á fætur öðrum.

Gamli maðurinn tók hendi Adelu og vildi leiða hana heim, en hún vildi ekki.

"Ég hefi ásett mér að vera við þessa hjónavigslu", sagði hún.

"Leyñið mér þá í hamingju bænum að vera hjá yður. Konuð þér, við skulum fara inn. Nei, ekki um þessar dyr, þá lendum við í þrengslunum. Við skulum fara inn um hliðardyrnar og upp til organistans, hann er góður kunningi minn".

Adela sat úti í horni hjá orgelinu og sá þaðan alt sem fram fór, og var hin rólegasta. Þegar vigslunni var lokið, segir hún við Körn.

"Þetta eru falleg hjónaefni, er það ekki? Nú skulum við koma ofan og sjá, þegar þau koma út".

"Nei, nei, bezta Adela, þetta er nóg".

"Nei, ég vil sjá brúðurina betur. Hún hefir tígulegt andlit, er það ekki? Hún lítur út fyrir að vera kona, sem ekki lætur taka af sér ráðin, sýnist yður það ekki? Ég held hún sé hentug fyrir hann — haldið þér það ekki?"

Þau voru nú komin ofan og að kirkjudyrunum, til þess að sjá brúðhjónin koma út.

Um leið og nýgisti hjónin gengu fram hjá þeim, misti brúðurin, sem klædd var hvítu þykksilki, blóm úr blómavendi sínum.

Adela laut niður og tók það upp.

"Og hvaða takmark er það?"

"Svona", sagði hún, "ég þökka yður nú fyrir, Körn, nú hefi ég séð nóg. Þetta blóm ætla ég að geyma, til endurminningarf um það, sem ég hefi séð í dag. Nú hyrja ég nýtt líf, góði, gamli vinur minn. Nú hætti ég að syrgja, og þér skuluð verða ánægður með mig. Viljið þér verða mér samferða heim og borða miðdagsverð hjá mér? Ég hefi mikið að segja yður, og mikið að spyrja yður um. Við skulum bera ráð okkar saman um framtíðina".

Brúðkaup Valdimars og Ernu var á allan hátt svo skrautlegt og skemtilegt, sem kostur var á, og Valdimar var því í góðu skapi þegar hann leiddi konu sína út úr kirkjunni.

"Elsku, góða kona mínn", hvíslaði hann að henni, "ég lofa þér því, að gera alt sem ég get, til þess að þú verðir gæfusöm".

Hún þrýsti hendi hans og laut niður höfðinu, svo enginn skyldi sjá roðann, sem kom í kinnar hennar.

"Blómvöndurinn minn hefir verið illa bundinn", sagði hún, "ég hefi mist fallegasta blómið".

"Þá hefir eirhver af aðdáendum þínum það í hnappagatinu á jakkanum sínum núna", sagði hann brosandi, "sé það ekki troðið í sundur í manngrúnum".

"Nei, ekki er það, ég sá að það var tekið upp", sagði hún.

"Á -- af hverjum?"

"Af ungri konu í sorgarbúningi! Ó, hún var svo ung og svo falleg, en augun svo tryllingsleg. Hún fylgdist með gömlum manni, en svo leit hún við og á þig, eins og hún vildi grðursetja mynd þína í hjarta sínu um alla eilifð".

"Ég sá ekkert", sagði Valdimar kæruleysislega.

"Nei, ég get skilið það, því þú hefðir aldrei getað gleyint andliti hennar, ef þú hefðir séð það. Ég get ekki gleymt augunum, sem hún horfði með á okkur".

"Mig furðar, að þú skulir hugsa svona mikið um einkisvert atvik", sagði Valdimar.

Á sama augnabliki kom vagninn, svo hún gat ekki svarað.

Tveim stundum síðar var búið að drekka brúð-hjónaskálina í freyðandi kampavíni, og þau óku af stað í skrautlegum vagni í sælu-daga ferðina.

### 3. KAPÍTULI.

Hún hóf baráttuna.

Þegar Körn gamli var kominn heim til frú Valdaði, sagði hann:

"Ég vil ráðleggja yður, að vera aldrei oftar til staðar við hjónavigslu. Þér hafið ekki gott af því".

"Það hefir ekki gert mér mein. En þér megið vera rólegur; ég kæri mig ekki um að sjá fleiri giftingar. Þetta voru kenjar úr mér, en ég ætla ekki að eyða tímanum til þess að fullnægja kenjum mínum; ég ætla nú syrir alvöru að byrja á lífsstarfi mínu".

"Já, og þér reynið það, að vinnan færir yður huggun og gleymsku", sagði Körn. "Tíminn gerir furðuverk".

"Furðuverk", endurtók Adela eins og dreymandi. "Eitt furðuverk mun hann ekki gera. Hann mun aldrei geta komið mér til að gleyma".

Körn gamli var á annari skoðun, en lét hana ekki í ljósi.

Nani komi inni í stofuna, sjáanlega í þeim erindum að seðja forvitni sína, hún hafði verið óróleg yfir þessari löngu fjarveru húsmóður sinnar.

"Heyrðu, Nani", sagði Adela; "Körn ætlar að borða miðdagsverð hjá okkur. Honum þykir vænt um góðan mat, og þú verður að hjálpa mér til að geta gert honum til geðs".

Hún gekk út með köldu brosi og benti Nani að koma.

En Nani hlýddi ekki í þetta sinn. Hún vildi fá að vita ástæðuna fyrir látalætiskæti Adelu, og fór að tala við Körn.

"Ég er svo glöð yfir því, að sjá Adelu káta. Ég var orðin hálf hraedd við, að hún yrði sinnisveik. Hún ætti ekki að vera hér. Henni yrði hollara að fata eitthvað".

"Það er einmitt það, sem ég ætla að benda henni á", sagði Körn, "ætlið þér þá með henni?"

"Já, þó það væri til heimsendans. Hún á engan vin í heiminum, nema yður, yeslings barnið".

"Ég vil reyna að vera henni góður vinur, því ég

dáist að hæfileikum hennar. En, á hún þá engan vin, Nani? Á hún enga ættingja?"

"Hún stendur alveg einmana. Móðir hennar misti snemma ioreldra sína, eins og hún, svo hún vann fyrir sér serri kenslukona; þá fékk hún ást á söngkennara, sem Stahr het, og giftist honum, en hann misti brátt konuna sína, veslings maðurinn. Hann kendi sjálfur litlu dóttur sinni söng og ljóðfæraslátt, en svo dó hann þegar hún var 14 ára gömul. Æg lofaði móður hennar og sömuleiðis föður hennar, að yfirgefa hafa aldrei, og ég hefi heldur ekki gert það. Adela hélt áfratn söngnámi sínu í því skyni, að geta síðar lifað af því að kenna söng, og þá var það, að hún kyntist yður. Eins og þér vitið, þá hefir Adela alt af verið óframfærin, en sökum stöðu sinnar varð hún oft að vera á götunni og þar sáu ungu mennirnir hana. Margir af þeim vildu kynnast henni, en hún gaf þeim öllum í skyn, að hún vildi ekki aðhyllast þá, nema einum, og ég er hrædd um að hann hafi verið óheppilegastur af þeim, að minsta kosti geðjaðist mér ekki að því, að gifting þeirra skyldi haldið leyndri. Ég vildi fara frá henni, en þegar hún bað mig að vera kyrra, gat ég ekki neitað henni".

"Þér hafið þá ekki verið til staðar við vígluna?"

"Nei, og ég veit einu sinni ekki, hvar þau giftust. Nú er hann dæður, og þá hefir þetta minni þýðingu. En þarna kemur hún, svo ég verð að þagna; ég vil ekki ýfa hugsásar hennar svo þau fari að blæða að nýju".

Við ináltíðina var Adela hin rólegasta. Hún sagði Körn frá þessum fimm þúsund döldum, sem hún fékk hjá Horn, og auk þeirra kvaðst hún hafa grætt átta hundruð dali.

"Þér eruð þá nógu ríkar til að ná því takmarki, sem ég aðla að benda yður á", sagði Körn alveg hissa.

"Ég ætlaði að benda yður á, að fá yður reglubundna tilsgögn í söng; þér hafið eins góða rödd og Jenny Lind. Söngkenslan, sem þér veitið, getur ekki fullnægt listagáfu yðar né metorðagirnd. Rödd yðar er margra þúsunda virði, en það þarf að æfa hana og laga. Þér verðið að læra hjá einhverjum af hinum miklu söngfræðingum. Með þeim efnum, sem þér eigið yfir að ráða, er hægðarleikur fyrir yður að hefja yður til þeirrar stöðu, að nafn yðar verði nefnt með aðdáun og virðingu".

Adela leit þakklátlega til hans.

"Mér þykir vænt um, að heyra yður tala þannig. Sérhvert orð yðar endurómar í huga mínum. En ég þarf hjálp. Viljið þér ráðleggja mér og hjálpa mér?"

"Ég er fús á að hjálpa yður, en er því ver ekki fær um sjálfur, að veita yður tilsgogn. Mágur minn, professor Max í Wien, er sá maður, sem ungar stúlkur leita helzt eftir tilsgogn hjá, er ætla sér að syngja opinberlega. En ég skal fyrirfram geta þess, að hann er harður maður, sem heimtar hlýðni, iðni og þolgæði af nemendum sínum. Nú hefi ég sagt yður, hvað mér sýnist, en þér ráðið hvort þér fylgið því".

Adela samþykkti þessa uppástungu með ánægju.

Það var afráðið, að Körn skyldi fylgja Adelu og Nani til Wien, til þess að mæla með henni við próf. Max og heyra álit hans um rödd hennar.

Adela var í nokkrum efa um sönhæfileika sína, en Körn hughreysti hana.

"Ég skal ábyrgjast yður, að þér verðið með tímanum nafnkunn söngkona", sagði hann, "ef þér að eins eruð iðnar og ástundunarsamar".

Adela brosti dálítið biturt.

Hún hafði meira en eina ástæðu til að keppa upp á við. Ekki eingöngu vegna metorðagirndar, ekki eingöngu til að sýna ættmennum manns síns hvað hún gæti, varð hún að keppa áfram; hún hafði líka skyldu

að gæta, fyrst og fremst að sjá um framtíð sína, og svo varð hún að hugsa um aðra, litla persónu, sem eun var ekki búin að sjá ljós dagsins, en sem að nokkrum mánuðum liðnum mundi gera harðar kröfur til hugrekkis hennar og ástar.

Að fjórtán dögum liðnum var alt búið undir burtför Adelu.

Áður en hún færí, áleit hún skyldu sína að kveðja einn nemenda sinna, unga samsöngsstúlku í tónleikaflokk leikhúss nokkurs, sem gerði sér vonir um síðar meir, eins og Paulina Lucca, að vindu sér út úr hópi samsöngsmeyjanna upp í sæti æðstu leikhússöngmeyjarinnar. Vegna þessa var hún ein af kappsömustu nemendum Adelu, dálitið léttuðug en hjartagóð. Adela lagði einnig mikla rækt við að gera hana sem fullkomnasta í söng. Nafn stúlku þessarar var Rosca Minona.

Þegar Adela kom til hennar, var hún í klæðnaði samsöngsmeyja, og ætlaði að fara að skifta um föt. Undir eins og unga stúlkan heyrði, að hún varð að missa Adelu, greip hana örvilnan, þó tókst Adelu að hugga hana með því, að lofa að heimsækja hana, þegar hún kæmi aftur.

Adela var sjálf dálitið hnuggin á heimleiðinni, en ferðahugurinn fékk brátt yfirhönd.

Ferðin gekk eins vel og mögulegt var.

Körn forsöngvari var kyr í Wien þangað til hann var búinn að útvega Adelu góðan bústað, og Matr próf. búinn að reyna rödd hennar.

Prófessorinn sagði:

"Ef alt gengur vel, mun þessi unga stúlka að svo sem tveim árum liðnum gera heiminn hissa. Það er langt síðan ég hefi heyrt jafn góða rödd og hennar".

Ánægður yfir framkvæmdum sínum sneri Körn aftur til fæðingarstaðar síns.

Þegar þangað var komið, fór hann að finna Horn

lögmann, samkvæmt beiðni Adelu, og tjáði honum að Adela væri farin úr borginni fyrir óákveðinn tíma,

Lögmaðurinn sagði hinni drambsömu frú Heideck frá burtför Adelu.

"Ég vona, að hún komi aldrei aftur", sagði tilfinningarlausa konan, "ég vona, að hún verði að engu í einum eða öðrum afkima heimsins".

Lögmaðurinn ypti öxlum.

Það var sjánlegt, að hann var ekki á þeirri skoðun, að Heidecksættin slyppi við Adelu með svo hægu móti.

## *Arnljotur B. Ólson*

---

### 4. KAPÍTULI,

Tveir erfingjar.

---

Valdimar Heidec var kominn aftur úr ferðalagi sínu ásamt ungu konunni sinni.

Oit voru ungu hjónin á samkomum heldra fólksins, og að ytra álití virtist Valdimar vera umhyggjusamur eiginnaður. Þó kviknaði brátt sá orðrómur, að ekki mundi alt vera eins og æskilegt væri, en hvað an sá orðrómur kom, vissi enginn.

Hefði þerna frú von Heidecks viljað, gat hún frætt menn um, að þetta sundurlyndi hjónanna byrjaði daginn eftir að þau komu heim, þá fann frúiú á borðinu hjá sér bréf með mynd, sem orsakaði það, að hún fíll í dá. Enginn var til staðar nema þernan, og þegar frúin rankaði við sér aftur, bannaði hún þernunni að minnast á þetta, og hún hefði líka harla

litið getað sagt, því hún vissi ekkert um þetta annað en að myndin var af von Heideck. Sama daginn heyrði hún ljónir rífast, en vissi enga ástæðu til þess Gamla frú von Heideck var allforvitin um gremju þá, sem hún sá í andlit tengdadóttur sinnar, en sonur hennar reitaði að vita nokkurn hlut um það.

"Pér skjátlar, mamma", sagði hann, "á milli Ernu og míni er enginn misskilningur".

"Ekki trúi ég því, sonur minn, ég sé gremjuna svo greimilega í andliti hennar og hún er orðin kærlaus gagnvart þér. Gættu þín, að aðrir sjái ekki það saman".

"Ég skeytti því engu, mamma. Við Erna skiljum hvert annað. Gerðu mér þann greiða, að hætta að tala um sorgir, sem ekki eru til. Ég hefi uppfylt óskir þínar og gifst ríkum tízkvennmanni — meira getur þú ekki heimtað af mér".

"Ég væri líka ánægð með það, góði Valdimar, ef þú —".

"Hvað heimtarðu fremur af mér? Ég geri skyldumina sem eiginmaður, meira getur enginn dauðlegur maður gert. Tíminn mun kenna okkur að halda betur saman. Við komum til með að skilja hvort annað. Erna er ekki frísk um þessar mundir, en það batnar, vona ég".

Móðir Valdimars vonaði, að fæðing barnsins, sem í vændum var, lagaði allar misfellur, og svo sá hún að sonur sinn hafði tekið aðvörun hennar til greina.

Stórkostlegur undirbúningur átti sér stað í Heidecks húsinu, undir þennan markverða atburð, sem í vændum var.

Það var ákveðið, að fjölskyldan færi til Fichtenau, sem Heidecksættin átti, til þess að erfinginn söl þar fyrst dagsins ljós.

Barnaherbergin á Fichtenau voru sett í notkunar-

hæft ásigkomulag, því stundin nálgædist óðum, að þeirra yrði þörf.

Nokkru áður en þetta var, sá annað barn ljós dagsins í Wien. Adela Valdaus barn var laglegur ljós-hærður drengur, sem alls ekki líktist móður sinni, en var lifandi eftirmynnd Ernst Valdaus.

Einu sinni ætlaði Nani að bera saman mynd föðursins við andlit barnsins, en þá fann hún hvergi myndina og vildi ekki spryrja Adelu um hana.

Þegar Adela sá son sinn, brutust út óstöðvandi kveinstasír hjá henni, sem gerðu alla í kring um hana hrædda. Hún var í nokkra daga svo veik, að það varð að fá læknir til hennar, en loksins sigraði hinn öruggi vilji hennar yfir veikinni.

Nokkrum vikum síðar las hún í blaðinu heiman-áð, að nýfæddur var erflingi að hinum sameinuðu Heidecks og Blankendorffs eignum.

Sama daginn skrifsaði Adela Körn gamla á þessa leið:

"Góði vinur minn!"

Nani er reiði við mig af því, að ég skuli skrifa svona snemma, þar sem ég hefi verið veik um langan tíð a, og heldur að þessi áreynsla skaði mig, en ég veit betur. Ég tel víst, að minn mikilsvirti kennari, próf. Max, muni hafa sagt yður frá fæðingu litla sonar míns. Þar eð hann er frískur, mun þetta atvik ekki hindra nám mitt til lengdar. Ég ætla að leyfa mér að kalla drenginn nafni yðar, og bið yður að vera guð-föður hans, auðvitað í fjarlægð. Læknirinn minn verður í stað yðar við skírnarathöfnina. Ég vil ekki kalla hann nafni föður síns.

Blaðið að heiman segir mér, að frú von Heideck hafi eignast son, það gleður mig.

Gleymið þér ekki að segja mér fréttir að heiman. Ég skal í staðinn segja yður, hvernig námi mínu miðar áfram. Nú verð ég að hætta. Nani stendur við

hlíðina á mér með stóra skál, sem ég á að drekka úr og hætta við skriftirnar, annars verði ég veik, segir hún. Mér líður vel hérna, þó ég geti ekki sagt, að ég sé ánægð, sárið er of djúpt til þess að geta gróið strax, en ég hefi sett starf og skyldu í stað ástar og trygðar. Verið þér nú sælir og minnist mínn. Nú á ég líka drenginn minn.

Með kærri kveðju frá mér og honum.

Yðar

Adela Valdau".

Bréfaskiftin glöddu Körn innilega.

Hann elskoði Adelu sem dóttur sína og tók innilegan þátt í kjörum hennar. Hann svaraði bréfinu strax, og sendi kæra kveðju ásamt dálítilli gjöf til guðsifjasonar síns, sömuleiðis sagði hann henni ýmsar fréttir, þar á meðal um viðhöfnuma við skírn unga barnsins á Fichtenau.

Þegar Adela las um þetta í bréfinu, datt henni í hug mismunurinn á kjörum þessara tveggja barna. Viðhafnarmikla skírnarathöfnum hins barnsins og hin kyrláta skírn síns eigin barns, og þrýsti þá syni sínum grátandi að brjósti sér.

## 5. KAPÍTULI.

Söngkonan.

Ljómandi fagran vordag nokkurn var Adela að ganga íram og aftur um einn af sínum uppáhalds gangstigum.

Gæfan var farin að brosa gegn henni upp á síð-

kastið, hún var heilbrigð og fjörug, röddin orðin skær og sterk, svo hún gat með fullkominni vissu vænst þess, að hún næði takmarki því, sem hún þráði, að verða framtíðskarandi söngkona.

En próf Max vildi hafa heiður af nemanda sínum, hann áleit að hún ætti enn eitt ár að láta líða áður en hún kæmi opinberlega fram, sagði að hún hefði tímann fyrir sér, innan skamms mundi hún uppskera nóg gull og virðingu — fyrst um sinn skyldi hún bíða, hann vildi að sigurinn væri fyllilega viss.

“Að ári liðnu”, sagði professorinn, “eruð þér að eins tuttugu og fjögura ára gömul, og þér lítið út fyrir að vera átján ára. Þér hafið langa framtíð fyrir yður, bíðið þér, barn, farið þér að mínu ráði og bíðið”.

Reinhart litli Valdau var nú orðinn 6 mánaða gamall, rjóður í kinnum og röskur eftir aldri. Hann var Nanis augasteinn og dekrað við hann á allan hátt

Adela lékk ekki að sinna dreng sínum eins mikið og hún vildi. Læknirinn bannaði henni að gefa honum brjóstið, sömuleiðis að bera hann, kraftar hennar leyfdu það ekki, hún hefði þjáðst of lengi til þess, að þau áhrif hyrri strax, og stöðug varkárni væri því nauðsynleg. Professorinn var ekki barnavinur, og kvaðst vera hræddur um að það spilti fyrir henni sem söngkonu, ef það vitnaðist að hún ætti barn, og ráðlagði henni því að koma því í fóstur.

En það mætti Adela ekki heyra nefnt.

“Ég skal í eitt skifti fyrir öll segja yður sannleikanni”, sagði hún. “Þrátt fyrir löngun mína til að verða söngkona, og öðlast það hrós og þann heiður, sem þér spáið mér, vil ég þó heldur yfirgefa þá stöðu en sleppa barninu.

Eftir þetta mintist professorinn aldrei á barnið.

Adela var erndá sorgarklædd, og professorinn gat ekki fengið hana til að hætta því. Ýmsir horfðu með-

aumkunaraugum á þessa ungu fögru sorgarklæddu konu, en Adela virtist ekki veita neinu eftirtekt.

Morgun nekkurn var Adela sem oftar að ganga fram og aftur skuggaríkan skemtistig, þá vildi svo til að hún mætti tveimur þernum, bar önnur þeirra barn, en hin sjöld og klúta. Þær voru aðkomandi og töludu sama mál og Adela, svo hún skildi alt sem þær sögðu.

"Sjáðu, þarna kemur fallega ekkjan aftur", sagði önnur, "nér þætti nærri gaman að vita hver hún er".

"Hún lítur unglega út til að vera ekkja", sagði sú, sem barnið bar. "Heldurðu ekki, að við megum setjast á þenna bekk, ég er þreytt með þetta þunga barn, og gamli kötturinn kemur líklega ekki strax".

"Já, ef hún kemur, þá lítur ekki vel út fyrir okkur að sitja, hún mundi strax segja, að prinsinn hefði orðið innkulsa. En börn verða ekki svo fljótt innkulsa, að minsta kosti ekki annara manna börn, en við skulum setjast samt, það heldur enginn út að röltu um þenna gang aftur og fram endalaust".

Adela sat einmitt á bekknum, en gerði strax autt pláss fyrir þernurnar.

"Það er þreytandi að bera börn", sagði hún, "þið þurfið að hvíla ykkur".

"Það er satt", sagði önnur, og hin bætti við:

"Og þessi drengur er líka stór eftir aldri, ég hefi aldrei séð jafn stórt barn".

"Má ég sjá hann?" sagði Adela.

"Velkomið".

Stúlkán dró blæjuna frá andliti drengsins.

"Er hann ekki laglegur, litli herrann?" sagði hún hreykin.

Adela leit á andlit þessa sofandi barns og hrökk við.

Hverjuni var það líkt?

"Hver á þetta barn?" spurði hún og stóð á öndituni.

"Frú von Heideck frá P. Við erum á ferðalagi til skemtunar".

Adela var vön að stjórna geði sínu, og því sáu stúlkurnar ekki geðshræringu henmar, þegar hún sagði:

"Ég hefi heyrt þessarar konu getið, og var í kirkjunni, þegar hún giftist. Má ég taka barnið í fang mitt? Mér þykir gaman að smábörnum. Ég á sjálf útið barn heima".

Adela var mjög föl.

Hún horfði augnablik á barnið, laut svo að því og kysti það.

"Hvaða augnalit hefir hann?" spurði hún.

Það var rétt eins og barnið skildi þessa spurningu, það lauk upp tveim stórum, bláum augum og leit á hana. Hann líktist ekki móðurinni — alls ekki.

**Stúlkurnar** röðu hissa, þær höfðu aldrei séð neinn veita litlu barni slikt athygli.

"Hann er vissulega fallegur", sagði Adela.

Hún fékk stúlkunni barnið aftur, þakkaði hentri fyrir og för.

Þegar Adela kom heim, sagði hún Nani frá því, að hún hefði séð dreng frú von Heidecks, sem ekki líktist móðurinni neitt. Að þau HeideckshjóniJ væru á ferðalagi til heilsubótar fyrir hana, og að stúlkurnar ségðu samkomulag þeirra gott.

Um jólaþeytið var litli Arthur von Heideck farinn að geta staðið sjálfur. Foreldrar hans og þjónustufólk þeirra var í höfuðborginni, til þess að taka þátt í vetrarskemitungunum. Frú Ernu hafði verið ráðlagt,

að skilja barnið eftir á Fichtenau, svo sem tveggja mánaða tíma, en hún daufheyrðist við því, og áleit díenginn eins óhultan í borginni undir sinni yfirumsjón.

En um yfirumsjón hennar gat naumast verið að tala, því hún slepti sér alveg við skemtanirnar. Maður hennar þar á móti forðaðist skemtanirnar eftir megni.

Einni sinni neitaði hann Ernu algerlega um, að fara með henni á tónleikhúsið.

“Ég skil þig ekki, Valdimar”, sagði hún, “þú kærir þig ekkert um hljóðfæraslátt lengur, sem þér þótti svo gaman að”.

“Ég er líklega að byrja að verða gamall”, sagði hann brosandi, “þegar ég kem í leikhús, gleymi ég strax hljóðfæraslætti og öllu, og gef mig að eins við mínum eigin hugsunum og draumum”.

“Hvað dreymir þig þá um?”

“Ó, — um alt mögulegt — um mínar æskusyndir til dæmis”, sagði hann með uppgerðarhlátri. “Auk þess er aldrei neytt nýtt að sjá eða heyra nú um stundir. Gömla tónleikhúsin hafa ávalt sömu mennina, sem áheyrendur eru löngu orðnir leiðir á, og sömu lögin. Nei, ég get ekki hlustað á þessar eilífu endurtekningar”.

“Máske þér líki þá betur að vera til staðar við sanisöng? Unga söngkonan, sem allir hrósa, kemur í fyrsta sinni opinberlega fram í kverð. Hún syngur, ef til vill, eittlivert af þínum uppáhaldslögum. Rödd hennar og söngur kvað vera óvenjulega fagurt. Við skulum fara þangað, góði Valdimar, þú ert orðinn of einhúalegur”.

“Ó, mig langar alls ekkert til þess, en ef þú vilt það endilega, þá vil ég ekki segja nei. Ég er nú samt hræddur um, að þér bregði í brún, allar þessar nýju stjörnur eru í reyndinni ekki himnesk ljós, heldur föln-

andi lampalog. Nú man ég að ég hefí heyrí hennar getið. Heitir hún Stern?

"Já, og af því svo mikil er um hana talað, þá er maður til neyddur að hlusta á hana, til þess að geta myndað sér sjálfstæða skoðun".

## 6. KAPÍTULI.

### Hefndin.

Söngsalurinn var troðfullur.

Blöðin höfðu básúnað hrósið um þessa ungu söngkonu, og eftirvænting almennings var á voðalega háustigi.

Erna von Heideck skoðaði þessa ungu söngkonu í gegn um leikhúskíkirinn sinn.

"Hún er sannarlega falleg", sagði hún, "og svo ung og fjörleg".

"Hvernig lízt yður á hana, Heideck?" spurði kammerherra Gyssing, sem var einn af vinum Valdimars og sat hjá honum.

Á þessu augnabliki var söngkonan að syngja "Ferðamaðurinn" eftir Schuberts, með listaföldum framburði og yndisfagurri röddi.

Heideck svaraði ekki, svo Gyssing spurði aftur.

Heideck starði á söngkonuna með því útliti, sem næstum gerði konu hans hrædda.

"Hvað gengur að yður, Heideck, þér eruð náföldur", sagði kammerherrann.

Lófaklappið og viðurkenningarópin, sem gullu við að söngnum loknum, leiddu athygli Ernu frá þessum tveim herrum.

"Mér varð ilt", hvíslaði Heideco, "ólukku hálskrampi, sem ég fæ oft, en vil ekki láta Ernu vita um, að því hún er taugaveik. Við skulum koma út, hér er svo heitt".

"Nú hvað sýnist yður svo um frú Stern?" spurði Gyssing.

"Viðunarnleg. Hún söng 'Ferðamanninn' vel".

"Það er efalaust. Mér finst ég hafi séð hana áður — hvar, man ég ekki. Ævisögu lennar heyrði ég á leiðinni hingað.

"Trúið hér ævisögum söngkvenna? Það geri ég ekki. Þær eru vanalega tilbúnar af þeim, sem fyrst kynnast hafileikum þeirra".

"Nei, þessi saga á að vera sönn, og það er eitt-hvað skáldlegt við hana. Hún kvað vera ekkja".

"Ekkja?"

"Já, hún er skjólstæðingur gamla Körns for-söngvara. Hún kvað áður hafa verið kenslukona í söng, og mist mann sinn hastarlega. Samkvæmt til-löguin Körns fékk hún tilsogn hjá ágaetum söngkennara, sem hefir gert hana að því sem hún er. Það er langt síðan ég hefти heyrft jafn fagra rödd".

Heideck brosti lítið eitt.

"Pér eruð eldmóðsmaður, herra Gyssing", sagði hann, "hafi þér ekki heyrft neitt meira um þessa söng-drottningu?"

"Ekki mikil. Hún kvað vera dýgðauðug og býr út af fyrir sig með gamalli þertu. Sér varla nokkurn mann, naumast barnið sitt".

Heidec hrökk við.

"Barnið sitt — á hún þá barn?"

"Já, svo er sagt".

"Hún lítur of unglingslega út til að vera móðir".

"Mér er sagt, að hún hafi komið barninu fyrir í fóstur, svo hún væri frjálsari við söngiðkanir sínar".

"Barnið hefir væntanlega verið byrði fyrir hana", sagði Heideck biturt.

"Nei, ekki kvað það vera, hún á að elskja það mjög innilega, en menn halda að hún hafi einhverja hulda ástæðu fyrir breytni sinni. Auðvitað kvíkna ýmsar getgátur um konur, sem eru framúrskarandi, en þetta hefir við eitthvað að styðjast, því Körn sagði mér þetta sjálfur, sem er framúrskandi hrifinn yfir velgengni frú Stern".

"Þetta er skáldlegt mjög. En nú verðum við að fara inn, ég er hræddur um, að konan mínn áliti mig hirðulausan eiginmann af því, að ég yfirgef hana svona lengi".

Frú von Heideck var í raun réttri bálreið, en þegar hún sa hið föla, trufaða útlit manns síns, hætti hún við allar ásakanir, og spurði um líðan hans með hluttekningu.

"Nú er það búið, kæra Erna mínn", sagði hann, "égg var dálitla stund hálfvesall, en nú er það búið. Gyssing hefir sagt mér ævisögu þessarar nýju stjórnuna. Hún hefir verið söngkenslukona, finst þér það ekki hversdagslegt?"

"Mér er alveg sama, hvað hún hefir verið, nú er hún fullkomin söngkona; það segja fleiri en ég. Settu þig nú niður, Valdimar, ég er hrædd um að þú verðir veikur aftur".

Íjánigar Valdimars voru heldur ekki eins hverfandi, eins og hann vildi láta konu sína halda.

Honum fanst eins og augu söngkonunnar horfðu á sig, og eins og orðin, sem hún söng, væru ætluð sínum eyruin:

"Þér ég ei reiðist, þó að hjartað bresti,  
þú ert minn horfni, fyrrum kærstur vin!"

Ég veit það glögt, þitt vil er veganesti,  
vellidán þín er að eins yfirsíð!

Ég veit að myrkur hugurinn þinn hýsir ;  
hjartað er marið sárri ángurs kvöl!

Ég reiðist ekki', en oft mig gráta fýsir.  
Aldrei skal myrkva hug þinn liðið ból".

Honum lá við að stynja hátt, en með því að  
beita öllu hugrafli sínu, heppnaðist honum að dylja  
gedshræringu sína syrir Ernu í þetta sinn.

Upp frá þessu kveldi var sigur frú Stern algerður.  
Hún var hvað eftir annað kölluð fram á söngpall-  
inn, þar sein blómum rigndi yfir hana í hundraðatali.

Hún komst mjög við, var föl og þakkaði að eins  
með fáum orðum.

Hún hélt sér fastri við handlegg Körns og sagði:

"Farið þér i burtu með mig frá öllum þessum  
manneskjum. Ég get naumast ráðið við mig. Mér  
fiust ég þurfi að opinbera það, sem hefir gert mér  
þetta kvöld svo þungbært".

"Hafðið þér ekki hátt!" hvíslaði Körn. "Þér verð-  
ið að varðveita sjálfstjórn yðar. Fyrstu reynsluna  
hafið þér staðisi ágætlega. Gefið þér ekki þessum for-  
vitnu manneskjum: ástaðu til að ímynda sér, að það  
sé annað en leikhúsgeigur, sem amar yður".

Adela brosti biturt.

"Já, ég heyrði það", sagði hún, "þeir sögðu að  
ég væri taugaveik, en það voru orð kvæðisins, sem  
hrifu mig. Þeir vissu ekki, að orð kvæðisins áttu við  
mig -- og svo -- kom ég svo --"

Körn sá, að forvitin augu hvíldu á Adelu, hann  
grcip því hendi Lennar og sagði:

"Fyrir guðs skuld, talaðu ekki! Afsakið herra-  
mínir", sagði hann við þá, er næstir stóðu; "frú  
Stern er ekki vel hraust núna, og það er síst að

undra eftir slikan sigur. Á morgun verður hún búin að ná sér".

Hann leiddi hana út að vagninum og ók heim með hana.

Nari beið þeirra í dyrunum og leiddi Adelu strax að legubeknum.

"Vesalings barnið", sagði hún, "ég hefi verið hræddari fyrir þessu kveldi, en ég get lýst. Ég var hrædd um, að hún myndi ekki endast".

"Hún var rösk og dugleg", sagði Körn, "nú er það versta afstaðið. Hjálpaðu henni í rúmið, góða Nani. Ég kem snemma í fyrramálið. Ef hún heldur heilbrigði sinni, þá brosir gæfan við henni eftirleiðis".

Það, sem Gyssing hafði sagt Valdimar um þessa nafnkuunu söngkonu, var að flestu leyti satt. Adela hafði rækt list sína betur en áður og sett drenginn í föstur. Hvers vegna hún gerði það, var það að eins Nani sem vissi — og hún vissi meira en það. Adela hafði gert hana að trúnaðarkonu sinni, og sagði henni alt eins og var, og nú var henni huggun að, að tala við hana.

Þá sjaldan að Adela sá litla drenginn sinn, tók hún hann í faðm sinn og grét lengi og biturt, svo Nani varð hálf hrædd um hana.

"Hættið þér við það, kæra frú", bað Nani innilega, "látið þér það veltast eins og það vill. Hugsið þér ekki oftar um liðna tímann".

"Nei, nei, Nani", sagði Adela með ákafa, "ég get ekki hætt við það. Ekki fyr en ég dey. Eins oft og ég sé kóruna, sem völd er að ógæfu minni, og sem var nógú osvífin að halda, að hún gæti fyrir peninga keypt heimild mína til að gremjast yfir þeim rangindum, sem mér voru sýnd, eins oft og ég sé hana, Nani, lofa ég sjálfri mér að hætta ekki fyr en ég geti hefnt mínu. Það seið ég nú ætla að gera, er að eins fyrsta

sporið. Æg ætla ekki að gefa einn þumlung eftir fyr en ég hefi náð takmarkinu".

Orðstír frú Stern sem söngkomu var nú orðinn óbisfandi, og samsöngsfélag eitt í borginni bauð henni rifleg laun fyrir að syngja þrisvar eða fjórum sinnum í mánuði, ásamt öðrum afþragðssöngvurum.

Erna von Heideck sá oft Adelu, og var hrifin af henni. Litla drenginn hennar Ernu sá Adela einnig mjög oft, einkum þegar vora tók og barnið fékk að koma eftar út.

Hún tók eftir því, að sömu þermurnar önnuðust barnið nú og í Wien. Sömuleiðis sá hún, að önnur þernar passaði barnið ekki jafnvel og Lin, sökum þess að hún þurfti oft að tala við ungan mann, sem oft var á gangi um þetta svæði. Hún huggaði sig sjáanlega við það, að það væri nægilegt, að önnur þeirra liti eftir barninu með köflum.

Stundum kom það lika fyrir, að að eins önnur stúlkanna ók barninu, og ef það kom fyrir þá trúlofuðu, heiði getað skeð að Erna, ef hún hefði vitað það, hefði ekki verið sem allra ánægðust með eftirlit-in. Við slík tækifæri ók hún barninu inn á einhvern hinna skuggaríkstu stíga, yfргaf svo vagninn við og við til að tala við unnusta sinn.

Dag nokkurn ók hin trúlofaða barninu um skemti stiguna, og í þetta sinn yfргaf hún vagninn í tíu míð útur, en svo kom hún lika hlaupandi, og sá sér tí undrunar háa, dökklædda konu sitja hjá vagninum.

"Hvað eruð þér að gera hér?" spurði hún.

Hinni varð ekki bilt við.

"Nú þessi vagn tilheyrir þá yður", sagði hún. "Þér aettuð að líta betur eftir honum. Hefði mig ekki borið að, mundi barnið hafa oltið út úr vagninum, af því önnur spennan á ábreiðunni var opin. Ef þessi fallegi hvíti búningur hefði nú orðið óhreinn".

Drengurinn var hvítklæddur, eins og móðir hans

vildi vera láta. Allstaðar voru hvítir borðar og bönd og hatturinn var tízkuskrautsins snildarverk, með ótal sjöðrum og silkilykkjum.

"Ég þakka yður", sagði þernan angurvær.

Hún hafði oft séð þessa háu konu í garðinum, og þóttist hafa veitt því eftirtekt, að það var eins og hún vildi gleypa Heideck litla með augunum.

"Ég vildi að fólk vildi að eins passa sitt eigið", hugsaði hún á heimleiðinni.

Iegar hún kom heim, fann yfirumsjónar barnaþernan alvarlega að við hana.

"Nú kemurðu aftur of seint heim", sagði hún, "ég hesi þó nokkrum sinnum sagt þér, að frúin vill ekki láta drenginn sofa-úti. Undireins og hann fer að sílja, áttu að aka honum heim".

"Pá verð ég að aka heim og heiman, því hann sofnar tiundu hverja mínumúru", sagði þernan.

Yfirbarnaþernan laut að drengnum.

"En hann er svo fólur og sefur svo fast, eins og það væri hinn síðasti svefn. Réttu mér hann hingað", sagði hún við hina þernuna.

Alt i einu sagði hún:

"Í kamingju bænum, María, hvað hefirðu gefið barninu irn?"

"Ekkert!"

"Ekkert? Heldurðu að þú sért að tala við barn, sem trúi því, að það sé eðlilegur svefn, sem barnið sefur? Þú hefir gefið honum eitthvað inn til að hafa frið fyrir honum, komdu nú strax með mér til frúarinnar, til að segja henni, hvað það er.

Árangurslaust vitnaði þernan til allra heilagra, að hún hefði hvorki yfirgesið hann, né gefið honum neitt inn, en kringumstæðurnar vitnuðu á móti henni. Barnið svaf ekki náttúrlegum svefni, og gamla barnaþernan þaut út til að segja móðurinni, hvar komið var.

Undireins og þær voru einsamlar, fór sú sem fyrir ásökuninni varð að gráta.

"Ég hefi ekki gefið barninu neitt inn", sagði hún við stöllu sína. "Mér þykir vænt um litla stúfinn, þó hann auki okkur stundum erfðismuni og óróa. Aldrei hefi ég gefið honum neitt, sem gat skaðað hann — gamla ófreskjan hefir aftur drukkið meira en hún þolir".

Tilfellið var, að gömlu þernunni þótti helzt til gott í staupinu.

Hin þernan laut nú að rúminu, þar sem drengurinn lá.

"Hann lítur undarlega út", sagði hún, "Gunnhildur gamla segir satt. Honum er þungt um andar-dráttin og vaxlitur á andlitinu".

Maria hrísti höfuðið óttaslegin.

"Hvað sem fyrir kemur, þá hefi ég ekki geáð barninu neitt inn og veit ekkert um það. Ég mætti unnusta mínum í garðinum, og talaði við hann eitt augnablik rétt hjá vagninum. Það er alt. Barninu hefir ekkert verið gefið inn, nema ef gamla nornin hefir gert það til að koma skömminni á mig".

Gunnhildur kom nú aftur í allillu skapi, frúin hafði farið til stórbúsins ásamt manni sínum, og var ekki væntanleg fyr en næsta dag, svo ekki var hægt að krefjast áhyögðar strax af Mariu.

"Ég verð að fresta, að segja frá því", hugsaði hún, "en ég skal ekki gleyma því; það má þessi óhappastelpa reiða sig á".

Þegar hún kom aftur inn í barnaherbergið, varð henni litið á hatt drengsins, sem hún skoðaði með undrun.

Hatturinn leit út fyrir að vera nýr, og þó hafði hún um morguninn, þegar hún létt hattinn á drenginn, tekið eftir því, að farið var að bera á ofurlitlu skarri hjá skygninu.

"Þetta er þó merkilegt", sagði hún, "það er sami hatturinn. Hér er rósin sem losnaði og ég festi aftur, eg hér er nafn skartsölkununar ofið í; en nýr er hann; ég þyrði að sverja, að þessi hökubönd hafa aldrei fyr bundin verið. Ég má gæta betur að hér eftir".

Og til þess, gegn vilja sínum að sanna, að orð og gerðir fylgjast ei ávalt að, tók hún rommflöskuna og helti svo miklu úr henni í teið, að hún innan skams blundaði vært, og vaknaði ekki aftur fyr en löngu eftir að háttatími barnsins var liðinn.

Hinnar þernurnar urðu því að annast um það. Enda kom það ekki að baga, því barnið svaf jafn vært og ádur.

"Hafir þú ekki gefið drengnum neitt inn, María", sagði hin þernan, "þá hlýtur einhver annar að hafa geit það. Hann er ekki vanur að sofa þannig".

"Ef engin veiki býr í honum", sagði María, "bólusóttin geysar nú svo megn, hann getur ef til vill verið sýktur".

"Væri ég í þínum sporum, María, skyldi ég fára barnið úr fötunum og baða það, þá gæti skeð að því batnaði og það yrði frískt, þegar sú gamla vaknar og ketaur".

Það var starf Mariu, að baða barnið að gömlu kouunni viðstaddir, og hin þernan hjálpaði þá til. Hún bjó til baðvatnið og lagði fram næturklæðnað drengsins, svo gekk hún til Mariu og horfði á hana afklæða hann.

Það var varla, að barnið hreyfði sig, en María starði svo forviða á það, að hin stúlkan gat ekki skilið í orsökinni til þess.

"Hvað er að? Af hverju ertu svona? Heldurðu að nokkur hafi gert honum mein?"

"Nei -- nei -- það er ekki það".

"En hvað er það þá? Þú sýnist vera ðauð-hrædd?"

"Ég er það lika, ég er svo hrædd, að ég held ég deyji af hræðslu".

"Deyjir af hræðslu! Guð minn góður, hvað er það þá?"

Hina svarið hennar var, að hún slepti drengnum, sem hefði dottið á gólfíð, ef hin hefði ekki samstundis gripið hann.

Hún stóð með barnið í fanginu og starði ráðalaus á Mariu, sém engdist sundur og saman eins og hún hefði krampa, og orgaði svo hátt, að Gunnhildur kom þjótandi inn, blóðrjóð í framan, og sagði:

"Hvaða hávaði er þetta? Hvað ert þú að gera með barnið, Súsanna? Legðu það strax niður."

"Það var ekki ég, sem hávaðann gerði, ungfrú, það var Maria, hún segist vera veik og verða að deyja".

"En það bull. Hvað er að henni?"

"Ég veit það ekki. Hún sá undir drengnum og horfði svo undarlega á hann, þangað til hún fór að hljóða hästöfum. Og, sjáið þér nú drenginn, ungfrú, hann horfir svo undarlega í kringum sig og virðist ekki vera vel frískur".

Drengurinn var nú vaknaður og orgaði afskap-lega, hann reyndi hvað hann gat, að losast úr faðmi Súsönnu.

"Fáðu mér hann", sagði Gunnhildur reið, "og heltu úr vatnsglassi yfir höfuðið á þessum heimsk-tingja. Það mun gagna henni".

Hún tók drenginn, sem orgaði enn hærra hjá henni en Súsönnu.

"Hvað gengur að stráknum?" kallaði hún, hann er orðinn vitlaus. "Guð almáttugur", ætti hún, og

varð eins föl og rauða andlitið hennar gat orðið, svo Súsauna hélt að hún mundi falla í dá eins og María.

Gunnhildur áttaði sig strax, en var jafn föl sem áður. Svefnaukandi áhrif tesins voru horfin.

“Þvoðu horum og klæddu hann svo”, sagði hún við Súsonnu, “eis farðu varlega”.

“Já, ungírú”.

Súsauna varð hrædd af að horfa á hana. Reiðin í andliti Gunnhildar var horfin, en í hennar stað var kominn megn ótti.

Maria var ögn að jafna sig, en stundi enn þá þungan.

“Statt'i upp”, sagði Gunnhildur hörkulega, “vertu ekki með nein skrípalæti. Komdu með mér í mitt herbergi, ég þarf að tala við þig”.

Maria reyndi að standa upp, en féll aftur á bak í stólnum, hálf meðvitundarlaus.

Gunnhildur skvetti vatni framan í hana.

“Komdu ní strax”, sagði hún, “þú færð nægan tíma til að falla í dá, þegar ég hefi talað við þig og lögreglan hefir tekið við þér”.

## 7. KAPÍTULI.

Hræðsla ungírú Gunnhildar.

Með hálfgerðu valdi dró Gunnhildur Maríu með sér inn í sitt herbergi og læsti því.

“Segðu nú frá öllu áður en ég sendi boð eftir lögreglunni, hvað hefir þú gert?”

Stúlkau fél! á kné grátandi.

“Ekkert, það get ég svarið, ekkert”, sagði hún, “annars mætti ég vera trufluð — ó, guð! hjálpaðu mér, aumium vesaling”.

“Stattu upp”, sagði Gunnhildur hörkulega, “ef þú getur ekki staðið, þá sittu”.

Hún ýtti henni ilskulega ofan á stólinn.

“Segðu mér nú alt, sem skeð hefir, frá því þú fórst og þangað til þú komst aftur”.

Stúlkau hafði ekki frá mörgu að segja. Hún hafði ekki barninu hingað og þangað, svo mætti hún unnusta sínum af tilviljun, og talaði við hann í tvær minútur í lengsta lagi. Kvaðst alt af hafa gætt vel að barninu, — þér getið látið kalla á unnusta minn, ef þér ekki trúið mér.

“Nei, ekki vil ég það. Ég er sannfærð um, að þessi unnusti þinn tilheyrir þjófafélagi, og að þú ert í sambandi við þá. Nú veistu mína skoðun. Ég sé engin önnur ráð, en að senda strax eftir lögreglunni — það verður óumflýjanlegt”.

Maria hljóðaði hátt við hugsunina um lögregluna.

“Æ, nei — í guðanna bænum, gerið þér það ekki, elsku, bezta ungírú Gunnhildur. Finnið þér einhverja aðra aðferð. Ég hefi sagt yður hreinan sannleika”.

“Þó ég vildi þegja um það, hvérnig eigum við að þegja um það gagnvart frúnni?”

“Ó, reynið þér það, reynið þér það, elsku, bezta ungfrú —”

“Hún saknar þess, Maria. Ef hér væri að tala um nýjan klæðnað, eða eitthvað annað, sem mögulegt væri að bæta úr, kynni ég máske að þegja — en þenna ómetanlega menjagrip ættarinnar — pessa innadalu, hröttóttu gullhnappa”.

Á meðan á þessu stóð, var Súsanna búin að koma

dreugnum í rúmið, en hann vildi ekki þegja, heldur orgaði og orgaði unz hann sofnaði eðlilegum svefn af áreynslunni.

“Ég skil ekkert, hvað að barninu gengur”, sagði hún hugsandi. “Honum hefir þótt vænt um mig og vildi vera hjá mér, en nú finst mér hann ekki þekkja mig. Eittthvað gengur að honum. Guð veit, hvað frúin kann að segja um þetta alt saman”.

Hún var búin að taka til í barnaherberginu, þegar María kom aftur grátandi, en hún sékk ekki annað að vita hjá henni, en að skift hefði verið um kjóla drengsins, og þessi kjólinn væri að öllu óvandaðri, og svo vantaði gullmenið. Þetta gullmeni var merkur gripur, frá dögum langömmu frú Ernu. Það var búið til úr óholum gullhnöttum á stærð við baun, sem stækkuðu því meir sem neðar dró og nær miðju mensins, svo að þeir stærstu voru á hálsinum framanverðum. Þrátt fyrir þyngskin, varð barnið ætíð að bera menið, því Lína áleit, að meninu fylgdi gæfa, — en nú var það horfið, horfið ásamt kjólnum.

Það leit út fyrir, að Gunnhildi væri runnin reiðin, því hún bauð þernunum að passa barnið meðan þær færð ofan að sækja kveldmatinn, og sagði þeim ekki einu sínni að flyta sér.

Þegar hún var orðin ein eftir, lokaði hún dyrunum og gekk að rúmi drengsins.

Hún lyfti ábreiðunni til hliðar, færði drenginn úr náttklæðunum og skoðaði kroppinn nákvæmlega, hún opnaði munrinu og leit á tennurnar og lypti upp augnalokunum til að sjá augnalitinn. Drengurinn vaknaði og orgaði hátt, en af því barnaherbergið var afsíðis, þá heyrði það enginn, enda ætlaðist Gunnhildur til, að hann vaknaði, svo hún gæti heyrt rödd hans.

Svo klæddi hún hann aftur, setti hann á kné sér og lék við hann.

Drengurien var nú orðinn rólegur.

"Enginn blettur, ekkert sjáanlegt að honum að finna", tautaði hún. "Tennur, hár, augu, alt er það sama. Hvað þýðir þetta? Hvað hefir komið fyrir barnið eða augu okkar? Mér liggur við að halda, að hér séu galdrar bak við, eins og þernan segir. Bara að frúin yrði nú lengi í burtu í þetta sinn, svo við fengjum menið aftur. Þetta er sem vondur draumur, — þegiðu, litla tröll, orgaðu ekki svona, það gerir þér enginn neitt ilt".

Hún hafði aldrei talað þannig við litla erfingjann að mikla auðnum — hvað meinti hún með þessu? Hvers vegna breyttist framferði hennar við barnið þannig? Hún gat ekki skilið það, hún var viss um, að eitthvað hafði komið fyrir barnið, sem hún gat ekki skilið. Hún gekk hratt aftur og fram um gólfid með drenginn organdi, og reyndi af alefli, að þagna niður í horum grátinn, en árangurslaust. Drengurinn hafði oft brost við henni, en nú leit út fyrir, að hann þekti hana ekki. Loks fór hún að syngja vögguvísu, og við það kyrðist drengurinn, hann virtist kannast við hana. Húu söng hana aftur og aftur, þangað til hana loks lagði hendur um háls henni og sofnaði.

## 8. KAPÍTULI.

## Óðalshöfðinginn.

Körn gamli forsöngvari var hugsandi um Adelu.

Hún var föl og þreytuleg, svo Körn bað hana að vera yarkára, hann kvaðst viss um, að hún skaðaði sjálfa sig með of mikilli áreynslu og lestri.

“Það gengur ekkert að mér”, sagði Adela, “ég hefi að eins sofið illa í nótt”.

Í þessari svipan kom Nani inn.

Adela þaut á móti henni í mikilli geðshraeringu.

“Ertu loksins komin, Nani! ”kallaði hún, “égg hélt þú ætlaðir aldrei að koma. Hvar hefirðu verið?

“Í heimsókn, frú. Góðan dag, hr. Körn”.

“Í heimsókn! — hvar? — hjá hverjum?” spurði Adela áköf.

“Í húsi hr. vor. Heidecks”.

“Þar — hvaða erindi áttir þú þangað — hvað vildi það þér?”

Nani sá, að Körn horfði undrandi á Adelu.

Hún flýtti sér að beina eftirtekt hans að öðru, og gaf Adelu um leið bendingu um að vera róleg.

“Húsmóðir mína ber mikla umhyggju fyrir frú von Heideck”, sagði hún, “líklega síðan hún var við hjónavígslu hennar.

“Já, égg veit það”, sagði Körn hikandi, “en það er svo langt síðan, að húsmóðir yðar hefði getað verið búin að slá því úr huga sér. Það eru sum atvik bezt geyind á þann hátt”.

Adela brosti beisklega.

"Þér skiljið mig ekki, góði Körn minn", sagði hún, "þér skiljið þetta ekki af því þér eruð karlmaður. Við konurnar sláum sjaldan nokkru úr huga okkar, og þessa hjónavígslu vil ég munna. Alt var svo viðhafnarmikið, brúðurin fögur, brúðguminn tígulegur. Haltu áfram, Nani, hvað vildi Heidecks fólkis þér?"

"Í byrjuninni var ekki gott að átta sig á því", sagði Nani, "ég var að röltu fram og astur um garðinn mér til heilsubótar, samkvæmt ráðleggingu yðar, þá kom alt í eina ung þerna þjótandi til míni, og bað mig í kамиugju bænum að koma heim með sér og bera sér meðvitni um, að hún hefði ekki yfirgefið barnið, sem hún átti að passa, ég held hún hafi sagt, að einhverju hafi verið stolið frá sér — eða því um líkt; ég skildi það ekki til hlýtar, en þar eð ég hafði talað við hana daginn áður og setið litla stund hjá vaginum, þá vildi ég ekki neita beiðni hennar um að bera það, að engu hefði verið stolið á meðan, og fór ég svo heim með henni".

"Sástu barnið — litla drenginn?".

"Nei, en ég heyrði til hans. Hann getur orgað eins og börn fátæklinga".

"Vesalings litla barnið!" ságði Adela með skjálfandi röddu. "Og frúin hefir væntanlega verið á ferð úti á landi".

"Já, ég heyrði þær segja, að hún hefði ferðast til óðalseignarinnar".

"Hvernig var umhorfs í barnaherberginu? Hvernig var barnaþernan í hátt?" spurði Adela svo fortvnislega, að Körn varð hissa.

Hann horfði fast á Adelu, sem stóð með blikandi augu og kinnar, rauðar af æsandi geðshræringu.

"Eruð þér svona hrifnar af börnum annara manna?" spurði hann.

"Við konurnar höfum eðlilegar tilhneigingar til barnanna, hr. Körn".

"En það lítur út fyrir, að þessi tilhneicing sé ekki til staðar, að því er snertir yðar eigin son", sagði Körn alvarlegur, "hvernig líður annars litla drengnum. Það er langt síðan ég hefi séð hann".

Adela laut hálf vandræðalega ofan yfir móturnar sínar.

"Litla Reinhhardt líður vel", sagði hún, "en talið þér ekki meira um hann í dag. Ég þoli það ekki".

"Og hvers vegna ekki?"

"Ef því mér þykir leitt, að geta ekki haft hann ljá mér, en ég get það ekki. Ég má ekki taka hann fram yfir list mína. Þegar ég hefi náð takimarki mínu, þá fyrst get ég skrátt athygli mínu. Við skulum ekki tala meira um drenginn minn, sem ég hefi orðið að senda buri".

"Guð miun góður! Og hvert?"

"Ó, ekki langt, að eins til P., á næsta landi. Ég varð að gera það; barnið var vesælt, það skorti sveitaloftið. Það var orðið fölleitt hér inni i bænum. Ei það ekki satt. Nani?"

Nani tárfeldi.

"Jú, frú. En þar sem litli drengurinn er núna, þar líður honum vel. Nú skulum við hækta að tala um þett; við hana, hr. Körn", sagði Nani lágt, "hún hefir liðið nóg fyrir það, sem hún hefir gert, blessuð frúin".

"En hvað hefir hún þá gert?" sagði Körn við sjálfan sig á heimleiðinni, "hún leynir mig einhverju. Ég verð að iara og sjá litla drenginn hið allra fyrsta"

Nani sagði Körn, hvar drenginn væri að finna, svo hvern fór og heimsótti hann þegar hann átti frídag.

Drengi n fann hann í litlu, laglegu húsi, hjá góðlegri og glaðlyndri konu, og var hann frískur og fjör-

legur. Þó virtist horum barnið vera nokkuð breytt. Það var ekki eins glaðlegt og áður, hafði ekkert stækkað og augun sljó eða daus.

Hann setti drenginn á hné sér og dekraði við hann, en drengurinn sýndist ekki kannast við hann.

"Vesalings litla stífrið", hugsaði hann, "yfir tilveru þinni hvílir dímt ský. Ég er hræddur um, að mióðirin elski ekki þetta litla barn, eins og hún ætti að gera, þrátt fyrir það, hvað góð manneskja hún er. Það er ef til vill endurminningin um föður þess og ættingja hans, sem hamstrar henni frá að þykja vænt um drenginn. En hvað hann er likur föður sínum! Mér finst hann líkjast honum meira og meira því oftar sem ég sé hann. Guð veit, hvort þetta attarmót verður þér til gagns eða ógagns, litli maður".

Hann kysti á enni barnsins og fékk fóstru þess það aftur.

Frú Erna Heideck hafði orðið innkulta á ferðalaginu, og neyddist því til, að dvelja lengur á óbalsjörðinu, en hún i fyrstu ætlaði.

Undir eins og hún kom heim þaut hún inn í herbergið til að sjá augastein sinn.

Drengurinn hafði aldrei verið frísklegri en nú, augun grísluðu af fjöri og mikill roði í kinnunum. Hún tók hann í fang sér og þrýsti honum að brjósti sinu.

En drengurinn orgaði og reyndi alt hvað hann gat, að losna úr faðmi hennar.

Frú Erna var alveg hissa.

"Hann hefir gleymt mér", sagði hún hnuggin, "ó, góði drengurinn minn, hefi ég verið of lengi í burtu frá þér?"

Gunnhildur tók við barninu til að hugga það.

"Það eru ræunar liðnir dálitið fleiri dagar núna síðan hann sá yður, en venja hefir verið, náðuga frú", sagði hún, "og litli, góði drengurinn hefir heldur ekki verið vel frískur alt af, eins og ég skrifsaði yður. En þetta liður strax hjá, eftir fáar mínútur er alt gott aftur".

Hún settist með barnið við hliðina á frú von Heideck, og að fám mínútum liðnum var litli herrann svo miskunusamur, að leyfa móður sinni að taka sig. Hann brosti að gullkeðjunni við úrið hennar, sem hann lék sér að, en ekki framan í móðurina.

"Börn hljóta að hafa slæmt minni", sagði móðirin og stundi við, "það lítur út fyrir, að hann þekki mig ekki".

"Jú, það gerir hann, náðuga frú", sagði Gunnhildur, "annars hefði hann ekki viljað fara til yðar aftur".

"Ég hélt hann mundi verða seginn að sjá mig aftur, en í þess stað er hann feiminn og hræddur, og það var hann ekki einu sinni gagnvart ókunnugum".

"Það orsakast líklega af tamtökunni", sagði Gunnhildur, "hann er orðinn svo viðkvæmur síðan".

Þessa skýringu varð frú von Heideck að láta sér nægja, enda þótt hún með sjálfri sér þættist sannfærð um, að eitthvað annað og meira hefði komið fram við barnið, heldur en þær vildu segja henni.

Maður hennar hló að henni og kallaði þetta í-myndun, en karlmenn þekkja ekki smábörn eins vel og kvennfólk, eirkum ef það eru mæður.

"Þú ert of kvíðandi, góða míð", sagði Valdimar, "það er líklega eins og læknarnir segja, að það kemur kyrkingur í smábörnin, þegar þau verða veik. Sannaður til, litli karlinn fær alla sína djörfung aftur.

Hann er að sjá hraustur og fjörugur og ósvikinn Heidecker".

Já, það var hann.

Reglulegur Heideck frá toppi til tár, og þó var eitthvað í litla andlitinu, eitthvað við hann allan, sem faðir hans skildi ekki.

Áður hafði hann líkst móður sinni að vissu leyti, ekki í andlitinu, heldur í augnatillitinu og ýmsu láttæði, sömuleiðis brosunum, en nú var þessi ættarsvipur horfinn, og að því er Valdimar sýndist, annar ættarsvipur kominn í staðinn, sem vakti hrylling hjá honum.

Móðirin gat ekki séð þetta.

Það gladdi hana, að barnið líktist föður sínum æ meira og meira, eftir því sem tímarnir liðu, hana grunaði ekki, að drengurinn vakti alloft sára hugarkvöl hjá föður sínum, án þess hann gæti fundið ástæðuna til þess.

## *Arnljotur B. Ólson*

---

### 9. KAPÍTULI.

#### Auður og aðall á boðstólum

---

Tíminn eyðir öllum áhrifum, og fám vikum síðar hugsaði Erna Heideck ekkert um hina ókunnu tilfinningu, sem greip hana við að sjá barnið eftir löngu burtuveruna. Drengurinn fékk stöku sinnum tannkrampa, en að honum afstöðnum dafnaði hann ágætlega vel, varð svo frískur og fjörugur eins og framast var unt að óska sér.

Grátandi hafði María sagt húsmóður sinni frá hvarfi mensins, og fyrirgaf frú Erna henni það. Frú Erua var góð kona, sem ekki vildi gera þernu sína, er að öðru leyti var dygg og áreiðanleg, ógæfusama, fyrir ef til vill lítilsvært skeytingarleysi, og taldi þess utan vist, að þetta mundi gera hana eftirlitsbetri um ókomna timann. Þó áleit hún rétt, að gera eitthvað í því skyni, að geta fengið menið aftur, og tilkynti því lögreglunni um missi mensins, en enginn hafði neitt um það heyrt. Lögreglustjórinn hélt, að það miðudi strax hafa verið brætt, þareð óliklegt væri að sá, sem hefði fundið það, hefði þeit fornmenjagildi þess. Ef það kæmi fyrir, skyldi það verða sent þeim hjónunum.

Eg er hræddur um, að útsaumskjólinn komi ekki til skila", sagði lögreglustjórinn, — "þetta mál-efni —"

"Finst yður jgfnmikil gáta og mér", sagði Valdimar Heideck, "sannast að segja, þá trúi ég þessari sögu ekki, annaðhvort er það ímyndun eða uppspuni ír þernunni, sem hefir týnt kjólnum. Nú um stundir stela menn ekki kjól af kroppnum á litlu barni um hábjartan dag, og það i tíðsóttum skemtigarði. Stingið hér þessi málefni undir stól".

Málefni þetta var þannig látið afskiftalaust. Gunnhildur ergði sig yfir því, að hún fékk áminningu um, að vera eftirlitssamari framvegis, eins og hinrar þernurnar. María var sannfærð um, að hér voru galdrar í spilinn.

Það leit út fyrir, að Valdimar Heideck hefði fengið óslökkvandi viðbjóð á hinni nafnkunnu söngkonu, frú Stern, því hann var ófáanlegur að vera til staðar á heim samkóumum, þar sem hún söng.

Frú Stern vann hvern sigurinn á fætur öðrum. Hún var frískari og leit betur út nú, en áður. Framkoma henrar var tíguleg og yndisleg, og ánægjan yfir

hepninni, ásamt áhrifum þeim, er efni kvæðanna, sem hún söng, höfðu á hana, gerðu sitt til að láta hana sýnast yngri og fegurri nú, en áður en hún ól litla drengirn sinn.

Þegar hún var ekki á söngsamkomu í húsinu, hafði fegurð hennar enn meiri áhrif. Dimma, bitra útlitið, sem áður var yfir svip hennar, var horfið, og i þess stað sást ánægja og gleði. Almennihgur vissi nú, að frú Stern var ung ekkja, og ótal getgátur. Línuðu um það, hvernig framtíð hennar mundi verða.

Aftur og aftur fuiti orðrómurinn nöfn ýmsra manna í samband við nafn söngkonunnar, og lok kom að því, að hann hafði rétt fyrir sér. Ungur að alsmaður, nýlega orðinn fullveðja, eigandi mikilla auðæfa og margra stórarða, sem augu margra mæðra rendu vonargeislum að, sá Adelu, heyrði hana syngja - og fékk ást á henni.

Adela þurfti ekki annað en rétta fram hendina, til að grípa eitt af hinum allra beztu númerum lífsklutaveltunnar.

Þó undarlegt sýnist, þá slapp Valdimar von Heideck ekki hjá því, að vera nefndur í sambandi við hina ungu söngkonu. Einmitt af því, að hann við sér hvert atvik forðaðist hana, og kom aldrei þangað sem hún söng, vakti hann grun vina sinna á sér, og þareð því að hinu leytinu var haldið fram, að frú Stern væri æfirlega tilbúin að breyta umtalsefminu, ef það snerti Valdimar að einhverju leyti, þá fullviss- aði það almenning um það, að þau hefðu kynst meira en þau vildu viðurkenna.

Nú fékk almannarómurinn vængi; sumir sögðu, að hún hefði yfirgefið hann, aðrir, að hann hefði yfir- gefið hana. En um það kom öllum satman, að frú Stern væri hefðarkona með alveg óaðfinnanlegri hegðun, og að hún ætti í alla staði skilið að njóta þeirr-

ar aðdáunar og tilbeiðslu, sem hinn ungi, myndarlegi barún Carl von Lebau veitti henni, og að hún, nær sem hún skifti um nafn sitt og hans, myndi njóta aí menntar samhygðar.

Eins og áður var sagt, var Carl barún nýlega laus við umsjón fjárhaldsmanns síns.

Móðir hans dó þegar hann fæddist og faðir hans tóu áruin seinna. Fjárráðamaður hans var samvizkusamur maður, sem lagði alt kapp á, að fá skjólstæðing sinn sem bezt uppalinn, og þó einkum að sálaröfl hans og lifsskoðanir væru skynsamleg, hrein og óflekkud, svo hann væri sem bezt hafur til að taka á móti og stjórna eignum sínum, þeim er hann tók að erfðum eftir sinn mikilsvírta framliðna föður. Flekklaus, frjálslyndur og alúðlegur tók hann þátt í samkvæmislífiu. Fjárráðamaður hans hafði sagt honum frá ýnisura veiðibrellum, sem mæður ungra kvenna væru vanar að nota við auðug ungmenni, til að ná þeim í tengdir við sig, og því var það, að hann með glaðlegu brosi veitti öllum þeim tilraunum athygli, seni gerðar voru til að þóknast honum og veiða hann. Hann lít það ótvírætt í ljósi, að hann ætlaði ekki að gifta sig fyrst um sinn; hann ætlaði fyrst að ferðast um heiminn og skoða hann. Samt sem áður tók hanu öllum þeim stúlkum, sem honum voru kyntar, með aðdáanlegri kurteisi, sömuleiðis því, þegar vinir hans voru að lýsa fegurð og inndæli þessarar, mannúð og lundernisgæðum hinnar og auðæfum þeirrar priðju. Að hinu leytinu var sumum hallmælt, einni fyrir þetta, annari fyrir hitt. Faðir þessarar ungu stúlku stóð á völtum fótum í fjármunalegu tilliti; hin unga stúlkan var ekki af hreinum aðli; það var alræmi, að aði kennar hefði gifst ráðskonunni sinni eða eldabuskunni, og því væri ógerningur að taka sér konu af þeirri ætt.

Lebau hiustaði á alt þetta og hló.

Hann þakkaði jafnvel fyrir heilræðin, en bætti ávalt við:

"Pegar mini. tími kemur, þá ætla ég að velja sjálfur, en ég held, að það verði langt þangað til. Ég hesi ekki séð svo mikla eftirsóknarverða ást á meðal ykkar, að það flýti fyrir löngun minni að giftast".

En hans tími kom áður en hann bjóst við honum.

Hann fór á stóra góðgerðasamkomu, heyrði Adelu syngja og så hana, og um leið yfirunnu forlögin hann.

Um leið og hann leit á þessa fögru söngkonu, fann han með sjálfum sér, að hann vildi alt til vinna að eignast hana — hann vildi leggja alt fyrir fætur hennar -- nafn, stöðu og auð.

Hver sem spurði hann um, hvernig honum hefði gefjast að söngkonunni, fékk ávalt þetta sama svar:

"Ég vil giftast henni".

Margir álitu þessa yfirlýsinguna vera spaug, en þeir, seta þeit þektu lundarfari barúnsins, grunuðu hið sanna í þessum orðum, og gerðu hinum fyrverandi fjáriáðamanni hans, en núverandi vin, leyndarráði Blak, aðvart um þessi orð Lebau.

Næst þegar leyndarráðið fann barúninn, mintist hann á þetta í spaugi við hann, en varð alveg forviða, þegar Lebau í fullri alvöru lýsti því sama yfir við hann og aðra.

"Þú ert líklega að gera að gamni þínu, góði Carl miðun", sagði hann hissa.

"Nei, alls ekki, hr. leyndarráð. Það sem ég hefi sagt, það sten! ég við, nær sem vera skal. Ef þessi ástúðlega stúlka vill gefa mér hendi sína, þá er ég hjartanlega ánægður með að taka hana mér til komu. Hvers vegna horfið þér svo undarlega á mig? Furðar yður þetta? Ég varð líka dálitið hissa í byrjuninni, þegar ég varð fyrst var við þessa tilfinningu,

sem ég hafði að eins lesið um áður, en nú verður henni ekki breytt héðan af. Æg er af þeim flokki manna, sem naumast kynnið henni tvisvar”.

“Já, það getur nú vel verið, en — en — ástini dregur stuudum slæm stryk í reikninginn og veldur manni ýmsra erfíðleika. Þetta má ekki eiga sér atað. Maður af Lebau-aettinni má ekki giftast vanalegri söngkonu”.

“Má ekki? Hvernig meinið þér?

Gamli maðurinn brosti.

“Ég bið forláts”, sagði hann, “ég gleymdi eitt augnablik, að ég hefi ekkert vald yfir yður. Hér getið auðvitað gert það sem yður sýnist, án þess nokkur geti reynt að koma í veg fyrir það. En, sem gamall vinur hefi ég heimild til, að gefa yður heilræði, er ekki svo? Nú, góði Carl, farðu varlega í þessu efni, það er mitt ráð. Ég viðurkenni, að frú Stern er fögur, og ég veit það, að þrátt fyrir alt það skvaldur, ur, sem um hana gengur, þá er framkoma hennar og breytvi í alla staði heiðarleg, en af borgaraættum er hún, og ef til vill af lágt standandi borgurum. Það vita menn ekki. Þér vitið einu sinni ekki, hvort hún muni hafa sömu áhrif á yður á götunni við dagsljósið, eins og í hinum ljósum skrýdda söngsal. Þess vegna segi ég, gætið þér yðar, ungi vinur. Gætið þér yðar, það er heilræði en ekki skipun þetta.

Auðvitað leit þessi aðvörun út fyrir að koma frá reyndum manni, og leyndarráðið var líka reyndur maður — i öllu öðru en eimmitt þessu efni, sem hann nú átti við. Hann var nefnilega gamall piparsveinn, sem aldrei hafði fundið til sterkrar eða innilegrar ástar. Bók ástarinnar var skrifuð á því máli, sem hann ekki skildi, svo hann áleit þessa tilfinningu Carl von Lehaus gagnvart himni fögru söngkonu, eins konar strákapar, sem þurfti að koma í veg fyrir, af því

það bakaði hinu mikilsvírt Lebaus nafni eins konar vanvirðu, að kemast í samband við konu af borgaraættum, og það þar á ofan opinbera söngkonu. En hann fann með sjálfum sér, að hér dugði ekkert valdboð, þar sem hinn ungi maður nýlega var orðinn sjálfráður, og þó að karlinn óskáði sér, að hann væri orðinn að Austurlanda harðstjóra, til þess að geta hindrað þetta áform Lebaus, þá lét hann þessa hugsun ekki í ljósi, en kvartaði við kunningja sína um "hið heimskulega áform stóra barnsins". Kunningarnit hlóu að honum og sögðu, að honum væri best að láta þetta alveg afskiftalaust, þessi ástarblossi, sem kvíknað hefði svona skyndilega, myndi hjaðna af sjálfu sér, öll afskiftasemi væri að eins til þess að bæta olíu á eldinn. Hann kæmist að raun um það, að þessi ástaráhrif barúnsins yrðu að eins til þess, að hann klappaði í sundur tvenna eða þrenna glófa, og kastaði fáeinum blómvöndum til þessarar fögru frúar.

Við þessa hugsun huggaði leyndarráðið sig fyrst um sitn.

En barún Carl von Lebau fleygði engum blómvöndum né öðrum gjöfum til frúarinnar upp á söngpallinn, eins og aðrir gerðu, hann sendi þar á móti fögur og lifandi blóm til hennar, tind úr hans eigin blómareitum og snyrtilega bundin, svo þau báru langt af hinum blómvöndunum og visnuðu ekki strax eins og þeir.

Adela hafði oft veitt þessum fögru lifandi blómvöndum athygli sitt, sem blikuðu eins og sólargeislar innan um híná hálfvisnu, ilmlausu blómvendi.

Einn morguninn sýndi hún Körn þá og sagði um leið:

"Mér þætti gaman að vita frá hverjum þessi blómi koma, kæri Körn minn, ég þori að veðja um,

að þau eru öll frá sama manni, en hverjum, það er mér hulið”.

Elómvöndurinn, sem hún benti á, og sem lá á borðinu fyrir framan hana, var bundinn saman af ljómandi fallegum, litsterkum og ilmríkum blómum, og á hvítu blómi, sem var í miðjum blómvendinum, sat ofurlítið hitabeltis fiðrildi, kroppurinn var úr demanti, en vængirnir búrir til úr roðasteinum. Gjöfin var smekkleg og fögur, en ekki gaf á neinn hátt til kynna hver gefandinn var.

Körn horsði undrandi á þetta.

“Þetta er sannarlega fögur gjöf”, sagði hann, “það er sá smekklegasti og fegursti blómvöndur, sem ég hefi nokkru sinni séð. Honum hefir fíklega verið fleygt til yðar á söngsamkomunni í gærkveldi?”

“Nei, haun var sendur hingað. Ég er viss um, að allir þessir fallegu blómvendir, sem eru bundnir svona eðlilega, eru frá einum og sama manni, en mig grunnar ekkert um, hver gefandinn er”.

Körn leit enn einu sinni á blómvöndinn.

“Það lítur ekki út fyrir, að þessi blómvöndur sé frá neini tízkuflóni”, sagði hann, “hann er of smekklega og listalega hnýttur til þess. Ég held þér ættuð að geyma fallega fiðrildið, þangað til þér finnið gefandann. Það getur hæglega týnzt, ef það er látið ver-

Adela tók fiðrildið og geymdi það.  
þarna”.

Barún Lebau var á hverri söngsamkomu þar sen Adela söng, en gaf ekki ást sína til kynna á neini hátt.

Ást hans var sönn og alvarleg, hann elskaði konuua, en ekki söngkonuna listarinnar vegna, og hann vildi ekki vanhelga blómin, sem hann ætlaði konunni, með því að fleygja þeim til hennar í allra ásýnd, sem viðurkemmingu fyrir sönglistina.

Hann var enn ekki búinn að fá tækifæri til að kynnast frú Stern, en beið þess með ró og þolinmæði. Á meðan spurði hann sig fyrir nákvæmlega um alla hagi hennar, og þær upplýsingar, sem hann fékk um yfirstandandi tímann, voru allar góðar og ámægjulegar, það var því að eins liðni tíminn, sem var hulinn blæju. Það eina, sem hann fékk að vita um hana, var það, að hún var ekkja, sem átti lítið barn er hún hafði kominð fyrir í fóstur.

Loks fékk hann að heyra, að Valdimar von Heideck og frú Stern væri kunnug frá fyrri árum, og þareð svo vildi til, að hann kyntist von Heideck skömmu síðar, sneri hann sér í vandræðum sínum til haus.

Hann hitti hann í gildisskála nokkrum, og af því svo vildi til, að þeir urðu tveir einir litla stund, notaði hann tækifærið.

"Mig langar til að biðja yður um upplýsingar, hr. von Heideck", sagði hann.

"Ég er ávalt reiðubúinn að gera yður greiða", svaraði Valdimar alúðlega.

"Það er viðvíkjandi heldri konu".

Valdimar varð hálhissa.

"Heldri konu?" endurtók hann, "Heldri konu, sem ég þekki?"

"Án efa, að því ég hefти heyrta menn segja, að þér þektuð hana".

"Aðrir vita oft meira um okkar hagi, heldur en við sjálfir, kæri barún; en samt sem áður — hver er þessi heldri kona, og að hverju leyti viljið þér fá upplýsingar um hana?"

"Engar ákveðnar upplýsingar, ég ætlaði að eins að spyrja yður hvort — hvort þér þektuð frú Stern, áður en hún gerðist söngkona, og hvort þér vitið, hvað hún hét sem ung stúlka, í stuttu máli, hvort

þér þekkið nokkuð til hennar á umliðnum tíma".

Heideck sör að gauða eitthvað við vindilinn sinn,  
svo ekki bæri á ráðaleyssi hans.

Loksins sagði hann:

"Hefir almannarómurinn sett mitt nafn i sam-  
band við Frú Stern?"

"Já".

"Mér þykir leitt, að það er ástæðulaust, ég hefi  
ekki öðlast þann Leiður, að þekkja frúna".

"Þér þekkið hana ekki?"

"Nei, ég hefi aldrei talað eitt orð við frú Stern".

"Það bæði gleður mig og hryggir".

"Hvernig á ég að skilja það?"

"Það gleður mig, að orðrómurinn hefir nú sem  
áður rangt lyrt sér, og það hryggir mig, að ég get  
ekki lengið þær upplýsingar hjá yður, sem ég vildi fá.  
Að öðru leyti verð ég að segja yður, að sá, sem  
sagði mér, að þér þektuð frú Stern, bætti því við,  
að söngur hennar hefði lengið mjög mikil á yður, og  
frá þeirri stundu forðuðust þér hana, eins og þér  
værðuð hræddur við hana. Ég segi þetta að eins til að  
réttlæta áleitni mína".

Heidec var dálitið vandræðalegur.

"Fólkis er heimskara en maður skyldi ætla",  
sagði hann, "ég veit ekki til, að ég sýndi neina aðra  
geðshræringi en þá, sem kann að hafa leitt af söngnu-  
um — annars er mér sama um þetta. En lofið þér  
mér nú, að endurgjálda yður með því að spyrja yður  
spurningar, hr. barún: Hvers vegna er yður svo um-  
hingað um, að fá upplýsingar um téða dömu? Hafið  
þér nokkra ákveðna ástæðu til þess?"

Nú kom það fyrir barúminn að verða í vandræðum.

En það var ekki nema augnablik. Jafn rólegur og  
hann var vanur, endurtók hann áform sitt:

"Ég ætla að giftast frúnni, eða, sem réttara er,  
ég ætla að bjóða henni hendi mína".

"Hr. von Heideck fólнаði.

"Þér ætlið að giftast henni?" spurði hann.

Barúninn hneigði sig í stað svars.

"Hefi ég skilið yður rétt? Þér ætlið að giftast  
þessari konu? Þér eruð rétt kominn að því að gift-  
ast henni?"

"Onei, fjárti því. Ég meina, að mig langar til að  
fá hana fyrir konu. Nokkrir af okkar beggja kunningj-  
um, sem vissu um þrá mína, sögðu að þér þektuð  
hana, það er alt. Þér eruð fólur, er yður illt, á ég að  
kalla á hjálp?"

Heideck gaf neitandi bændingu með hendinni.

"Nei, nei, þökk — það er búið — það hefir ekkert  
að þýða. Ég fa stundum illt í hjartað, en það er nú  
afstaðið. Við skulum halda áfram með umtalsfnið.  
Er þetta ekki vogun, góði, ungi vintur minn? Haldið  
þér ekki, að betra sé fyrir yður að ferðast eitthvað  
og reyna að gleyma þessari konu?"

Barún Leabau brosti að eins, og sagði honum  
incð þeim ákafa, sem ástföngnum mönnum er eigin-  
legur, hvaða áhrif frú Stern hefði haft á hann, og  
hverjar tilfinningar hans væru til hennar. Öll hans  
framtíð — já, líf hans, væri undir því komið, að  
hann fengi að njóta hennar, hann yrði nú að láta  
kynna sig henni og fá að tala við hana, ef hann ætti  
ekki að verða brjálaður af löngun, — af þessu gæti  
Heideck skilið, að ekki væri til neins, að tala um  
ferðalag án hennar.

Heideck hlustaði á hann þegjandi.

Loks sagði nann:

"Það ætti að vera mögulegt fyrir yður að kynn-  
ast henni, eigið þér enga vini, sem koma þar?"

"Ég held það, en ég hefi ekki þorað, að biðja  
neinu að kynna mig henni".

"Ég held það yrði líka gagnslaust".

"Hvað eigið þér við?"

"Ég held, að frú Stern samþykki ekki að verða kona yðar".

"Haldið þér hún vilji ekki skifta á stöðu sinni og nafni mínu og nafnbót?"

"Ég meina það ekki þamnið — ég held, að kona þessi sækist hvorki eftir auð né metorðum".

"Haldið þér þá, að hún elski annan mann?"  
spurði Lebau náfölur.

Von Heideck hrísti höfuðið.

"Ég veit það ekki", sagði hann, "ég hefi ekki heitnild til að láta slíkt í ljósi. Reynið þér gæfu yðar, ungi maður, ég skal ekki neyða mínum heilræðum að yður. Reynið þér gæfu yðar — en leyfið mér að efast utu góða niðurstöðu".

Síðan kvöddust þeir. Heideck var sjáanlega hryggur, þegar hann tók í hendi barúnsins í kveðjuskyni.

#### 10. KAPÍTULL.

Bónorð og neitun.

Það lá heldur ekki vel á Lebau, þegar hann skildi við Heideck. Hann hafði aftur orðið fyrir mótsstöðu gegn sínu kærasta áformi, og þess vegna ásetti hann sér hér eftir, að breyta eftir eigin vild, og leita ekki annara manna ráða.

Tveim dögum síðar en Lebau hafði tekið þessa

stefnu var Körn á leiðinni heim til sín. Hann hafði verið upp í sveit, að heimsækja guðsifjabarn sitt, er nú var orðið heilbrigrt og fjörlegt, og glæddi það hann innilega. Sömuleiðis þótti aonum vænt um, að Adela lét nú sækja barnið oftar en áður, og lét sér ant um framfarir þess, enda var hún nú hætt, að horfa á barnið með hræðslu og óró, sem oft hafði hrygt gamla manni.

"Litill og laglegur karlmaður er það", hugsaði Körn, um leið og hann labbaði í hægðum sínum heim

Rétt í þessu rak Körn sig, sem var í djúpum þönkum, á unganmann, sem kom á móti honum, og einnig var hugsandi. Ungi maðurinn bað kurteislega afsökunar, og Körn svaraði jafn kurteislega, að áreksturinn væri eins mikið sér að kenna. Svo lyfti hann upp hattinum og ætlaði að halda áfram, en þá stöðvaði ungi maðurinn hann alt í einu og sagði:

"Afsakið, eruð þér ekki Körn forsöngvari?"

"Jú, það er ég".

"Fyrirgefis þér, eigið þér ekki heima hjá frú Stern?"

"Nei, ekki beinlinis, en ég á ráð yfir herbergjum í því húsi. Ég er svo lánsamur, að vera vinur og ráðsmaður þessarar nafnkunnu ungu konu".

"Þá eruð þér sá, sem getur hjálpað mér".

"Á hvern hátt?"

"Ég þrái sterklega að vera kyntur frú Stern, þó ekki í því skyni, að ég ætli að vegsama hana sem söngdrotningu, heldur sem sá, er dáist að og virðir hennar eigin persónu. — Skiljið þér mig?"

Ungi maðurinn talaði af svo miklum ákafa og sannfæringu, að Körn gerðist forvitinn eftir að heyra nafn hans og stöðu.

Hann svaraði því þægilega:

"Frú Stern vill ógjarna taka á móti gestum á sérheimili sínu, sem er henni friðhelgur staður, til þess að geta dvalið þar ein út af fyrir sig eins oft og hún vill, en eí þér viljið segja mér nafn yðar, skal ég þó spyrj, hana um það".

Barúninn tók nafnmiða upp úr vasa sínum og rétti Kfirlann.

"Ég hefi af viðsum ástæðum gert mér von um, að — að hún vild virða mig þess að sjá mig. Segið þér henni, að það sé Carl von Lebau, sem langi til að heiðsa henni".

Forsöngvarinn fór nú að renna grun í ýmislegt.

Þetta lílaut að vera sá maður, sem sent hafði blóinvendina, og sem frú Stern hafði sagt sig langaði til að sjá.

"Eruð það þér, sem hafið sent henni blómin?" spurði hann blátt áfram. "Ég meina blómin með fall-eiga fiðildini?"

Barúninn roðnaði eins og ung stúlka og leit niður feiðnislega.

Körn gamli horfði á hann og brosti vingjarnilega.

"Ef svo er, þá er vandinn lítill. Ég held að frú Stern þyki vænt um að sjá yður og þakka yður fyrir blóinvendiina".

"Eruð þér viss um það?" sagði barúninn.

"Ég er nokkurn veginn viss um það. Frú Stern hefir látið i ljósi, að hana langaði til að kynnast yður".

Barúninn varð svo glaður og hrifinn, að engum gat dulist það.

Körn horfði á hann ánægjulega.

"Hann er ástfanginn", hugsaði hann, "alvarlega ástfanginn, og þetta er ekkert tízkuflón, heldur ungur, skynsamur maður. Það gæti ef til vill orðið bezta ráðningin á öllu saman; ég held mig langi til að verða hjúskaparmiðill á ellíárum mínum. Nú, lát-

um svo vera. Nafnið hefir litla þýðingu, ef áformið er gott". Hátt sagði hann: "Hr. Barún, ég er á leiðinni til frú Stern. Ég held hún eigi ekki annrikt þenna hluta dags. Ef þér viljið verða samferða núna, þá er mér ánægja í að kynna yður henni".

Lebau tók þessu boði með ánægju, og varð gamla manninum samferða undir eins, hann gerði sér enda von um, að skeð gæti, að óskir sínar rættust fyr en sig varði.

Þegar þeir komu inn í húsið, þar sem þessi aðdá-unarverða frú átti heima, sló hjarta hans svo hratt, að hann sa að eins eins og í draumi skrautið og fegurðina í framherberginu.

Körn opnaði dyrnar að litlu gestaherbergi, sem var svo fallegt, að heldri konur gátu fundið ástæðu til að öfunda söngkonuna fyrir það.

"Gerið svo vel og fáið yður sæti", sagði hann, "ég skal láta frú Stern vita um komu yðar"

Barúniun settist á legubekk og horfði feiminn og lotningarfullur um herbergið, sem hún hafði svo oft helgað með nærveru sinni.

Hann leit á píamóið, sem var opið, og nótturnar, sem þar látu, á myndirnar og blómakrukkurnar. Hann sa, að mesti grúi af blómavöndum, sem henni höfðu verið sendir, sem viðurkenning fyrir góðan söng, látu á veggsvölum fyrir framan viðtalsherbergið, að eins ein af síðustu gjöfunum hans, ljómandi fagurt hvitt blóm, hafði verið látið í glas sem stóð á píamónu, og þannig lögð meiri rækt við það en hin.

Jetta örfaði hug barúnsins. Hann heyrði Körn kalla á Adelu, og heyrði, að hún svaraði honum neðan frá garðinum, með fallega, fjöruga rómnum, sem hann hafði svo oft orðið hrifinn af.

Enn þá liði sáein eftirvæntingarrík augnablik,

svó skrjáfaði í kvennkjól nálægt honum, og Adela kom inn urí garðdyrnar, sem voru hálfopnar.

Hún sá ekki barúninn, og sagði í þeirri ímyndun að hún talaði við Körn:

"Hyað viljið pér Júna, slæmi friðspillir? Sáuð þér ekki, að ég var með blómin mín, sem —?"

Hún hatti við setninguna og hljóðaði ofurlítið, þegar hún sá þenna unga mann innantil í herberginu.

Lebau hafði aldrei fundist söngkonan jafn fögur og nú, þegar hún var ekki í samsöngs-skrautbúnaði, heldur í óbrotnum hvítum kjól, prýddum fáeinum blómum. Fallega hárið hennar var fléttuð og vafið um höfuði<sup>n</sup>. Stráhattinn bar hun í hendinni fullan af blómum. Þannig kom hún fram fyrir hinn ungamann, sem þráði að geta kallað hana sína.

Barúninn stóð þegjandi og horfði á hana. Hann þorði ekki að ávarpa hana.

Adela varð sjálf að rjúfa þögnuma, sem var orðin all-óviðfeldin.

"Ég bjóst við, að finna Körn hérna, og kom ekki til hugar nein heimsókn", sagði hún hálf-vandræðaleg.

"Hr. Körn var líka hér áðan; frú — hann kallaði á yður, ég kom með honum —"

Meica gat barúninn ekki sagt, hann stamaði svo mikið, að hann varð að hætta.

Adela horfði hissa á hann. Hún var hissa á því, að Körn skildi koma með nokkurn mann til hennar, en þar eð hún áleit, að þetta kynni að vera maður, sem Körn ætti viðskifti við, bauð hún honum sæti.

"Ég skal strax kalla á Körn", sagði hún, "þér ætlið liklega að finna hann".

"Afsakið frú. — það var hr. Körn, sem lofaði að kynna mig yður".

Adela hló.

"Og svo lofar hann okkur sjálfum að kynnast

hvort öðru", sagði hún, "ég er þá neydd til að greiða úr vandræðunum, og verð því að spyrja: Hver eruð þér? Við hvern veitist mér sú ánægja að tala?"

Áður en barúninn gat svarað, kom Körn inn.

Adela þaðt á móti honum.

"Nú, þarna komið þér þá, slæmi vinur", sagði hún, "komið þér strax og losið mig úr þeim vandræðum, sem þér hafið stofnað mér í— ég og þessi maður þurfum nauðsynlega dróttseta til að kynna okkur".

Hún talaði glaðlega og í spaugi, til þess að rýma burt feimininni hjá unga manninum, sem hún hélt að væri listamaður eða söngmaður, en það kom til hennar fasta, að verða feimin, þegar Körn kynti henni bárún von Lebau, einn af auðugustu ungu mönnunum í borginni.

Adela roðnaði, þegar hún rétti honum hendi sína.

"Ég hesi talað nokkuð djarflega, herra barún", sagði hún, "ég vona, að þér afsakið misgrip míni. Ég hélt ég hefði alt annan mann fyrir augum mér".

Hún fann, að hönd barúnsins skalf, þegar hún tók í hana, og sú að hann rendi augunum allra snöggvast til blómsins á píánóinu, svo hin næma eðlisávísun hennar sagði henni hitt annað. Hann var þá þessi óþekti aðdáandi, sem hafði veitt henni þá hylli, sem hún gat ekki forsmáð. Nú mundi hún líka, að hún hafði séð hann á söngsámkumunum.

Þegar Körn var búinn að kynna þau, dró hann sig í hlé.

"Vesalings drengurinn", hugsaði hann, "hann er svo ástfanginn, að hann vill líklega helzt tala um sínar sakir vitnalaust.

Það leið ekki langt um þangað til Adelu hefnaðist, að eyða feimni barúnsins, með hinni óvanalegu

mælsku sinni og skemtilegu samtalshæfileikum, svo vðraðurnar urðu eiginlegri.

"Ég þakka yður fyrir blómagjafirnar, hr. barún", sagði hún, "en ég verð jafnframt að segja yður, að hinir verðmiklu gimsteinar, sem fylgdu þeim, gera þau miður hentugar gjafir fyrir mig, heldur en tilfell-ið væri án þeirra. Blóm eru mér ávalt kærkomin; gimsteinar ekki. Ég má ekki leyfa, að þér á þann hátt vekjið athygli annara á okkur. Þess vegna vil ég biðja yður, að reiðast ekki, þó ég sendi yður gimsteinana aftur".

Það var svo fjarri því, að barúninn reiddist orðum hennar, að einmitt þessi heiðarlega aðferð gaf honum djörfung til að opna hugsanir sínar fyrir henni með einföldum, óbrotnum orðum, sem komu frá hjartanu, að lýsa fyrir henni tilfinningum sínum, þrá og vonum. Hann hefði elskat hana frá því augnabliki að hann leit hana fyrst augum, og það væri sín innilegasta ósk, að hún vildi verða konan hans. Blómin og gimsteinarnir, sem hann hefði sent henni, væri ekkert, alt sem hann ætti í heiminum, auð, tign, jarðeignir, nafn og alt vildi hann leggja henni í skaut. Hann skyldi verja öllu lífi s'nu til að hlynna að henni og gera hana gæfusama, ef hún að eins vildi segja þetta stutta orð "já", og með því veita sér fullvissu um sína framtíðar gæfu.

Enda þótt Adelu furðaði ekki mjög mikil á þessari ysirlýsingu --- síðan hún var farin að njóta almennings hylli, hafði hún oft heyrt slíkar ysirlýsingar --- þá klöknaði hún allmikið yfir þessu. Enginn hafði áður látið hjartað tala jafn skýrt, enginn gefið orðum sínum jain mikil sannleiksgildi, enginn bundið lífs gæfu sína jafn fastlega við henmar.

Hún svaraði þess vegna blíðlega:

"Pér hafið veitt mér þann mesta heiður, sem karlmaður getur sýnt kvennmanni, hr. barún, og ég

þakka yður fyrir það með hreinskilinni hugsun; en það, sem þér biðjið um, get ég ekki veitt. Ég vil ekki að lífsleið yðar verði hulin myrkri, sökum snöggra áhrifa, er ég, mér óafvitandi, hefi haft á yður. Ég er ekki hæf til að vera kona barúns von Lebau".

Barúnium endurtók aftur og aftur tilboð sitt, og reyndi að fullvissa hana um, að tilfinningar sínar væru ekki augnabliks ástríður. Hann það hana að í-huga beiðni sína nákvæmlega, áður en hún neitaði henri. Hann kvaðst skyldi gera sig ánægðan með vináttu hennar, þangað til sér hepnaðist að breyta svo, að hún gatti elskoð sig, hannskyldi fullnægja öllum óskum heumar, ef hún vildi verða barúnsinna Lebau.

Tilboðið var freistandi, og fáar konur mundu hafa verið færar um að neita því.

Adela hafði heyrت talað um hinn mikla auð barúnsins, áður en hún kyntist honum sjálfum. En það var hvorki tign né auður, sem freistaði Adelu, þegar hún með leyndu andvarpi skoðaði í huga sínum tilveru þá, sem hin tilvonandi barúnsfrú ætti von á.

"Þér megið trúða mér, hr. barún", sagði hún, "ég er hrifnari og finn mér meiri heiður sýndan með tilboði yðar, en ég er fær um að lýsa, og þó get ég ekki breytt svari minu, ég get ekki tekið því! Það er ómögulegt".

"Ómögulegt? Og hvers vegna? Haldið þér þá, að þó að þér elskið mig ekki núna, að það sé alveg óriðulegt, að þér getið veitt mér ofurlitla vináttu, gert ofurlitla tilraun til að þykja vænt um mig?"

Adela brosti blíðlega.

"Það yrði naumast erfitt", sagði hún.

Og um leið bar hún vasaklútinn upp að augunum, til að þurka af þeim tárin, sem ætluðu að læðast ofan kiunarnar.

Barúrinn sá það og sagði hryggur:

"Orð míni hafa sært yður? Og þó langar mig að eins til að gera yður lánsama".

"Já, það hlýtur að gera hverja konu gæfuríka, að hljóta annað eins tilboð frá eðallyndum manni", sagði hún, "og ég er montin af því, að hafa vakið jafn hlýjar tilfinningar hjá yður. En það eru til ástæður, óhrekjanlegar ástæður, sem banna mér að hlýða á yður og sem ráða yfir hjarta mínu, enda þótt ég vildi gera það. Enda þótt ég elskaði yður með hinni aðstu og tryggustu ást, sem heima getur átt í konu ljarta, mætti ég þó ekki láta ástina ráða og giftast yður".

"Hver er þessi hindrun, sem truflar samband okkar?" sagði barúninn innilega, "er ekki mögulegt, að ryðja henni úr vegin? Viljið þér ekki segja mér hvæt hún er, svo ég geti sjálfur athugað, hvort hún ei megnug um að aðskilja okkur?"

Adela var orðin mjög föl.

"Það hafa fleiri menn en þér, hr. barún, heint þessari spurningu að mér, síðan ég varð söngkona, en ég hefi aldrei svarað henni, vegna þess ég vissi, að ást þeirra var að eins augnablikis ímyndun. En ég finn, að ást yðar er ekki af því tagi, og því skal ég segja yður það. Ég get ekki gifst yður, af því að —"

Henni fanst hún vera of veik til að halda áfram, og hefði fallið niður, ef barúninn hefði ekki gripið hana og flutt hana í legubekkinn.

"Segið þér það ekki núna", sagði hann bliðlega, "ég bið yður, að gera yður ekki ónauðsynlega sorg, — ég get fengið að heyra það seinn".

"Nei, núna", hvíslaði hún.

Síðan hvíslaði hún að barúminum nokkrum orðum, sem hann heyrði glögt, þó lágt væri talað.

## II. KAPÍTULI.

Græni fáninn vonarinnar.

Þegar Adela hætti að tala, horfði Lebau á hana með sárum vonbrigðasvip.

“Er þetta verulegur sannleikur”? sagði hann.

Adela atti erfitt með að átta sig.

Hún leit meðaumkunaraugum á barúminn, sem var náföldur, og sagði:

“Já, það er satt, — spyrjið þér hann”.

Um leið benti hún á Körn, sem var að koma inn.

Áður en haua gat spurt um hvað væri að tala, hélt hún áfram:

“Gamli viður minn, barún von Lebau hefir sýnt mér þann heiður, að leita ráðahags við mig. Hann er svo hreinskilinn í tilfinningum sínum gagnvart mér að ég áleit rétt, að segja honum ástæðuna fyrir því, að ég verð að neita tilboði hans, en hann á erfitt með að trúa þessu. Viljið þér staðfesta frásögu mína, svo að hann skilji, að ég er ekki að fara með fals. Viljið þér segja honum, að ég geti aldrei gifst honum?”

Körn horfði vandræðalega af einu á annað.

“Aldrei, er slæmt orð”, sagði hann, “en að svo miklu leyti, sem ég veit, þá er nú sem stendur þröskulđur í vegi, sem maður sér ekki mögulegt að komast yfir”.

"Sem enginn getur komist yfir", sagði Adela drembilega.

Barúninu gat ekki varist því, að reka upp sorgar-vein. Hann greip þáðum höndum fyrir andlitið, og þegar hann tók þær aftur burt, mátti sjá, að hann hafði grátið. Jafr beimni neitun hafði hamfi ekki búist við, og honum fanst öll framtíð sín eyðilögð.

Adela gekk til hans og lagði hönd sína bliðlega á öxl honum.

"Mér þykir lefft, að baka yður sorg, hr. barún", sagði hún, "en það var nauðsynin, sem krafðist þessarar breytni minnar. Gagnvart yður vildi ég ekki vera fölsk. Ef ég hefði viljað græða á ást yðar, þá hefði ég getað talað við yður tvíræð orð, dulið yður sannleikans, og gefið yður von um, að ég gæti orðið kona yðar -- þessari von hefi ég nú rænt yður — þér verðskuldið, að hafa óbundna hönd og hjarta, enda brosir blessunarríkt líf gegn yður. Þegar þér eruð orðinn gæfumáður, þá minnist þér míni. Ekki sem söngkonunnar, sem almenningur aðhyllist, heldur sem konuunrar, sem með sitt eigið sorgbitna hjarta, reyndi að lækna þá sorg, sem gripið hafði yðar hjarta".

"Lebau greip fram í ákafur:

"Ég skal alt að og endalaust hugsa um yður", sagði hann, "er það þá nauðsynlegt, að banna mér að nálægjast yður? Má ég ekki koma hér — viljið þér ekki sjá mig aftur?"

Adela hristi löfuðið sorgbitin.

"Hingað megið þér ekki koma, hvorki yðar vegna né míni, heldur vegna almenninga. Ég held við getum orðið góðir vinir, og þó verður slik vinátta til þess, að halda sári yðar lengur opnu, sem ég vildi þó að sem fyrst gæti gróið. Þér megið ekki koma hingað eu ég skal skoða yður sem góðan og eðallyndan vin, og þursi ég nokkru sinni hjálpar, þá leita ég yðar, það megið þér reiða yður á. Demanta megið þér ekki

senda mér, ég tek ekki á móti þeim, það verður að vera samningur okkar”.

“En ég get fundið yður í samkvæmum, það viljið þér ekki banna mér. Á hvaða heimili komið þér?”

“Engin”.

“Hreint ergin”.

“Jú, á eitt eða tvö heimili, þar sem tekið er á móti mér sem ekkju, en ekki sem söngkoru”.

“En viljið þér þá ekki, að ég kynni yður á fáeinum stöðum?” spurði Lebau. “Fyrir skömmu mintist ég á yður á heimili einu, og ég er viss um, að frúin þar mundi veita yður móttöku með ánægju. Það var hjá Heidecks. Guð minn góður, frú, hvað er að? Er yður að verða ilt, sagði ég nokkuð, sem móðgaði yður?”

Þegar Adela heyrði nafnið Heideck rak hún upp hljóð, og varð eins hvít og kjóllinn hennar.

“Það er ekkert”, sagði hún og átti bágt með að draga andann, “ég stakk mig á þyrni í þessari rós”.

Dálitia stund leit helzt út fyrir, að hún ætlaði að falla í dá, en með sinni yfirnáttúrlegu sjálfstjórn vann hún sigur og brosti ofurlítið.

“Hvernig atvikaðist það, að þér skylduð minnast á mig hjá — hjá þessum manni, sem þér nefnduð?”

“Ég leitaði ráða hans — nei, þér megið ekki mis-skilja mig — ég hafði heyrt, að hann þekti yður — að hann lefði þekt yður lengi — en nú veit ég að það er ekki satt, þó ég vissi það ekki þá. Hann er ávalt vingjarnlegur og kurteis við mig. Ég spurði haðn — ”

Adela greip fram í fyrir honum í æstu skapi:

“Ætluðuð þér að segja, að þér sögðuð honum frá tilboðinu, sem þér höfðuð hugsað tif að gera mér?” sagði hún.

“Já, ég sagði honum það. Ég vildi ekki, að hann

eða neinn annar skildi álita tilfinningar mínar gagnvart yður, vera augnabliks ástarblossa".

"Og hann réði yður til að biðja mínn. Hvernig gat hann verið svo djarfur!"

Barúnun varð alveg hissa á ofsanum í Adelu.

"Nei, hann eggjaði mig ekki á það, hann sagðist eimitt halda, að tilboði mínu yrði ekki tekið, og reynslan hefir því ver sýnt mér, að hann gat rétt til"

"Nú, svo hann hefir verið svo miskunnsamur, að ætla mér svona mikla sjálfsafneitun? Hann hlýtur þó að vita, að það eru til konur, sem ekki hika við að kasta frá sér endurminningum liðna tímans, þegar glæsileg framtíð stendur þeim opin. Ég get þá huggað mig við það, að hr. von Heideck álitur mig ekki standa mjög neðarlega í siðferðislegu tilliti.

"Þér þekkið þá hr. von Heideck?"

"Nei, hr. barún, ég hefi aldrei átt neitt saman að sælda við neinum með því nafni. Það getur komið fyrir að við eignum einhverntíma einhver viðskifti saman, en það verður ekki í bráð".

"Yður myndi líka konan hans".

"Ekki held ég það, við erum sín af hvoru sauðahúsi, við erum of ólikar".

"Að ytra áliti — já, en að ýmsu öðru leyti held ég ykkur svipi saman, hún er góð kona"

"Ég gæti ekki þolað það; ég mundi kafna ef ég ætti að vera undir sama þaki og hún", sagði Adela æst. "Hr. barún, ef yður þykir nokkuð vænt um mig, þá bið ég yður, að tala ekki um lánsamar konur við mig. Munið það sem ég sagði yður, og íhugið það, að það eru til orð, sem særa hjarta mitt eins og rýtingur".

Tangaspenningurinn, sem hafði þjáð hana, linaðist alt í einu, og setti þá að henni ákafan grát.

Barúninn laur að henni hnugginn mjög.

"Guð minn góður! Hvað hefi ég gert?" sagði

hann óttasleginn. "ég vildi heldur vera í þúsund mílna sjárlægð frá yður, og get ég þó einskis verra óskað mér, heldur en vera orsök í því, að þér grátið þannig":

Adela gat með naumindum þvingað sig til að brosa.


"Ég bið yður að fyrirgefa mér", sagði hún, "það er ekki yður að kenna, að ég græt, þér megið trúá því. Það var orð af tilviljun talað, sem olli því, en sem yður gat ekki grunað að hefði slik áhrif".

Barún von Lebau greip hendi hennar og kysti hana innilega.

Síðan kvaddi hann og fór, undrandi áhrif þau, er nafn Heidecks hafði á Adelu. Hann mundi nú einnig eftir geðshræfingu þeirri, sem greip Heideck, þegar hann talaði um frú Stern við hann, og þó neituðu bæði að þau þektust.

Eitthvert leyndarmál hlaut að vera hér í og með og Lebau strengdi þess heit með sjálfum sér, að hætta ekki fyr en hann findi það; hann hafði óglöggað an grun um, að það gæti orðið til þess, að hjálpa sér að nú i Adelu. Hún og engin önnur skyldi verða kona hans, því losaði hann sér á þessari hrygðarsturdu.

Á rústum fyrstu tilraunar sinnar gróðursetti hann öruggur fána vonarinnar.



## 12. KAPÍTULI.

Voðalegt slys.

---

Barúr Lebau fann Heideck fyrrí en hann bjóst við. Fám dógum eftir að hann heimsótti Frú Stern, mæltist Valdimar til þess, að hann yrði sér samfæða út á landi til skemtnunar. Lebau tók því þakksamlega, af því hann bjóst við að geta fengið tækifæri til ítarlegrar viðræðu við hann, meðan þeir riði sanihliða um nágrenni borgarinnar.

Nú var það Heideck en ekki Lebau, sem vakti máls á ástasambandi barúnsins við Adelu Stern.

Það leit svo út, sem hann af ásettu ráði leiddi samtalid að efni þessu.

“Ég gat þess við yður strax í byrjun, að ég áliti ást þessa vera æskuimyndun að yðar leyti, hr. barún”, sagði hann, “og ég spáði yður því, að þér fengjuð hryggbrot. Það eru ef til vill margir, sem álita það allundarlegt, að hún skyldi neita yður, en ég álit, að það, að hún hafnaði jafn góðu tilboði, sanni, að hún hefir gildar ástæður til að gera það”.

“Já, hún hefir það líka”.

“En þessar ástæður fáið þér væntanlega aldrei að þekkja?”

Hann horfði fast á Lebau; eins og hann væri hræddur við svarið.

"Yður skjátlar — hún sagði mér þessar ástæður"

Heideck kíptist við og var nærrí búinn að reka upp hljóð, en áttaldi sig strax aftur og sagði furðu rólegur:

"Og hver ei ástæðan eða ástæðurnar? Másker hún ætli að giftast hertoga eða einhverjum af konunglegum ættum?"

"Nei, — frú Stern hugsar ekki um að gifta sig".

EKKI? Því ætli hún vilji ekki giftast? — mintist hún á það?"

"Það er leyndarmál, sem ég hefi lofað og lagt við drengskap minn að geyma. Auk míni og þeirra tveggja persóna, sem hjá henni eru, er þekkja hugsanir hennar út í æsar, er líklega enginn sem veit, að það lisir maður, sem hefir gert hana að því sem hún er, lífsþreyttuna einstakling og ánægjulausri konu. Og ég hefi lofað sjálfum mér því, að hætta ekki fyr en ég fæ að vita, hver þessi maður er".

Heideck beit á jaxl, og lézt vera að laga beizlið á hestinum.

Svo sneri hann sér að barúminum og sagði heldur kuldalega:

"Ég vil ráða yður frá því, að hlutast til um mál esni kvenna, maður getur auðveldlega brent sig á þeim. En hvar erum við staddir núna".

Lebau leit í kring um sig.

"Ég man ekki til að hafa komið hér fyr", sagði hann.

"Þarna stendur dálitið hús í snotrum garði. Vit ið þér hvað mig langar til, Lebau? Að riða þangað og biðja um eitt glas af öli. Ég er þur í hálsinum og þyrstur".

"Mér líkar sú uppástunga vel", sagði Lebau.

Þeir riðu heim að húsinu, og þar eðr þeir sáu eng-

an, bundu þeir hestana við girðinguna og gengu inn í fremri garðinn.

Laglega klæddur lítill drengur lék sér inni í garðinum, góðleg kona, nokkuð roskin leit eftir honum.

Þeir báru nú upp erindi sitt, og kvaðst konan eiga heimabruggað ól til, ef þeir gætu gert sér það að góðu.

"Við eru nið ánaegðir með það", sagði Heidec, svo konan fór að sækja það.

Á næðan kom drengurinn alveg ófeiminn til þeirra og tók Heideck hann, setti á kné sér og spurði hann um nafn hans.

"Reia", sagði barnið.

"Reia, það er sjaldgæft nafn!"

Konan kom að í þessu með ölið, og sagði að þetta 'Reia' ætti að þýða Reinhardt.

Iebau hafði líka horft með athygli á drenginn, og begar hann heyrði, að hann hét Reinhardt, óx athygli hans.

Hann færði sig nær drengnum, sem enn þá sat á kné Heidecks, og hofði fast á hann.

"Það er undarlegt, hvað hann er líkur yður, Heideck", sagði hann.

Konan leit af drengnum á Heideck og af Heideck á drenginn.

"Það er satt", sagði hún, "þeir eru alveg eins í andliti".

Heideck var ýrður á svip.

"Tilvilmjun", sagði hann, "sem svo mikið er til af í heiminum. Eigið þér þetta barn, kona góð?"

"Nei, hann er fósturbarn mitt. Faðir hans er dáinn".

"Svo — — hvað heitir móðir hans?"

Konan svaraði ekki neinu ákveðnu. Hún vissi ekki, hvort Adela vildi að allir vissu, að hún ætti

barn, og hélt sig gera hinni nafnkunnu söngkonu greiða með því, að segja ekki hverjum sem vera vildi að Reinhardt litli væri sonur hennar.

Það sem skeði næstu mínumáttunar, gat Lebau barn um aldrei geri sér glögga grein fyrir.

Heideck hafði látið drenginn á jörðina og tekið upp budduna sína til að borga konunni ölið. Lebau horfði á blómarunn í gagnstæðri átt, svo ekkert feirra hugsaði um drenginn á þessu augnabliki.

Þá heyrðist alt í einu hljóð og dálítill dynkur, Lebau snéri sér við og sá litla drenginn liggja hreyfingarlausán fyrir aftan hest Heidecks. Hann hafði að líkendum gengið aftan að hesti Heidecks, sem sló hann í hnakkann og braut höfuðskelina, svo drengurinn dó samstundis.

Barún Lebau þaut til fóstrunnar, sem var mállaus af hræðslu.

“Hvar býr móðir hans?” kallaði hann, “við verð um á augabragði að senda henni boð”.

“Ekki hérna — guð minn góður! — hún er ekki hér — hún er að ferðast!”

“Þá símríttum við benni; hvað heitir hún?”

“Hún heitir frú Valdau, en er kölluð frú Stern — hún er nafnkunn söngkona inni í borginni”.

“Sonur hennar!” kallaði hann, “barnið hennar! Æ, ég þekki hana, góða kona, og skal sjálfur flytja henni þessa sorgarsfregn”.

Hann snéri sér við.

“Hjálpið þér mér, Heideck”, sagði hann, “að bera litla drenginn inn, og ráðstafa því sem þarf. Guð minn góður, hvað gengur að yður?”

Valdimar Heideck var orðinn náföldur, og starði eins og frávita á dauða barnið — svo greip hann með höndunum út í loftið og fóll meðvitundarlaus til jarðar.

## 13. KAPÍTULI.

Fljót ferð.

---

Það kom róg hjálpin, þó Heideck ekki gæti hjálp-að. Nokkrir af nábúunum komu hlaupandi undir eins og þeir heyrdu ópin í barninu og fóstru þess, en öll hjálp var um seinan, dauðinn var þar.

Litla likið var farið að stirðna, þegar nábúarnir tóku það úr faðmi hinnar örvilnuðu fóstru þess. Nú var ekki annað eftir, en snúa athygli sínu að hr. von Heideck.

Barúninn vissi ekki, hvernig hann átti að snúa sér í þessu efni.

“Það verður að sækja lækni, hvort sem það er til gagns eða ekki — sækjið þið strax einhvern! — nei, verið þið ekki að þreyta vesalings konuna með því að spryja hana, ég borga lækninum — hún veit einu siuni ekki um hvað hún er spurð”.

Einn nágranninn þaut af stað að sækja lækni, en annar sagði:

Já, það er engin furða þó húsfrú Brun sé ekki með sjálfri sér, hún fékk mikla meðgjöf með drengnum. Hefði hann langað til að éta gull, þá hefði henni verið sagt að gefa honum það”.

“En, getum við ekkert gert fyrir vesalings manninn, sem liggur í dái?” sagði kona nokkur.

Barúninn reyndi að reisa vin sinn upp.

"Ég vona það sé ekkert alvarlegt", sagði hann, "hann varð svo hræddur, það var hesturinn hans sem —"

"Sló litla drenginn. Já, ég veit það, og svo er hann líklega faðir drengsins þar á ofan."

Barúninn hrökk við.

"Hvernig dettur yður það í hug, kona góð?", sagði hann. "Nei, við erum báðir ókunnugir hér, hvorugur okkar hefir séð barnið áður".

"Ó, ég held það af því að þeir eru svo líkir", sagði konan.

þar sein læði andlitin nú voru hreyfingarlaus og föl, sýndust þau alveg eins að öllu leyti, en barúninn hélt það vera tilviljun.

Jegar lækmirinn kom, var Heibeck raknaður við, en hann var svo fólur og svo óttalega hræddur. Hann sagðist samt fyrirverða sig fyrir veikleika sinn, og þykja fyrir, að hann féll í dá, en slikt kæmi oft fyrir, jegar hann yrði fyrir miklum geðshræringum.

Hann vildi ekki sjá dauða barnið, það fór hrollur um hann að hugsa til þess.

"Ég get það ekki", stamaði hann, "ég get það ekki. Losið mig við alt þetta fólk, Lebau. Segið þér þeim, að ég skuli borga allan kostnaðinn, en lofið þér mér að riða heim. Ég rið heim núna strax — einsamall, heyrið þér það — einsamall".

"Þér getið það ekki í þessu ásigkomulagi".

"Jú, ég er — ég verð að vera einn, ég þarf þess. Talið þér við konuna þarna, og að því er snertir móður barnsins —"

Hann varð að hætta að tala. Stórir svitadropar mynduðust á enni hans, og það leit helzt út fyrir, að það ætlaði að líða yfir hann aftur.

Lækninum varð mjög bilt við.

"Vín!" kallaði hann, "vín eða brennivín, um fram alt, fiýtið þið ykkur".

Kona nokkur kom með sterkt brennivín í glasi og Heideck drakk það strax.

"Þér þurið ekki að segja móður barnsins neitt", sagði Lebau, "ég skal sjá um það. Ég skal segja henni frá þessi: atviki eins lipurlega og ég get".

"En ég veit ekki hvar hún er", sagði húsfrú Brun kjökrandi, "hún fór fljótlega burt, og hefir enn ekki látið mig vita hvert bréfin eiga að sendast".

"Véritið þér ekki að vandræðast um það", sagði Lebau, "ég veit það".

"Vitið þér það?" spurni Heideck.

"Já, ég veit að minsta kosti hvert bréf til hennar eiga að sendast, þar sem þau bíða þangað til hún vitjar þeirra".

"Guði sé lof! Og þér ætlið að skrifa henni?"

"Nei, ég fer þangað sjálfur".

"Án þess að vita hvar hún er?"

"Ég skal finna hana, þó ég verði að fara til heimsendans í því skyni. Ég fer af stað undir eins og búið er að koma þessu í rétt horf. Það getur ef til vill dregið úr sorg hennar, að fréttu þetta af kunnugum manni".

Það var furðu klíður svipur yfir Heideck, þegar hann sagði:

"Þér eruð eðallyndur maður, Lebau. Másko sá dagur komi einhverntíma, að Adela geti launað yður samkvæmt óskum yðar".

Það var harla undarlegt, að heyra Heideck tala þannig, en Lebau hafði allan hugann við þessar sorglegun kringumstæður, og eins hélt hann að Heideck gerði, og gaf lítinn gaum að orðum hans.

"Við skulum ekki tala og hugsa um það núna, Heideck", sagði hann, "það væri synd. Viljið þér ekki

bíða estir mér, Heideck? Ég held þér séuð naumast fær um, að ríða einn heim”.

“Jú, — jú — ég verð að fara heim. Ég verð að segja komu minni frá þessu fyrstur allra, hún má ekki fá að vita það frá öðrum fyrst. Komið þér ekki bráð um, Lebau?”

Hann gekk í hægðum sínum til hestsins síns, en hröklaðist með hryllingi aftur á bak, þegar hann sá hann.

“Nei”, sagði hann, “ég get ekki komið á bak þessum hesti oftar, ég verð að láta skjóta hann. Lán ið mér yðar hest, Lebau”.

“Velkomið. En, ég held það sé synd; að láta skjóta ‘Korsar’. Þér getið haft hestakaup á honum, eða selt hann, sé endurminningin of sár fyrir yður”.

‘Korsar’, sem var ósvikinn kyngæðingur, þefaði undrandi af fæti húsbóna síns, þegar hann sá hann fara á bæk hinum hestinum. Hann var venjulega eins hrekklaus og lamb, svo líklegt er að litli drengurinn hafi náð í taglið á honum, eða skapraunað honum á annan hátt. Hesturinn vissi alls ekki um afbrot sitt.

Heideck reið burtu, en Lebau gekk inn í húsið á-samt fóstrunni og lækninum, þar sagði hann þeim frá heimili sinu, nafni og stöðu.

“Móðir dána barnsins er bezta vinkona mínn”, sagði hann, “svo ég starfa í hennar nafni nú. Sparið þér ekki peningana. Þetta er alt, sem ég hefi hjá mér núna. Nafn mitt er ábyrgð fyrir því sem skortir”.

Hann hvoldi peningunum úr buddunni, frammið fyrir hinni undrandi húsfór Brun, sem aldrei hafði sín annað eins gullregn fyr.

“Ég get ekki verið til staðar við jarðarför ‘drengsins’, sagði hann, “ég verð að reyna að finna móðurina, svo hún geti komið nógum snemma, ef þess-

er kostur. Ég símrita undir eins og ég kem inn í borgina. Alt annað fel ég í yðar umsjá, hr. læknir”.

“Ég skal gera alt, sem í mínu valdi stendur”, sagði læknirinn, “ef móðirin kemur innan fimm daga, býst ég við hún geti fengið að sjá litla drenginn sinn”

“Svo langan tíma þarf ég naumast. Komið þér nú öllu sem bezt fyrir, sparið þér ekki peningana, Látið þér útför litla drengsins vera laglega”.

Svo fór hant. á bak á “Korsar”, og reið í hægðum sínum hein að hesthúsi Heidecks.

#### 14. KAPÍTULI.

Hraðilegt endurgjald.

Adela hafði tekið sér þessa ferð fyrir hendur, til þess að fá hvíld frá störfum sínum, og til þess að geta notið verulegrar hressingar.

Daginn áður en hún fór, gekk hún út í skemtingardínum með Nani, þangað sem hún var vön að mæta stúlkunum, sem höfðu á hendi að gæta litla Arthurs von Heidecks. Hún hafði oft í fjarlægð horft á litla hópinn, sem var umkringdur öllu því skrauti og þægindum, sem að eins auðurinn getur í té látið, og hún hafði oft dáðst að litla drengnum með rauðu kinnarnar, sem iðaði af fjöri og var svo hraustlegur.

Adela hafði áður heilsað Gunnhildi í Wien, og endurnýjaði þenna kunningsskap hér í kyrþey. Því nú var Gunnhildur, ásamt annari ungu þernunni, á-

valt með 'Monsiör Arthur', og var ófáanleg til að vaurækja þessa skyldu sína.

Þennan daginn fékk Adela líka von bráðar auga á Gunnhildi, þar sem hún sat á bekk og horfði á leik drengsins. Adela settist hjá henni og talaði við hana um stund, án þess Nani sæi neina verulega geðshræringu hjá henni, og bjóst hún þó við því og athugaði hana þess vegna nákvæmlega. Nani hafði sínar ástæður til að veita frúnni eftirtekt, þegar hún talaði við gæzlustúlkur Arthurs litla.

Adela byrjaði samtalið róleg og kurteis..

"Þér eruð yfir-barnfóstra hins litla herra von Heideck, er það ekki? Liður litla manninum vel?"

Ungfrú Gunnhildur var ávalt upp með sér af því, þegar skrautlega klætt fólk talaði til hennar, og framkoma Adelu gaf í skyn, að hún væri úr flokki he'dri kvenna.

'Ég þakka fyrirspurnina', svaraði hún, "já, nú liður Monsiör Artðhr vel aftur. Fyrir ári síðan leið houum fremur illa, hann var óánægður með alt og var talsvert vesæll, en nú er hann orðinn laglegur aftur, litli karlmaðurinn. María, komdu með Arthur litla hingað, þessa konu langar til að sjá hann'.

"Nei — nei — í guðanna bænum — komið þér burt með mér!" hvíslaði Nani hræðslulega að húsmóður sinni.

En í þetta sinn var sem Adela heyrði ekkert. Hún stóð kyr og einblíndi á drenginn.

"Móður hans þykir liklega vænt um hann?",

"Vænt um hann? Það er í rauninni alt of tilþrifalitið orð, til að lýsa með þeirri ást, sem hin náðuga fru ber til drengsins síns. Hún sér ekki sólinna fyrir honum, og hann er líka átrúnaðargoð föður síns. Ég hefi verið vinnukona í mörgum heldri manna húnum, en aldrei hefi ég séð neina foreldra elска og gera börnum sínum til geðs, í neinni líkingu við það, sein

foreldrar þessa drengs elska hann og láta eftir honum”.

Arthur litli var hér um bil þriggja ára gamall, enda horsði hann ófeiminn á Adelu, með fallegu augunum síruin.

“Kyssa Arthur”, sagði hann vingjarnlega, og rétti Adelu blómlega munminn sinn.

Án þess að vitá hvað hún gerði, þreif Adela barnið, kysti það á munnum, kinnar og enni, og grét svo ákaft, að barnfóstrurnar voru nærri dottnar í stafi af undírun.

Loksins hepnaðist Nani, að fá hana til að sleppa batninu.

Hún tautaði eitthvað um það, að hún elskaði börn svo innilega, og kvaddi svo með semingi.

Lebau barún hafði að eins fengið póstbiðar áritun Adelu til Kobленz, en hvert hún myndi fara þaðan, vissi hann ekki. En lánið var honum hliðholt. Adela kunni vel við sig í Koblenz, og var þar lengur, en hún upphaflega hafði aetlað sér.

Fjórða daginn, sem hún dvaldi þar, sat hún við að skrifla langt bréf til húsrú Brun, til þess að gefa henni áritun sína og ýms fyrirmæli viðvíkjandi litla drengnum, þegar henni var sagt að maður væri kominn, sem vildi finna bana.

Körn var ekki heima, og það var efst í Adelu að reiðast þessari óvæntu töf.

Hún krafðist þess all-harðneskjulega, að fá að vita nafn gestsins, en heyrði um leið málróum manns sem hún þekti fyrir utan dyrnar.

“Ég er viss um, að frúin veitir mér viðtöku”, var sagt bak við hina hátprúðu húsmóður, sem sjálf hafði tekið að sér, að segja frá komu gestsins, og barún Lebau kom inn í rykugum reiðfötum.

Eitt augnablik leit svo út, sem Adela væri bálreið. Hún hélt að barúninn hefði elt sig, þrátt fyrir

bann sitt, eða, að hann vildi sýna í verkinu, að hann gæti ekki án þess verið að fá að sjá sig einn einasta dag.

Hún stokkreðnaði og sagði all-ergileg:

“Hvernig komið þér hingað, hr. barún?”

“Ég kem sem óhlyðinn unglungur — ég get ekki neitað því”, sagði hann.

“En er þetta rétt? Ég fór hingað til að fá hvíld og næði, en ég býst nauðast við að geta notið þess undir núverandi kringumstæðum”.

“Haldið þér að ég myndi míni vegna vilja trufla ró yðar eina einustu klukkustund? Haldið þér að ég sé kominn míni vegna? Ég skal skýra þetta fyrir yður; setjist þér litla stund og leyfið mér að gera slikt hið sama. Viljið þér — viljið þér ekki láta gefa mér eitt glas af víni. Ég hefi hraðað ferð minni svo mikið og verið svo kvíðandi fyrir að finna yður ekki hér, að ég hefi ekki gesið mér tíma til að neyta neins á leiðinni”.

Hann var fölur og þreytulegur, svo Adela varð hálshrædd, hún hringdi því á þjón til að biðja um vín og ýtti um leið þægilegum hægindastól til hans.

Eftir litla stund virtist barúninn að jafna sig og fá sitt vanalega útlit.

“Nú, nú, þér eruð skárri sýnist mér”, sagði Adela glaðlega, “segið mér nú frá þessu markverða erindi. Er það viðvikjandi sönglistinni? Þér segist ekki koma fyrir sjálfan yður? Másko þér komið í umboði eins eða annats, sem vill bjóða mér fasta stöðu? Slik brögð eru alls ekki sjaldgæf”.

“Ég er ekki neins manns sendimaður — og þó er erindi mitt ekki mér, heldur yður viðkomandi. Ég var á leiðinni búinn að búa mig undir, hvað ég ætti að segja, en nú, þegar ég er kominn til yðar, þverr mig hug til þess”.

"Þér eigið að flytja mér einhver boð eða nýungar frá höfuðborginni? Þar er enginn, sem ég veit um, er kærði sig um að senda mér boð, eða, sem er svo ant um ruig, að þér færud að flytja mér fregnir af þeini. Og þó — drengurinn minn. — En þér þekkið hana ekki, vitið ekki hvor hann á heima, og hafið aldrei séð hann".

"Jú, ég hefi séð hann, frú, fyrri hluta dagsins í gær, skömmu áður en ég fór af stað. Ég vissi ekki að það var yðar barn, þangað til —"

"Nú, ja-ja, — þangað til?" sagði Adela.

"Þangað til húsfrú Brun sagði mér það. Ég hefi haldið éframi dag og nótt til að finna yður".

"Til að finna mig? Er þá barnið mitt veikt?"

Barúninum hægðist um andardráttinn, hann bjóst við, að hún mundi sjálf renna grun í þessa hörmulegu fregu.

"Já", sagði hann í hægðum sínum, "það er mjög veikt!"

"Þá verð ég strax að fara heim", kallaði Adela hástöfum. "Ó, þarna kemur Körn! Góði Körn, við verðum að fara heim undir eins. Barún von Lebau er kominn og segir mér, að barnið mitt sé mjög veikt. Ég verð að fara strax".

Adela var örvilnuð, en það var ekki móðurleg angist fyrir barni sínu, heldur einhver einkennileg hræðsla, sem breytti andliti hennar svo að það varð ókunuglegt.

Barúninn gekk til hennar og lagði hendi sína á handlegg hennar.

"Góða frú Stern", sagði hann, "ég er hræddur um, að það sé gagnslaust að hraða sér. Læknirinn sagði —"

"Hann er dáinn", hrópaði Adela með hryllingi, "því sögðuð þér það ekki strax. Slikar fregnir eiga að flytjast umsvifalaust. Þér þorið ekki að horfa í augu mér — það er þá satt — barnið er dáið?"

"Já, þér hafið getið rétt. Hann er dáinn",

Adela grét ekki.

Hún rak upp hátt hljóð og gekk hvíldarlaust fram og áitum um herbergið. Eitthvað tautaði hún, en það skildist ekki.

"Körn og Lebau horfðu undrandi á hana. Þeir skildu ekki þessa tryltu en jafnframt rólegu sorg.

Hún stóð kyr frammi fyrir þeim.

"Haldið þið að ég sé tilfinningarlaus?" sagði hún, "haldið þið, að ég syrgi ekki, af því ég get ekki grát-ið? Ég get ekki grátið! Og þó vildi ég feginn afsala mér minnu eigin lífi, ef barnið gæti lifnað aftur".

Körn lagði handlegginn um mitti hennar, og hún lagði höfuð sitt á öxl honum.

"Það er bezt að þér segið henni alt saman, hr, barún", sagði hann.

Við Adelu sagði hann:

"Þetta er voðaleg tilviljun, góða vinkona, en við verðum að stjórna okkur. Guðs vegir eru órannsak, anlegir, við getum enn ekki séð, hvers vegna hann hefir látið þetta ske".

Lebau sagði nú frá öllu eins lempilega og hann gat, án þess að minnast á Heideck. Hann nefndi að eins manniinn, sem átti hestinn er ógæfunni olli, vin sinni.

Adela titraði af hræðslu og starði tryllingslega á barúninn.

"Hver var þessi vinur yðar?" sagði hún skyndi-

lega. "Segið mér nafn þess manns, sem framkvæmdi þetta voðustarf á einum degi. Var það ekki duglega unnið, Körn?"

Hún hló tryllingslega.

"Róleg -- róleg — ekki þannig, barn", sagði Körn. "Það hefir líklega enginn verið sem hún þekkir, hr. barún?"

"Sá, sem gerði það, er mjög sorghitinn yfir því. Ég held að frú Stern þekki hann, en að eins að nafni. Það var Valdimar von Heideck".

Adela þaut til barúnsins, spenti greipar og horfði á hann sem brjáluð væri.

Hver sögduð þér það væri?" kallaði hún hátt. "Það var Valdimar von Heideck, sem eyðilagði líf þessa barns? Já, nú get ég trúðað því, að i þessu lífi finnist endurgjald fyrir syndir. Hvort ég þekki hann? Ég þekki hvern drátt í falska andlitinu hans, hvert orð á höggormstungunni hans. Ekki hefir himininn að ástæðulausu valið þennamann til að framkvæma vilja sinn, sjálfum honum til hegningar".

Og svo hló hún reglulegum brjálsemishlátri, sem Körn gat ekki stöðvað.

"Látið þér hana tala, hr. barún, en gefið engar gætur að því, sem hún segir", sagði hann, "hún veit ekki sjálf hvað hún segir".

Um leið og hann sagði þetta, runnu tárin tafarlaust ofan kinnar hans.

Hann var mjög fölur og titraði sjáanlega eins mikið eins og Adela.

"En það er líka alt of hræðilegt, að það skyldi vera þessi maður sem gerði það. Ó, nú tala ég eins

undarlega og þér, vesalings Adela. Hlustið þér heldur ekki á mig, hr. barún, ég er jafn hryggur og hún. Þér megið ekki leggja áherzlu á brjálsemisorðin, sem hún talaði nýlega."

Nú var tryllingshlátur Adelu breyttur í þegjandi gón. Hún lyndi aðstur augumum, og féll, án þess að tala orð eða stynja, í faðm barúnsins.

Barúninn og Körn lögðu hana á legubekkinn, breidilu ofan á hana og kölluðu svo á Nani.

Lebau var mjög forviða, þegar hann fór.

Undir eins og hann var kominn í sitt eigið herbergi í hótelinu, fór hann að reyna að átta sig á því, sem fram hafði farið.

Þessi orð Adelu: "Ég þekki hvern drátt í falska aindlitinu hans, kvert orð á höggormstungunni hans", féllu honum þungt.

"Hamingjan góða!" kallaði hann alt í einu, "það er hann! Já, það hlýtur að vera hann! Það er endurgjald, þvílikt óttalegt endurgjald!"

*Arnljotur B. Ólson*



## 15. KAPÍTULI.

Ég hefi drepið son minn.

---

Barún Lebau var einn af þeim fáum, sem voru til staðar við jarðarför Reinhardts litla í kirkjugarðinum í P....,

Adela skoðaði komu hans eins og hún væri sjálf-sögð. Hún hafði vanist á að skoða hann eins og góðan bróður, og Körn og Nani þótti líka vænt um hann, af því hann var svo alúðlegur í viðmóti og greiðafús.

Fyrir kappsemi barúnsins kom Adela nógum snemma til að sjá litla drenginn.

Eins og sannur engill lá hann í kistunni, sem búin var hvítu silki. Sárið, sem varð til þess að svifta haun lifinu, var hulið af mjúka svæflinum, sem höfuð hans hvildi á.

Adela laut ofan að barninu og kysti það innilega. Hún gleymdi aldrei áhrifum þeim, sem sýn þessa litla, laglega líks hafði á hana.

Dálítill hópur af þorpsbúum voru hjá gröfinni, sem láta átti litlu kistuna í. En á síðustu mínútunni, þegar átti að fara að bera kistuna út úr sorgarhúsinu, ók skrautlegur vagn, með tveimur fallegum hest-

um fyrir, að dyrunum. Ökumaður og þjónn voru í einkenuisbúningi, og stökk hinn fyrnefndi ofan úr sæti sínu, og rétti Körn körfu og bréf.

Bréfið hljóðaði þannig:

"Erna von Heideck sendir Körn forsöngvara kveðju sína, og biður hann að leyfa vagni sínum að fylgja kistu hans framliðna barns til grafarinnar. Hún ætlar ekki fyrst um sinn að koma sjálf til að tala við frú Stern, því hún finnur, að jafnvel hluttekning móður, mundi vera hinni syrgjandi móður á míúti skapi. Ef frú Stern heldur, að hr. Valdimar von Heideck sé tilfinningarlaus fyrir því sem skeð hefir, gerið þér máske svo vel að segja henni, að hann liggur veikur af geðshræringunni, sem þessi óhappalega ógæfa vakti hjá honum. Að eins þetta ásigkomulag hiudraði hann í að taka þátt í útförinni".

Körn fór með körfuna og bréfið til Adelu.

"Hún hlýtur að vera vingjarnleg kona", sagði Körn, "hún er ekki tilfinningarlaus heldri kona. Adela, þér æituð að prýða kistu drengsins með fáeinum blóinum frá henni".

"Fáeinum?" sagði Adela um leið og augu hennar fyltust tárum, "fáeinum af hennar blómum? Hann skal fá þau öll".

Hún fjarlægði í snatri öll blómin, sem hún og húsrú Brun höfðu skreytt kistuna með, og breiddi öll blómin frá frú von Heideck á kistuna í staðinn.

"Ætlið þér ekki að láta neitt af yðar eigin blómum vera á kistunni?" spurði Körn.

"Nei", sagði Adela harmþrungin. "Ég veit hvað ég geri. Á kistu þessa barns eru hennar blóm á réttum stað".

Adela grét ekki, þegar seinustu moldarrekunum var kastað á hina blómskrýddu kistu, en þar á móti

grét Erna von Heideck á þessari sömu stundu, meðan hún þrýsti litla, fjöruga drengnum sínum að brjósti sér, yfir litla drengnum, sem ólán manns hennar hafði rænt lífinu, og bað guð heitt og innilega að varðveita sinn son frá slíkum forlögum.

Að afstaðinni jarðarförinni kvaddi Adela hr. von Lebau. Hún sagðist þurfa að taka sér ferð fyrir hendur, þangað sem hún var gefin saman við mann sinn; hún kvaðst ætla að sækja vígsluvottorð sitt; hún hafði enda ráðgert það áður en hún fór til Koblens, en barúnuminn gat ekki skilið, að það væri til nokkurs gagns nú, þegar barnið væri dáið.

Barúnuminn kvaddi hana hryggur, honum virtist hún fjarlægjast sig meir og meir, og þó elskoði hann hana heitar en nokru sinni fyr. Hann kvaldist af efa af því, að hann hélt sig hafa getið leyndarmál hennar, án þess þó að vita, á hvefn hátt það bætti eða skeindi sitt málefni. Hann gat ekki snúið sér til Heidecks, því hamr var veikur. Það var sagt að hann talaði óráð, og hafði í því ásigkomulagi bannnað konu sinni að fylgja dána barninu til grafar, eða skifta sér af því á nokkurn hátt.

Að afstaðinni jarðarförinni heimsótti Lebau þó Heideck, og það Erna hann þá, að finna mann sinn og tala við hann.

Valdimar var í mikilli geðshræringu.

Hann settist upp þegar Lebau kom inn og einblindi á hann.

"Nú?" spurði hann.

Erna starði líka spyrjandi augum á hann.

"Alt er búið", sagði Lebau, "drengurinn er jarð-

settur undir ótolulegum blómum, sem er að þakka  
'yðar umhyggju, góða frú'".

"Og móðirin?"

"Frú Stern er að ferðast".

"Ferðast? Hvert?" spurði Heideck.

"Til Schwarzwald".

"Til Schwarzwald?" hrópaði Heideck undrandi  
eða óttasleginn, Lebau vissi ekki hvort heldur var,  
"hvað vill hún þangað?"

"Hún hefir þar störfum að gegna".

"Á-á!"

"Pér hafið máske heyrta, að hún giftist þar. Hún  
ætlar að sækja skilrikin fyrir hjónabandi sínu".

"Hvað eigið þér við?" hrópaði Heideck.

"Það sem ég sagði".

"Ó, heimskinginn", sagði Heideck, "sorgin hefir  
truflað hugsun hennar. Hvernig getur hún ímyndað  
sér, að hún finni slík skilríki. Eftir því, sem ég hefi  
heyrta, þá hefir þetta verið málamýndargifting".

"Lögmaður hennar er á gagnstæðri skoðun",  
sagði Lebau rólegur. "Hún þarf ekki annað en að fá  
afritun af ráðhúss embættisbókinni, því hún giftist  
borgaralegu hjónabandi, en ekki kirkjulegu. Hún  
virðist annars vita, hvernig hún á að haga sér".

"Er það svo?"

"Hún segir það að minsta kosti".

"Nú, jæ-ja, ég vildi að henni gengi vel".

Meðan hann talaði hló hann hæðnislátur, en það  
gat ef til vill verið af óráði, svo Erna fann ástæðu  
til að senda eftir lækni.

Læknirinn hrísti höfuðið og sagði að útlitið væri  
slæmt, veikin gæti haeglega snúist upp í taugaveiki,  
og það væri bezt að útvega strax hjúkrunarmann,  
sem ekki mætti yfirgefa hr. von Heineck eitt augna-  
blik.

Lebau bauðst til að vaka hjá honum, en frú von Heideck afþakkaði það, og bað hann að koma aftur á morgun.

Jenna dag vildi hún heldur ekki ráða neinn hjúkrunnarmann, því hún vonaði, að ástand bóna síns myndi batna til morguns. En orðin, sem hún heyrði af vörum manns síns, voru harla undarleg. Hann tal-aði oft um Adelu, en hræðilegast af öllu þótti henni það, að hann viltist á sínu eigin barni og dána drengnum, og ásakaði sig aftur og aftur fyrir að hafa drepið son sinn. Hann sagði líka hvað eftir annað, að það væri refsinornin Nemesis, en hvers vegna Nemesis átti að ásækja hann, það gat Erna ekki skilið. Oft lækkaði rómur hans svo, að ekki var unt að heyra, lvað hann tauðaði, svo alt í einu rak hann upp org og kallaði hátt:

"Sonur minn — sonur minn — ég hefi drepið son minn!"

---

#### 16. KAPÍTULI.

##### Brottflytjendur.

---

Með sinum dygga verndarmanni þaut Adela með eimreiðinni til Schwarzwald. Hún hafði látið Nani vœra heiina, af því hún þóttist ekki þurfa hennar á þessu ferðalagi. Að vissu leyti hafði Adela nægar sannanir fyrir því, að hún hafði verið kona Ernst Valdaus, en giftingarskírteinið, sem hann var vanur að geyma, var ekki finnanlegt. Hún hafði oft séð það

hjá öðrum skjölum manns síns, en eftir dauða hans var það horfið á skiljanlegan hátt. Það var ekki fyr en seinna, þegar móðir Ernst bauð henni peninga, og hun var sjálf til staðar við giftingu Valdimars von Heidecks, að hana grúnaði, hvers vegna það hefði horfið. Hún vissi nú, að Ernst Valdau hlaut að hafa tekið skjalið í síðasta sinni, sem hann yfirlagði hana, til þess að koma aldrei aftur.

Hún ímyndaði sér, að hægt væri að fá afskrift af giftingarskírteininu úr bókinni, þar sem það hafði verið skráð, og ef það fengist ekki, þá hafði þó gestgjafinn og kona hans verið vottar við vígsluathöfnina.

Þessi hjón höfðu oft talað saman um líma ungu og fögru stúlku, sem giftist háa, unga manninum, er út leit fyrir að vera borgaralega klæddur herforingi, en um það hafði Adela engan grun.

Og þó átti ekki vottorð þeirra að verða Adelu að neini liði, að þessu sinni.

Þannig síð á, að sonur þessara góðu hjóna hafði farið til Ameríku, kynst þar löndu sinni, sem flutt hafði þangað eins og hann, og samið við hana, að slást í fylgd með sér um alla eilífðina. Í fyrstunni áttu þau marga erfiðleika við að stríða, og hefðu ekki til vill taaplega sigrað þá, ef gæfan hefði ekki fylgt þeim að heiman. Ættingi þessarar ungu konu, sem dó heiða, kóu henni eftir sig dálítinn arf, sem gerði þeim nöögulegt, að kaupa sér bújörð, sem fyrir sameiginlega atorku þeirra var nú í ágætu ásigkomulagi.

Elísa, svo hét unga konan, átti sjálf enga foreldra á lísi, og miðlaði þess vegna foreldrum manns síns, sem hún hafði aldrei séð, ást sinni. Hún ákvað, að þeim skyldi send myndarleg gjöf, og að bóndi sinn skyldi skrifa þeim og segja, að þegar þau væru búin að koma sér vel fyrir, þá skyldu gömlu hjónin koma vestur eg setjast að hjá þeim.

Markmann leið nú að sönnu allvel heima, en tilboðið var þó nógum freistandi til þess, að vekja hjá þeim góðar vonir og því gladdi það þau ekki all-lítið, þrem árum eltar giftingu Adelu, að fá bréf frá tengdáttur sinni í Ameríku.

Markmann lét á sig hornspanga gleraugun sín, og kallaði á konu sína inn í daglegu stofuna, sem var við hliðina á veitingastofunni.

"Lorla", sagði hann, "það er komið bréf frá þeim fyrir handan hafið".

Gamla konan var eins áhyggjufull og hann.

"Handan fyrir hafið? Frá syni okkar?" spurði hún.

"Nei — það er líklega frá konunni hans. Robert skrifar betur en hún".

"Lestu -- farðu nú að lesa", sagði gamla konan all-óþolinmóð.

"Ég er farinn að lesa", sagði maðurinn.

"Brown Bluffs Farm, 14. mars 18...

Kærri foreldrar!

Robert hefir skorið sig í hendina, það er ekki mikið eða hættulegt sár, en nóg til þess, að hann getur ekki skrifiað sjálfur, og þess vegna geri ég það fyrir hann. Hann vill að ég skuli segja ykkur, kæru foreldrar, að nú höfum við nóg fyrir okkur óg ykkur lika, og því vill hann helzt, að þið búið ykkur í snatri og komið língau til okkar. Við höfum búið út litla, laglega stofu, þar sem þið getið verið út af fyrir ykkur, og ekki þurfið þið að leggja hart að ykkur með vinnu hérna, þess þurfum við því betur ekki. Robert sendir ykkur 200 dollara í ferðakostnað. Það er að sönnu meira en fargjaldið kostar, en það getur komið eitthvað óvænt fyrir. Vinur Roberts, hr. Froberg, er nú heiðna hjá ykkur, hann hefir lofað að fylgja ykkur til skips, sem á að fara 11. apríl frá Bremerhafen,

Robert sækir ykkur til New York, þegar skipið kemur þangað. Hr. Froberg kemur til ykkar jafnhliða bréfinu. Látið þið nú ekki þær vonir okkar bregðast, að fá bráðla að sjá ykkur. Við sendum þúsund kveðjur, vonandi skjótra samfunda.

Yðar ástrík dóttir

Elísa Markmann.

P.S. — Brúna Lísa okkar hefir alíð fallegan kálf, sem ég veit að gleður ykkur.

Missið nú ekki af skipinu".

Gömlu hjónunum varð afar bilt við þetta óvænta áform.

Þau höfðu að sönnu hugsað sér að flytja til "barnanna", en aldrei komið til hugar að það þyrfti að ganga svona fljótt fyrir sig. Á tæpum 14 dögum áttu þau að selja gistihúsið, búa sig undir ferðina og vera komin til Bremerhafen. Þetta var næstum ómögulegt. Maður gat fengið höfuðverk af því að hugsa um þetta.

Gamli maðurinn talaði fyrst:

"Það er gott bréf, það er gott bréf, og þeim hlýtur að líða vel þarna vestur frá, fyrst þau vilja fá okkur til sín. En það er bezt að lugsa sig um og sjá hvað setur".

Ekki hélt gamla konan að þörf væri á því.

"Það er gott bréf", sagði hún, "og það þarf ekki langan umhugsunartíma. Til hvers eignum við að dvelja hér, þegar þau vilja fá okkur til sín? Það er nærrí því eins og við værum komin af stað, ef við gætum tekið fast áform strax".

Morguninn eftir kom Froberg, og hann gat, í sameiningu við gömlu konuna, talað svo um fyrir gamla, varkára karlsauðnum, að hann ásetti sér að flytja burtu til Ameríku.

Hr. Froberg flutti þeim kveðjur frá syni þeirra og

tengdadóttur, lýsti frelsinu í Ameríku mjög glæsilega og kvað ungu hjónin miklum og góðum efnum búin. Honum tókst von bráðar, að vekja jafn sterka löngun til útflutningsins hjá gamla manninum, eins og kona hans bjó yfir. Í fyrstu geðjaðist Markmann illa að mjúkmælgi og fleðulátum Frobergs, en þegar hann var búinn að bjóða þeim aðstoð sína í öllu, svo fyrirhöfn þeirra yrði sem minst, aðraðist hann tortrygninginu, og samþykkti þau orð konu sinnar, að hann væri 'makalaus maður'.

Þau komust að þeirri niðurstöðu, að ferðin skyldi hafi á ákveðnum tíma. Froberg ætti fyrst að afliða sínum erindum, og koma svo aftur 7. apríl til þess að sækja þau.

Markmann gamli seldi heimili sitt með tilheyrandi, gegn óvanalega lágu verði, og sagði nágrönnum sínum, að hann ætlaði af landi burt. Þetta vakti ekki eins mikla undrun og menn skyldu ætla. Burt-siu-tningssýkin geysaði þar um þessar mundir, og af því menn höfðu heyrt, að yngri Markmann liði vel í Ameríku, álitu menn rétt gert af gömlu hjónunum, að yfirgefa hið skattþunga föðurland.

Burtfarardagurinn rann upp, Froberg kom á réttum tíma til að sækja þau og flytja þau til Bremerhafen, og þegar þangað kom, fylgdi hann þeim á skip út. Á skipinu urðu þau hans ekki vör, enda voru þau fyrstu dagana svo þjáð af sjóveiki, að þau hugsuðu ekkert um, að grenslast eftir honum, þau þráðu að eins að vera komin heim aftur, því þar höfðu þau aldrei orðið fyrir slíkum þjánungum. Þegar sjóveikin fór að batna, varð þeim jafnframt hugrórra, og Markmann fór nú að spyrja um samferðamann sinn.

"Lað er enginn maður með nafninu Froberg á þessu skipi", var honum svarað.

"Heyrirðu kona", sagði Markmann, "þetta er

harla undarlegt, þára að hann hafi nú ekki tælt okkur á einn eða annan hátt".

"Tælt okkur? Og í hvaða tilgangi? Við höfum borguð farbréf, og í New York bíður sonur okkar eftir okkur. Nei, það er ekki rétt, að tortryggja þenna snildarmann, hvei veit, hvað komið hefir fyrir hann? Hann getur hafa farið í land og mist af skipinu, eða -- hamingjan hjálpi mér, mér datt nokkuð í hug: Maðurinn hefir getað dottið fyrir borð".

"Já, það getur nú verið", tautaði Markmann, bæði efablandinn og ergilegur.

Eftir tiltölulega hraða ferð kom skipið til New York, en þar var enginn Robert til að taka á móti þeim, og allar þeirra fyrirspurnir urðu gagnslausar.

Sorgmædd og ímyndandi sér, að þau hefðu verið tálđregia, eða að eitthvert óhapp hefði komið fyrir son þeirra, fóru þau að líta í kring um sig eftir einhverri atvinnu, þangað til þau kæmist að niðurstöðu um, hvað réttast væri að gera. Loksins kom þeim sainan um, að fara til Roberts, sem þau vissu hvar heima átti.

Eftir margar tilbreytingar, mæðu og fyrirhöfn, komust þau á endanum þangað, sem Robert átti heima. Viðtökurnar voru í alla staði ánægjulegar, en samt sem áður furðaði ungu hjónin stórlega á komu þeirra, hví hvorki hafði Robert né kona hans skrifad þeim um að koma, og hvorugt þeirra þekti neinn Fcoberg.

## 17. KAPÍTULI.

Dularfull mótsögn.

Þegar Adela Stern, ásamt trygðavinum sínum, kom í gistihúsið, voru gömlu hjónin öll á brottu. Þó voru það enn meiri vonbrigði fyrir hana, að gamla ráðhúsi var brunnið fyrir hálfu ári síðan, með öllu, sem í því var, bókum og skjölum, og þar á meðal aðvitað sú bók, sem giftingarvottorð Adelu var innritað í. Eina vonin, sem eftir var, sú, að aldraði emhættismaðurinn, sem gaf þau saman, kynni að muna eftir henni og þekkja hana, rættist heldur ekki; hann var dáinn fyrir þremur árum síðan, og þó hann hefði lífað, var mjög óliklegt, að hann hefði þekt Adelu aftur, eftir svo langan tíma.

Þetta voru sár vonbrigði fyrir Adelu, enda grét hún nú eins og barn, og var næst geði að sleppa allri vun, hætta við sönginn, og á þann hátt missa af þeirri frægð, sem honum var samfara fyrir hana. Loks hefnaðist þó gamla Körn, að telja svo um fyrir henni, að hún áleit það skyldu sína, að snúa aftur til þeitrar stöðu, sem hún hafði lofað að rækja.

Hún hélt því áfram að syngja eins og áður, og

vakti sömu undrunina hjá áheyrendum sínum með fallega róminum eins og fyr, en hún var ávalt mæðuleg og tók engan þátt í skemtunum. Menn álitu, að þetta stafaði af missi barnsins, en þótti það þó undarlegt, að hún mintist aldrei á það og kom aldrei að litlu gröfnni þess.

Lebau hélt áfram að vera hennar tryggasti vinur, og gaf hví engan gautm þótt menn segðu, að hann cyddi æsku sinni og auð i þeirri von, að geta gifst þessari konu, sem ekki kynni að meta þá gæfu, sem henni þydist.

Adela var ekki eins róleg gagnvart almenningssþvaðrinu og Lebau, og einu sinni sagði hún við hann:

"Þér eruð ávalt góður og ástríkur við mig, hr. barún, og ég ætla að segja yður hreinskilmislega, að ég óska eisískis fremur, en að það stæði í mínu valdi að mega leggja forlög míni í yðar hendur. Þér vitið þetta másko ekki, en einmitt af því get ég ekki þol-að, að menn hæðist að ást yðar til míni. Ég vil að þér yfirgefið mig. Skiljið þér mig nú rétt. Ég á ekki við viku eða hálfsmánaðar fjarveru, heldur fjarveru, sem ekki endurnærir þessa ást. Þér verðið að yfirgefa mig langan tíma, svo lengi sem mögulegt er, svo lengi að þér getið gleymt mér, og finnið yður færar um, að giftast ungri og fallegri stúlkum í yðar eigin manuvírdingaröð. Og ef þér getið ekki gleymt mér, þá giftist þér ekki annari, nú jæ-ja, ég krefst þess ekki, en eg vil að þér setjið yður takmark, sem getur orðið yður til ánægju. Þér elskið hugrekkis-reynslu og ferðalög, er það ekki? Jæ-ja, ég vil að þér farið og leitið þessarar reynslu".

Hún þagnaði með sorgarbros á vörum, en ungi maðurinn greip hendi hennar og kysti hana innilega.

"Þér segið satt", sagði hann, "þér hafið ávalt rétt fyrir yður. Ég skal ferðast".

Öðrum til stórrar undrunar, bjó hann sig undir langi ferðalag.

Hr. von Heideck og kona hans höfðu einnig tekið sér ferð fyrir hendur.

Fírir langvarandi veikindi, sem höfðu nær því svift Valdimar von Heideck lífinu, réði læknirinn honum fastlega til að fara í hlýjara loftslag, svo að alt ættfólkis, kona hans, sonur og móðir, fóru með honum til Ítalíu til að dvelja þar um tíma.

Áður en ferðin var hafin, heimsótti Lebau þau hjón til að kveðja. Hreinskilinn eins og honum var eiginlegt, létt hann þess getið, að það væri eftir tilögum Adelu, að hann tækist þessa ferð á hendur.

"Það var skynsamlegt af henni", sagði Heideck, "og enn skynsamlegra væri það fyrir yður, að giftast ungrí stúlkum af aðli; það eru stúlkur, svo tugum skiftir og jafnvel hundruðum, sem vilja ná í yður, og margar af þeim eins góðar og fallegar og þessi söng-paila-prinsessa. Já, þér megið ekki reiðast, ég ætlaði ekki að móðga hana, að eins að gefa yður gott ráð. Eftir á að hyggja, hvernig gekk henni að fá vígsluvottorðið? Var það ekki það sem þér sögðuð að hún væri að leita að, þegar hún var á síðasta ferðalaginu?

"Hún var því ver óheppin", sagði Lebau, og gat þess, að ljónin, sem voru vígsluvottar, væru flutt til Ameríku, söniuleiðis að ráðlúsið með öllum bókum og skjölum væri brunnið.

Það var líkast því, sem eldingu brigði fyrir í augum Heidecks, sem annmars voru venjulega fremur sljó, en rödd hans var kæruleysisleg þegar hann sagði:

"Þetta kalla menn að vera óheppinn, en ógæfan er í sjálfu sér ekki mikil, þegar þess er gætt, að hún gerði þetta til að láta eftir ímyndun sinni, því af slíkum skjölum hefir hún ekkert gagn nú, síðan barnið —"

Hann þagnaði skyndilega og fölnaði.

Leahau skildi hann og þrýsti hendi hans með hluttekningu.

Síðan kvöddust menn þessir til þess að hefja ferðir sínar.

Þegar Leahau var farinn, var Adela að vísu rólegri að vissu leyti, enda þótt að skilnaðurinn við henna reynda virði, kostaði hana mörg tár, þá var hún þó glöð yfir því, að nú var ekki hægt að ásaka hann með réttu hennar vegna án þess hún gæti launað honum það sem hann varð að þola.

Daginn áður en Heideck fór af stað, var fallegum skrautvagni ekið heim að dyrum hjá Adelu.

Adela sat í skrautlegu hljóðfærastofunni, og var að æfa sig í nýju lagi, þegar Körn kom inn og sagði henni, að það væri komin kona, sem langaði til að sjá hana.

“Ég vildi ekki hleypa henni inn, fyr en þér vissuð nafn hennar, af því ég vissi að skeð gæti, að hún væri yður ekki kærkomin, ég lét hana líka skilja það en nú segið þér sjálfar til hvað gera skal”.

Hann rétti henni nafnmiðann kvíðandi.

Adela læs:

“Erna von Heideck,  
fædd greifainna af Blankenstein”.

Hún fölnaði og fór að skjálfa.

“Það er ómögulegt”, sagði hún, “látið þér hana fara aftur, kæri Körn, ég get ekki tekið á móti henni. Ég dey, ef hún kemur hér inn”.

“Því þú það, kæra vinkona? Maður deyr ekki með svo hægu móti, þér megið trúá því. Auk þess kemur konan í svo vingjarnlegum tilgangi, að það liti illa út, að veifa henni ekki móttöku”.

Adela var enn á báðum áttum, svo tók hún fastan ásetning.

"Jæ-ja", sagði hún, "látið þér hana koma inn. Það er máske bezt, að við mætumst. Biðjið þér hana að koma inn, vinur minn. Ég skal vera róleg".

Þegar frú von Heideck gekk inn, stóð Adela á fatur mjög róleg til að ganga á móti henni. Hún var fól, fólarí og hryggari en vant var, klædd í dökkan sorgarhuning, eins og Lún var, þá var hún alveg gagnstað hinni skrautklæddu konu, sem kom á móti henni, prýdd öllu því ágæti, sem gæfa og auður geta í te látið.

Hún hraðaði sér á móti Adelu.

"Ég þarf líklega ekki að minnast á tilefni komu minuar, frú Stern?" sagði hún, "sameiginleg sorg drengur okkur saman".

Hún rétti Adelu hendina vingjarnlega, og Adela rétti henni sina hendi á móti, þar hún fann enga ástaðu til að forsmá hana.

Adela tantaði fáein orð um þann heiður, sem sér væri sýndu: með heimsókn frú von Heideeks.

"Segið þér ekki þetta", sagði frú von Heideck, "ég gat ekki ferið til útlanda fyr en ég hafði séð yður, og látið í ljósi mína hjartanlegu hluttekningu

Ég veit naumast, hvað ég á að segja við yður! Getum við nokkurntíma gert nokkuð fyrir yður? Ó, getið þér nokktu sinni fyrirgefið manni mínum?"

Unga konan tárfeldi, en Adela var róleg og köld.

"Verið þér ekki að gráta", sagði hún, "í þessu efni eruð þér saklausar. Það getur verið, að þér á-látið mig tilfinningalausa, þar sem ég stend hér með þur augu meðan önnur kona grætur yfir barni því, sem ég hafi mist, en líf mitt hefir verið undirorpíð stærri sorg en missi þessa barns — en missi míns barns", leiðrétti hún sig, "og það er ef til vill hún, sem hefir sljólgð tilfinningar mínar og þurkað uppsprettur táranna. Það er líklegt, að forsjónin viti, hvers vegna hún hefir breytt eins og hún hefir gert,

og hvers vegna hún hefir valið eiginmann yðar til að verða orsök í dauða þessa saklausa barns".

Hefði ég nríst mitt barn á þenna hátt, þá er líklegt, að ég hefði dáið af sorg", sagði frú Erna, "og svo að geta ekkert gert til að mykja þá sorg, sem við — Valdimar og ég erum í rauninni eitt — höfum bakað yður, það er verra en allt annað. Því það er líklega ekkert, sem við getum gert fyrir yður?"

"Nei, ekkert".

"Leyfið mér þá að vera vinkona yðar. Ég veit að þér lífið einmanna. Ég hefi heyrt mikið um yður talað, og ég veit, hve góð og eðallynd þér eruð. Másko það eigi fyrir mér að liggja, að geta stráð ofur-litlum gleðibjáma á yðar dimmu lífsleið".

Adela lærdi sig aftur á bak til að forðast hana.

"Nei, nei, frú von Heideck", stamaði hún, "við getum ekki orðið vinkonur. Lífsleiðar okkar ganga í andstæðar áttir. Einlæg viðkynning okkar á milli er ómöguleg".

"Hvers vegna ætti hún að vera ómöguleg?"

"Það mundi verða báðum okkur til ógælu. Ef þér viljið hafa frið fyrir mér og mínum sorgum, þá aettuð þér að vera eins langt frá mér og mögulegt er. Sugið þér líka manni yðar þetta sama, þegar hann spyr yður hvernig konan, sem hann drap barnið fyrir, hafi tekið á móti yður".

"Maðurinn minn veit ekkert um för mína hingað; ég gerði það í góðu skyni að koma", sagði Erna huuggin.

"Þér hafið gert vel í því, að sýna mér vingjarn-lega hiuttekningu, annað getið þér ekki gert fyrir mig, og ég ætlað að biðja yður, að koma hingað ekki aftur. Ef þér vissuð orsókinu til minnar köldu frámkomu, sem yður hlýtur að finnast vera svo, myndi það ekki undra yður, en það myndi jafnframt baka yður ósegjanlega mikla sorg. Það er satt, þér

getið þó gert nokkuð fyrir mig. Viljið þér gera mér greiða áður en þér farið?"

"Alt, sem stendur í mínu valdi vil ég gera til að gleðja yður".

"Lofið mér þá að sjá drenginn yðar".

"Ó, kæra frú Stern, hefði mig grunað, að yður langaði til þess, þá hefði ég komið með Arthur. Eg skal senda hana til yðar seinna í dag".

Nú voru einnig tár í augum Adelu.

EKKI hugsunin um framliðna barnið hennar sjálfrar, heldur hugsunin um lífandi barn annarar konu, komi út á henni tárunum. Enginn var enn þá fær um að skilja hina undarlegu mótsögn í framkomu hernar; síst af öllu grunaði frú Ernu um sannleikann. Hún kvaddi og ímyndaði sér, að sorgin hefði skert vit Adelu.

## *Arnþjotur B. Ólson*

### 18. KAPÍTULI.

#### Strokinn hegningaráhússlimur.

---

Frú von Heideck sendi Gunnhildi með litla Arthur til frú Stern, skömmu eftir að hún var komin heim, og hefði hún séð, hvernig Adela grét og faðmæði að sér litla drenginn, þá hefði hún vist orðið hissa.

"Þegar Gunnhildur kom heim, sagði hún við hús-móður sína:

"Náðuga frú! Slika ást til barna hefi ég aldrei séð á æfi minni. Hún gat ekki verið alúðlegri en hún

var við litla herrann, þó hann hefði verið hennar eigin sonur, og það var líka harla merkilegt, hvað barnið undi vel hjá henni”.

Drengurinn kom með dálitið af fallegum og kostbærum leikföngum með sér, sem frú Stern hafði beðið Gunnhildi að biðja móður hans að lofa honum að eiga.

Frú von Heideck þótti undurvænt um þessu hugulsemi, en Valdimar var bálvondur út úr þessu öllu.

Hann sagði, að Erna hefði enga ástæðu til að skifta sér af frú Stern. Hann sagðist hafa gert alt, sem gera þurfti í því efni. Þessi atburður hefði nærri því verið orðinn orsök í dauða sínum, svo það væri nú kominn tími til að hætta að minnast á hann.

Það komu tár í augun á Ernu við þessi harðýðigislegu orð, en af því hann var enn þá vesall og vanstiltur, reyndi hún að sannfæra hann og hugga.

“Ég hugsaði að eins um, hvernig mér mundi hafa liðið í hennar sporum, kæri Valdimar”, sagði hún, “mig langaði til að segja veslings konunni nokkur viangjaruleg hluttekningarárð”.

Valdimar ypti öxlum ergilegur.

Kona hans var hissa á hegðun hans, sem hún gat ekki skilið, og vissi enga ástæðu til, en hún þagði, svo hann yrði ekki enn óstiltari og órólegri.

Valdimar vor Heideck batnaði heilsan til fulls meðan hann dvaldi í Ítalíu. Komu hans og Arthur leið þar einnig ágætlega. Nokkrum vikum síðar bættist hin drambsama móðir Heidecks við hópinn, og þótti Ernu vænt um það, enda þótt hún bæri dálitla afbryði til hennar, þar sem henni fanst maður sinn bera meira traust til móður sinnar en sín, og sýna henni meiri einlægni en sér. Hún ásakaði mann sinn einu sinni fyrir þetta, en hann gerði spaug úr því.

Það var heldur alls ekki ástæðulaust, að hún fann að þessu; það var eitthvað, sem móðirin og sonur-

inn héldu leyndu fyrir henni, eða sem þau sögðu hentu ekki. Þannig vildi svo til einu sinni, að hún heyrði sainraður þeirra í gegnum opnar dyr, án þess þau vissu af, sem gerðu hana alveg hissa.

Það var um blöðin að heiman, sem þau voru að tala.

Valdimar var að lesa í einu þeirra, og æpti alt í einu af undrun um leið og hann lagði blaðið frá sér,

“Hvað er að, Valdimar?” spurði gamla konan, og leit um leið af blaðinu, sem hún var að lesa í.

Í staðinn fyrri að svara, réttir hann henni blaðið og hendir á vissan stað með fingrinum, þar sem hann hafði verið að lesa síðast.

Það eru máske getgátur eins eða annars fréttaritara”, sagði hún róleg.

“Nei, það er ekki”, sagði hann, “öllum smáatriðum er svo nákvæmlega lýst, og auk þess er þarna nafnið Messerschmidt”.

“Jó svo sé, þá get ég ekki séð að það komi þér neitt við”.

“Ekki það? Ó, mamma, þú veizt ekki hvaða ólán þessi maður getur bakað mér, ef hann —”

“þey, þey, Valdimar, talaðu ekki þessum orðum, það er heimska. Hann næst líklega aftur, og honum hepnað varla að strjúka í annað sinn”.

“Ég vildi að hann væri kominn til h..... Þetta sýnir mér betur en alt annað, að ég stend á eldgýg”.

“þey, Valdimar, talaðu ekki meira um þetta. Minstu ekki á þenna mann oftar”.

Sainraðurnar hættu nú, en þær urðu þreytandi gáta fyrir Ernu. Hún vildi ekki biðja um upplýsingar, af því hún vildi með engu móti gefa þeim ástæðu til að halda, að hún hefði staðið á hleri, en seinna tók hún klaðið og las það orð fyrir orð, þangað til hún kom að nafninu Messerschmidt. Þar var sagt frá því, að Karl Messerschmidt, fangi í hegningarárhúsinu

i H.. væri strokinn. En hvað gat maður hennar átt saman að sælda við slikan mann? Hún hugsaði og hugsaði, en gat ómögulega munað eftir því að hafa heyrta þetta nán fyr.

Það var ádur en Valdimar giftist, að hann komst í kynni við þenna mann. Hann var óbreyttur liðsmaður í herliðs tvífylki Heidecks, og hafði verið skó sveinn hans, en hann varð að reka hann, af því hann stal ýmsi frá honum hvað eftir annað, og skömmu síðar var þessi fyrverandi skósveinn dæmdur fyrir annan þjófnað, sem hann hafði framið, og þar eð hann var dæmdur af herrétti, varð hegningin harðari en annars, enda hljóðaði dómurinn þannig, að hann ætti að sitja í virkisfangelsi það sem eftir var af herþjónustátíma hans.

Heideck slepti nú huganum af þessum ódygga þjóni sínum, sem til allrar ógæfu fyrir Heideck, var meðvitandi um lagabrot, sem hann hafði framið, meðan Messerschmidt var í þjónustu hans, og sem gat orðið honum afar hættulegt, ef það kæmist upp. En Messerschmidt notaði þekkingu þessa til að þvírga Heideck til að borga sér peninga til að þegja, eg kröfur hans urðu ávalt hærri og hærri, svo Heideck munaði alimikið um útlátin, en þá vildi Heideck það lán til, að Messerschmidt gerði sig sekan í mandrápi í sambandi við innbrotsþjófnað, og var hann því dæmdur í ævilaagt fangelsi.

Valdimar bjóst nú við, að vera orðinn laus við hann fyrir fult og alt, en þá kom þetta upp úr kafinu að hann var strokinn úr hegningaráhusinu, og enda þótt lýsingar hans væru sendar um alt, var full ástæða fyrir Valdimar að óttast hann. Orsókin til þess að hann strauk var þessi: Af því að honum tókst að geta látið líta svo út, sem hann iðraðist breytni sinnar, og hegðaði sér sómasamlega, var

hann oft láttinn vinna í jurtagarði umsjónarmannsins, en það fengu að eins þeir fangar að gera, sem hegðuðu sér vel. Einu sinni sem oftar, er hann var við vinnu sína í garðinum, fauk til hans dagblað, sem vafði hafði verið utan um morgunverð umsjónarmannsins, hann greip blaðið og stakk því á sig til að lesa það, þegar hann væri aftur kominn í klefann.

Fyrsta orðið sem hann las var nafn Heidecks. Það vakti forvitni hans, svo hann hélt áfram að lesa með nákvæmri eftirtekt. Greininn, sem hann las, var um slysið seia til hafði viljað í P., þegar hestur Heidecks sló dreng frú Stern til dauða. Til þess að gera grein sína sem áhrifamesta, hafði fréttaritarinn minst á líma liðnu, skáldlegu ævi frú Stern, og stöðu þá, sem hún nú var í, samt látið þess getið að hinna ungi barún von Lebau hefði boðið henni aðra æðri stöðu.

"Ef tíundi hlutinn af þessu er sannleikur", tautaði Messerschmidt, "þá er mér borgið, ef ég verð svo heppinn að sleppa úr þessu b..... búri".

Honum lánaðist að sleppa úr fangelsinu án þess að drepa nokkurn af varðmönnum, sem hann hafði ásett sér að gera, ef þyrfti. Um miðja nótt komst hatin út og hafði fundið óhult fylgsni áður en vart varð við flóttu hans. Hann flúði til næstu hafnar og komst út í skip, þar faldi hann sig, svo skipverjar urðu hans ekki varir fyr en komið var á haf út.

"Hér skipstjóri, þér verðið ekki harður við vesalings ræfil", sagði hatin, þegar tveir hásetar drógu hann til skipstjórans.

Án tillits til þeirrar hugdirfðar, sem kom honum til að þola hungur og þorsta í margu daga, var eitt-hvað það í svip flóttamannsins, sem vakti athygli skipstjóra. Hann leit út fyrir að hopa ekki né hræðast dauðaum, þótt fyrir kæmi að standa gagnvart honum.

"Væri ekki um annað að gera, en að láta þig fá borgunarlauast far", sagði skipstjóri, "þá er það ekki mikils virði, en ég xerð neddur til að afhenda þig í fyrstu höfninni, sem ég kem til, af því mig grunar að þú sért glæpamaður".

"Nei, það er ég ekki", sagði Messerschmidt, "lít-  
ið þér á fatagarmana mína, líkjast þeir í nokkru  
kleðnasi hegningarárhúss lima?"

"Hegningarárhúss lima — nú, þar komstu upp um sjálfan þig, góði maður, mér hafði ekki dottið hegningarárhús í hug. Fatagarmana, sem þú talar um, hefir þú getað fengið einhversstaðar, þeir hafa enga þýðingu. Það stendur við það, sem ég sagði, þú ert fang; okkar, og ég afhendi þig lögreglunni undir eins og ég kem inn á höfn".

"Nei, það fáið þér ekki leyfi til að gera, skipstjóri", sagði Messerschmidt einbeittur, "það fáið þér ekki leyfi til að gera. Ég vil engum gera meitt ilt, en áður en þér fáið leyfi til að flytja mig í land, stekk ég fyrir borð, og ef einhver vill varna mér þess tek ég hann með mér í dauðann".

Skipstjórinn var alls ekki vondur maður, en hann hafði átt svo misjöfnum mönnum að venjast, að hann hafði lært að halda meðlfðun sínri í skefjum, þar sem ekki var vert að láta hana í té. Hann skipaði þess vegna hásetum sínum að loka hann inni, þegar húið væri að gefa honum mat og drykk og ljá honum gamla yfirhöfn til skjóls. Honum var full alvara, að láta hann í land í fyrstu höfn, er hann kæmi í, en það er ekki ávalt mögulegt, að fylgja föstum ákvörðunum, þegar vindur og sjór eru annars vegar. Áður en skipið komst út á Atlantshafið, hafði skipstjóri mist tvö af hásetum sínum, og hinn þriðji var ekki vinnufær. Það varð að gefa Messerschmidt frelsi, svo að hann gæti hjálpað til á skipinu, hann lofaði

að vinna á við two og enti það dyggilega. Þó hann væri ekki sjómaður, var hann þó verkhæfur maður, svo nú var ekki lengur ráögert, að láta hann á land fyrst um sinn.

"Ég ætla að taka hann með mér til Neapel", hugsaði skipstjóri, "og mæla með honum, þegar ég afluði hana, manngarmurinn hefir gert gott gagn á skipinu".

En þegar til Neapel kom, var Messerschmidt ekki á skipinu. Á að giska eina mílu frá Neapel notaði Messerschmidt tækifærið, hví myrkur var, fleygði sér fyrir borð og reyndi að frelsa sig með hví að synda til lands. Þróttin að kröftum náði hann landi, og gat rétt að eins skriðið inn á milli skógarrunna, til að dyljast þar meðan sólin þurkaði fót hans og færði likama hans hlýindi.

Um miðjan dag var hann staddur á hinum mannmörku götum Neapels sem betlari, þar sem fáir litu við honum.

Magnlítill af hungri hallaði hann sér upp að mürvegg gagnvart einu af hinum stærstu hótelum í Neapel. Hann ætlaði að biðja fyrsta gestinn, sem hann sæi, að gefa sér fáeina skildinga. Rétt í þessu var ekið skrautlegum vagni að dyrunum, sem kvennmaður og lítill drengur sátu í. Messerschmidt heyrði konuna spryja dyravörðinn, hvort hr. von Heideco væri til staðar í hótelinu, og þar eð svarið var neitandi, sagði hún við litla drenginn sinn:

"Nei, pabbi er ekki hérna, við megum aka heim áu hans".

Hún gaf ökumanni merki um að aka áfram.

Nú eða aldrei, hugsaði Messerschmidt, og gekk rösklega að vagninum og rétti fram hattinn sinn til að biðja um gjöf.

Þjóninн ætlaði að reka hann burt, en Messerschmidt stóð kyr.

"Þér gerið betur í að spyrja húsmóður yðar fyrst", sagði hann á móðurmáli sínu, "hún vill þó eftir vill hjálpa fátækum landa um ofurlítið. Ég er nærri dauður ír hungri", sagi hann svo hátt, að frú von Heideck gat ekki annað en heyrta það.

Hún fékk syni sínum nokkra smáskildinga.

"Gefðu vesalings manninum þetta, Arthur", sagði hún, "hann er svangur".

Drengurinn rétti hendina frá sér og lagði skildingana í barkarlitu hendina á betlaranum.

"þarna, veslings maður", sagði hann, "kauptu þér kökur".

"Þökk, litli herra, það skal ég gera", sagði betarinna auðmijíkur.

Síðan snéri hann sér nō frú von Heideck.

"Það er ekki að eins ögn af peningum, sem hér eru um að gera", sagði hann.

"Hvað eigið þér við?" spurði hún.

"Ó, ekkert ákveðið, frú — að eins, að það borgar sig stundum, að gefa betlurum ögn. Ef þér hefðuð látið þjóninn reka mig burt eins og hund, hefðuð þér iðrast þess fyr en yður varði".

"Hver eruð þér áá?" spurði frúin hrædd.

"Eins og hér sjáið, vesalingur, sem þessir skildingar forða frá hungursdauða, en sem þó heldur forlögum yðar og sonar yðar í hendi sér".

"Forlögum sonar míns?"

"Já, frú".

Þjónniun sa að frúin fölnaði og flýtti sér henni til hjálpar".

"Snautið þér burtu undir eins", sagði hann, "þér gerið frúna hrædda með þorparahegðun yðar. Hún hefir gefið yður nokkuð, svo þér hefið ekki meira hér að gera".

"Máske þér séuð svo góður, að fjarlægja yður ögn", sagði Messerschmidt og horfði ógnandi á þjón-

inn. "Að öðru leyti héld ég að hin náðuga frú sé ekki hræðslugjörn. Ég fer nú, en býst við að finna hina náðugu frú seinna, og vona þá að húh skilji betur það sem ég átti við, en vera kann að skilninguriinn verði nokkuð beiskur".

Síðan hraðaði hann sér í burtu og hvat innan um maangrúann.

"Þetta hlýtur að hafa verið brjálaður maður", sagði hún við þjóninn, en hún var svo föl, að það voru lítil líkindi til, að hún tryði því sem hún sagði.

Þegar hún kom heim, sagði hún manni sínum frá þessum viðburði.

"Auðvitað hefir hann verið brjálaður", sagði Valdimar, "þessir letimagar eru líka allir svo nærgöngulir, að manni liggur við að hætta við að gefa þeim ölmusu".

"En það var ekki Ítali, það uar landi okkar", sagði frúin.

"Landi okkar? Á-á! Já, það eru margir af þeim her. Það getur hafa verið iðnaðarmanns flækningur, málari eða myndasmiður, ef til vill þjónn, sem húsbandurnar hafa rekið burt. Hugsaðu ekki meira um það, gða míni, það eru engin líkindi til, að þú sjáir hann oftar".

Enda þótt Valdimar talaði bíðlega, var honum atvik þetta óþægilegra, en hann vildi að aðrir sæi, og þegar hann að loknum dagverði settist í reykinga herbergi sitt, var hann að hugsa um, hvort mögulegt væri, að hegningarárhúss fanginn gæti verið kominn til Ítalíu, en skynsemin sagði honum, að það væri harla óliklegt og enda ómögulegt.

"Það hlýtur að vera ímyndun ein", sagði hann við sjálfan sig, og leit út á hafið, "ég er orðinn svo

órór í huga síðan þessi maður slapp, að ég sé allstaðar vosur. Það var líka ergilegt, að þessi betlari skyldi hræða Ernu með málæði sínu. Væri hann hér skyldi ég með svipunni — ha! ” varð honum að orði, og starði forviða á aðaltröppuna, þar sá hann Messerschmidt koma í hægðum sínum, rólegan og óhikandi.

## 19. KAPÍTULI.

Svikull þjónn.

”Þú hérrna?” voru einu orðin, sem Valdimar gat sagt, svo hræddur var hann.

Messerschmidt rétti úr sér á hermanná hátt.

”Já, hr. lautinant”, sagði hann auðmjúkur.

”Hvað vilt þú hingað?”

Strokumaðurinn svaraði brosandí :

”Ég vil mikið — mjög mikið — ég vil fá peninga, fót og áreiðanlega stöðu — ég hefi beðið eftir þessu í fimm afarlöng ár, og nú er loks kominn tími til að fá það.”

”Og heldurði að þú fáir þetta alt hjá mér?”

”Já, hr. lautinant”.

”Kallaðu mig ekki þetta. Þú ættir að vita, að ég er ekki lengur í herþjónustu, og þú hefir heldur enga heimild til að kalla mig það, því þú ert ekki að neina leyti þjónn minn. Ég hefi af tilviljun lesið um

flóttu þinn úr hegningaráhúsinu, og get ekki skilið, að þú skulir voga, að koma til míni, það er að hlaupa beint í ginið á ljóninu, ég þarf ekki annað en taka í þennan klukkustreng, þá ert þú orðinn fangi aftur”.

“Já, gerið þér það, hr. von Heideck”, sagði flækkingurinn rolegur. “Neyðin gerir mann hugaðan, skal ég segja yður. Ég er ekki kominn í neinum illum tilgangi, en ef þér þvingið mig til þess eða snertið þenna streng þarna, þá segi ég hverjum sem vera skal frá leyndarináli yðar, og ég læt ekki oftari taka mig fastan; aður en ég sný aftur til hegningaráhússins, drep ég sjálfan mig — en athugið orð míni, hr. von Heidec, í þessu tilfelli kveð ég ekki einsamall heiminn”.

Valdimar starði mállaus af ótta á manninn. Hann vissi ekki á þessu augnabliki, hvað hann átti að gerá. Ef hann léti taka hann fastan, þá mundi hann ljóst, upp sínum leyndarmálum, sem hann vildi umfram alt halda huldum, og þó að Messerschmidt ekki gæti sannað framburð sinn, þá yrði hann samt að mæta fyrir dómara, og svo kæmist alt í blöðin, og þetta mundi gera konu sína frávita af hræðslu. Nei, þá væri betra, að reyna að komast að friðsamlegum samningum við manninn.

Hann gekk að skrifborði sínu og tók þar upp peninga strænga.

“Þú mátt ekki ætla, að ég sé gleyminn eða vanbakklátur, Messerschmidt”, sagði hann, “ég skal gefa þér vinnu á heimili mínu, þangað til ég verð var við að þú getur ekki þagað. Ég held það sé hollast fyrir okkur báða, að þú umgangist mig aðallega, en verði ég var við mælgí að þinni hálfu, ef þú segir eitt einasta orð um leyndarmálið, sem þú þykist vita um, þá afhendi ég þig lögreglunni tafarlaust, án þess að hirða um, hverjar afleiðingar það kann að hafa fyrir sjálfan mig? Hefirðu skilið mig? Hérna eru pening-

arnir handa þér. Ættu þig nú saddan og kauptu þér brúklegan klæðnað, komdu svo hingað á morgun kl. 3. Ég þarf nýjan þjón, en ég vil heldur að hann sé skegglaus og ekki jafn snoðkliptur og þú ert nú, mér gefjast ekki að þessum nauðrökuðu hegningarárhúss hausum”.

“Nei, það er ekki von, hr. laut — hr. von Heideck, ég get heldur ekki sagt að ég elski þá, en hvað tjáir að tala um það. Það getur komið fyrir betri innum en raig, að bera þenna hárbúnað, ef alt væri augljósi”.

“Enga óskammfeilni og enga mótsögn, þorpari. Farðu og gerðu eins og ég hefi sagt áér. Og þó, biddu dálítið — ég gleymdi að spyrja hvað þú ætlar að heita á morgun”.

“Ég skil frönsku, hr. von Heideck — er þá ekki kezt, að ég nefni mig frönsku nafni? Hvernig líkar yður Jean Lafont?”

“Vel. Láttu þá kalla þig þessu nafni, og farðu nú”.

“Ég klyðnast skipun yðar, náðugi herra”, sagði nýji þjóninn hlæjandi og laumaðist í burtu.

Það var eitthvað laumulegt, hálfst í hvoru auðmjúkt og háulgert háð, sem lá í framkomu hans, og gerði Heideck öskuvondan. Hann starði á eftir honum í skrandi af heist, gekk svo inn í sitt eigið herbergi í mjög vondu skapi.

En hann varð að jafna sig bráðlega, því þegar hann var kominn inn, heyrði hann konu sína og drenginn komna inn um hinar dyrnar á herberginu.

## 20. KAPÍTULI,

## Játningin.

Hvorki hinni ungu né gömlu frú von Heideck lík aði þessi nýji vildarþjónn Valdimars.

Yngrí frúin hélt, að hann horfði ávalt á sig í laumi, og eldri frúnni fanst hún hafa séð þetta andlit einhverstaðar fyrri. Hún var undrandi og ergileg yfir því innbyrðis trausti, sem ríkti á milli þjónsins og sonar sins.

Það leit út fyrir, að þjónninn hefði eitthvert vald yfir húsbóna sínum, en þegar hún einu sinni fann að þessari hrokafullu framkomu þjónsins við Heideck, sló hann því upp í spaug og sagði, að hún skyldi ekki vera að hugsa um að venja þjóna sína, hann gæti það sjálfur.

Erna skeytti minna um framkomu þjónsins en tengdamóir hennar, sem ergöist með degi hverjum, og ásetti sér að komast að því, af hverju umburðarlyndi Valdimars væri sprottið, enda tókst henni það von bráðar, og á annan hátt en henni var geðfelt.

Einn morgunn kom hún að þjóninum, þar sem hann var að rannsaka skúffurnar í skrifborði herra sins.

Hun hafði tekið upp dálítinn pakka, sem í var

lítill ljóðabók, einkennilega innbundin, ofurlítill mynd og samanbrotin pappírsörk.

“Á, á”, hvíslaði hann, ‘loksins fann ég þó það sem ég þursti með’.

Hann horfði brosandi á myndina.

“Mynd af húsbóndanum”, sagði hann, “hún er lík — og þessi bók? Á, það er ljóðabók. Látum okkur sjá, hvað skrifast er á hana: ‘Til minnar elskuðu konu Adelu, á brúðkaupsdegi okkar — frá manni hennar, Ernst Valdau’ — það er ágætt! Og þetta! Á, á, það er engin furða, þó þessi skúffa væri svo veðlast, að ég ætlaði aldrei að finna lykil að henni = þetta er það markverðasta af því öllu — hjónabandsvottorðið. Hvað skyldi fallega frúin heima vilja gefa fyrir það? En nú held ég, með leyfi hins náðuga herra, að það verði ég, sem geymi það fyrst um sinn”.

Á þessu augnabliki kom gamla frú von Heideck að honum.

“Hvað eruð þér að gera?” kallaði hún, “látið þér eигur sonar míns vera, ósvífini þorpari.”

Jean Lafont sneri sér við og stóð augliti til auglitis gagnvart móður húsbóna síns.

Hann fölnaði og varð snöggvast mállaus af undrun, en ekki sáus hræðslumerki á honum. Hann líktist ekki almennum þjóf, sem staðinn er að verki.

Frúin lagði hendi sína á klukkustrenginn, en hún hringdi ekki.

“Mér þykir vænt um, að ég get sannað húsbóna þínunum hver maður þú ert. Þú skalt undir eins verða rekinn. Þú skalt ekki fá leyfi til að dvelja hér stundu lengur undir þessu þaki.

“Það er nú líklega komið undir hr. von Heideck”, sagði hann rólegur, “hringið þér, en ég skal fyrirháin segja yður, að það gagnat ekki, húsbóni minn

rekur mig ekki burt, af því ég get með fáeinum orðum eyðilagt hann”.

Fruin horfði fast á hann.

“Nú þekki ég þig”, kallaði hún, “hvað hefi ég gert af sjón minni. Þú ert Karl Messerschmidt, fyrverandi þjónun sonar míns, sem varst dæmdur fyrir þjófnað. — Þú ert strokumaður úr hegningaráhúsinu”.

“Já — og svo?”

“Og svo — það er hægðarleikur að taka þig fastan, það er auðvelt að afhenda lögreglunni hegningaráhúss lim”.

“Ég heyri að orðið hegningaráhússfangi fellur ekki yðar sinekk”, sagði Lafont við gömlu frúna, “það er þá hezt, að ég láti yður vita, að ég þarf ekki nema fáein orð til að koma syni yðar inn þangað, sem ég kom út, — kallið þér mig einu sinni enn ‘hegningaráhúss lim’, með drambsömu áherzlunni, sem þér notuðuð áðan — kallið þér mig það, ef þér þorið”.

Frá von Heideck varð hrædd, hana grunaði ekkert um hvað hann átti við.

“Hver er meining þín með þessu tali?” stamaði hún.

“Hver meining mínn er? Ég meina að það séu smámunir fyrir mig, að trufla friðinn í þessu húsi, að lata draga hinn tigna herra á sakamanna bekkinn og svifta konu hans og son nafni þeirra. Ég get það frú — get það með hægara móti nú, síðan ég náði í þetta skjal”.

Ennþá grunaði frúna ekkert, hvaða skjal þetta var.

Máske það sé falskur víxill?

Var það á þenna hátt, að sonur hennar var á valdi þessa þrælmennis?

“Um hvað hljóðar það?” hvíslaði hún.

“Um giftingu, frú. Það er vígsluvottorð fyrir hr. Ernst Valdau og Adelui. Hver þessi herra er, vitið

þér eflaust, og núverandi söngkonu, frú Adelu Stern, hafið þér að líkum heyrt talað um áður?"

Gamla frúin varð náföl og varð að styðja sig við stól til að detta ekki.

"Ómögulegt!" stundi hún upp.

"Nei, það er alls ekki ómögulegt, frú. Ég var sjálfur vitni að því, að hinn þáverandi lautinant Heideck var eigimáður Adelu undir nafninu Valdau, en það eru ekki nema tveir mánuðir síðan að ég vissi, að hann var giftur annari konu. Á þenna hátt hefi ég fengið leyndarmálið í mínar hendur, og ég þarf ekki auðað en að ljúka upp munni mínum til þess að —"

"Nei, nei, það er ekki á þenna hátt", kallaði frú von Heideck í hálfgerðu meðvitundarleysi, "það er ekki þannig — ó, Valdimar! guði sé lof að þú komst Talaðu við mig! Segðu að þessi maður fari með ósannindi!"

Valdimar kommátulega snemma inn í herbergið, til þess að geta gripið móður sína í faðm sinn, um leið og hún þaut á móti honum í hálfgerðu dáí.

"Mamma, mamma! Hvað er að?" kallaði Valdimar hræddur. "Jean, flyttu legubekkinn hingað".

Þjónninn hlýddi og leit um leið á húsbóna sinn, sem grunaði að hann hefði sagt henni alt saman.

"Niðingur!" hrópaði hann, "þú hefir sagt henni frá öllu".

"Ég hélt að hún mundi vita þetta", tautaði þjónninn. "Við töluðum um þessar sakir, það er alt"

"Farðu út, ómenni! Þú hefir gert nóg ilt af þér"

Þjónninn hlýddi, en kreisti stolna skjalið í hendi sinni með hatursfullu augnaráði.

Það var honum ómissandi skilyrði fyrir aðskomu hans og hefnd.

Valdimar læsti dyrunum á eftir honum, og fór að reyna að vekja móður sína af dáinu.

Henniu gekk það svo seint og illa, að hann var

orðinn kræðdur um að þurfa að kalla á hjálp, en það vildi hann síst af öllu, því hann bjóst við að fyrstu orðin, sem hún talaði, kynnu að ljósta öllu upp.

Gamla konan hafði enga hugmynd um, að hann hefði gífst Adelu, svo langt hélt hún að léttuð hans hefði ekki náð.

Að sönnu hafði hún heyrt ýmislegt um þenna feluleik, en hún hélt að sonur sinn hefði að eins verið að daðia við stúlku, sem ef til vill hefði ekki verið sem heiðarlegust, og áleit sér það óviðkomandi.

Undir eins og tækifæri bauðst fyrir son hennar, að eignast konu af hinni auðugu Blankendorffsku ætt, reyndi hún alt sem hún gat til að fá Valdimar til að hætta við dæðurstílraumir sínar við Adelu, og þóttist breyta heiðarlega og sýna henni veglyndi með því að bjóða henni nokkur þúsund dali til þess, að hún skifti sér ekkert af honum eftirleiðis.

Þegar hún vaknaði til meðvitundar aftur og leit framan í son sinn, var henni þegar ljóst, að þetta var ekki draumur.

"Valdimar, er það satt?" spurði hún og leit flóttalega í kringum sig. "Þessi Messerschmidt — ó, ég þekti hann vel — sagði að þú hefðir verið giftur stúlkunni, sem þú skildir við, til að ganga að eiga Ernu. Talaðu, í guðs bænum, talaðu — segðu að hann hafi logið eða að ég sé orðin brjáluð".

"Þey, mamma! Vertu róleg! Erna getur heyrt til þír, og hvað heldurðu að hún hugsaði, ef hún heyrði það sem þú sagðir?"

"En það er þá satt, ég sé það á þér. En hvers vegna hesir þú ekki snuið þér til míni eða einhvers annars, sem gat hjálpað þér úr vandræðunum?"

"Já", sagði hann reiður, "eða, því hefi ég ekki létt af ykkur sorgunum með því að kæfa mig, skjóta mig eða taka inn eitetur? Það hefir stundum verið

"komið á freinsta hlunn fyrir mér, að gera eitthvað að þessu, síðan ég fór að sjá það ljóslega að gifting min og Ern var ekki annað en fjölkvæni".

"En, ógæsusami maður! Það máttir þú vita fyrirfram".

"Ég veit að eins, að ég var svo framúrskarandi léttuðugur, að ég gat ekki til fullnaðar dæmt um afbrot mitt. Tilviljunin var mér hagstæð. Ég fékk að vita að bókin, sem giftingarvottorð okkar var í, hefði brunnið ásamt ráðhúsini. Með slægvizku gat ég komið vitnumum í burtu — guð fyrirgefi mér það! — og komið öllu fyrir þannig, að hún getur ekki komið með gildandi kröfur. Hún getur ekkert sannað — en þessi riðingur getur það, ef hann vill".

"Hvaða skjal var það, sem hann stal úr skrifbordinu þínu áðan, og sem hann var svo hrykinn yfir?"

Valdimar stappaði á gólfisíð af vonzku.

"Ég gæti drepið hann", tautaði hann, "ó, ef Erna fær nokkurn tíma að vita, að ég hefi eignast hana með því að kremja hjarta annarar konu í sundur — hvað þá? Hvað ætli hún segði? Hvað ætli hún getði? Gæti hún elskoð mig, þegar hún fengi að vita, að það var hösuð míns eigin sonar, sem hesturinn minn braut, og þegar hún heyrir að móðir deydda örungsins segist vera kona mína, sem bíður að eins eftir tækifæri til að svista hana nafni og stöðu, og sömuleiðis lítlar Arthur son hennar?"

Hann talaði dræmt og eins og í óráði, og horfði vandraðalega á móður sína.

Augu gæmlu komunnar leiftruðu.

"Svo langt skal það aldrei komast", sagði hún. "Þegar hættan er svona mikil, þá dugar ekki að vera huglaus. Því stærri sem hættan er, því meira hugrekki þarf til að mæta henni. Í þessu tilfelli dugar ekki að hugsa um aðferðina við að ná tilgangin-

um. Ég vil heldur sjá tíu aðrar manneskjur eyðilagðar, en að vita af sonarsyni mínum flækjast um heiminn án meðfæddrar tignar og aðalborins nafns."

"Þú segir satt, mamma. Við verðum að starfa. Hjalpaðu mér með skarpleika þínum og dugnaði, þegar bú sérd að ég er að gugna".

## 21. KAPÍTULI.

Gagnslaus heimsókn.

Skömmu eftir þessa samræðu í Neapel, voru Adela Stern og Körn stödd í baðstöð við hafið. Þau nættu bar engum kunnugum, og engum af baðgestunum kom til hugar, að þessi kyrláta, ljóshærða kona, sem var svo faslaus og blátt áfram, væri hin naftukunna söngkona, hverrar frægð náði nú orðið til útlanda. Endur og sinnum söng hún ögn, bæði sér til skemtunar og til að æfa röddina, en þá stóðu líka allir kyrrir, sein á gangi voru úti fyrir, til að hlusta á þessa hreimfögru rödd.

Það var fyrri hluta dags nokkurs, er Adela og Körn sátu í bjarta, fallega herberginu sínu, að þau heyrðu klukkuna hringja.

Nani gamla var ekki til staðar að opna.

Adela horfði spyrjandi á Körn.

"Hver getur þetta verið?" spurði hún, "ég vona það sé engin fordegis kynnisför. Viljið þér gá að hver það er, góði vinur minn. Ef það er einhver leiðinlegur gestur, þá segið honum að ég sé ekki heima",

Körn gekk út og kom von bráðar inn aftur ein-kennilegur á svip.

"Það er komin kona, sem vill fá að tala við yður, kæra viðkona", sagði hann, kona, sem ekki lætur vísa sér í burt".

"Hver er það? Það er þó ekki konan — konan hāns, Erna von Heideck?"

"Nei, barnið mitt, ekki konan hans, en móðir hans. Viljið þér veita henni viðtöku?"

Adela hussaði sig um litla stund, svo stóð hún upp róleg en föl.

"Já," sagði hún, "ég vil tala við hana. Því skvldi ég ekki gera það? Hún getur annars ímyndað sér, að ég sé hrædd við hana. Látið þér hana koma, ég er viðbúin að taka á móti henni".

Eins og somdi, tók Adela rólega á móti frú von Heideck, sem drambsöm og regingsleg gekk inn til heunnar. Undir eins og gamla konan leit á hana, sá hún að hér var að mæta konu, sem í tíguleik og mentun stóð henni jafnhliða, svo hún vissi ekki hvernig hún átti að ávarpa hana. Það fór fyrir henni eins og lögmanniunum, sem hún sendi til hennar fyrir nokkrum árum, til þess að kaupa frelsi sonar síns fyrir peninga.

Körn fór út aftur, svo gamla konan var ein hjá óvin sínum.

"Pekkið þér mig, frú?"

"Já".

"Þá þarf ég ekki að geta nafns míns. Við höfum sézt einu sinni áður, en þá vissi ég raunar ekki að—"

Hún þagnaði vandræðaleg.

"Að ég var kona sonar yðar", bætti Adela við, "og þó sagði ég yður það þá, án þess að vita, við hverja ég talaði".

"Ég trúði ekki frásögu yðar, frú".

"Nei, auðvitað. Viljið þér ekki fá yður sæti? Þér virðist vera í einhverri geðshræringu, frú von Heideck. Þegar þér Lafið hvílt yður, eruð þér máske svo góðar, að segja mér erindi yðar?"

Adela talaði svo kalt og rólega, eins og þetta væri einhver ókunnugur, sem ætti tal við hana um smámuni, en gamla konan átti fult í fangi með að stjórna geði sínu.

"það er sorgin, sem kom mér til að fara hingað, frú Valdau.

Sendir sonur yðar yður?"

"Nei".

"Eða sem hefir vakið það áform yðar að heimsækja mig?"

"Nei".

"Haldið þér þá áfram, frú. Fyrst hann hefir ekki sent yður, skal ég hlusta á yður".

"Þér vitið það máske, frú, að það eru ýmiskonar fjúksögur á ferðinni, sem einnig hafa borist til eyrna sonar míns".

"Viðvíkjandi mér? Ég skal biðja yður að tala greinilegar, frú von Heideck".

Frú von Heideck ræksti sig feimnislega, og talaði fljótt og óskipulega:

"Mein segja, að þér — reynið að finna óhrekjandi skilríki fyrir giftingu yðar með — Ernst Valdau, til að gera kröfur yðar gildandi sem lögleg kona hans".

"það er nokkuð satt í þessu", sagði Adela, "ég vil fá þessar sarnanir, af því ég á heimting á þeim, en, umfram alt, látið yður ekki koma til hugar, að ég geri neina kröfu til að fá son yðar. það er ekkert fjær hugsan minni en einmitt það".

"Er það svo?"

"Ég ætti þá ekki neina ögn af sómatilfinningu né sjálfsvirðingu, ef ég vildi ná í hann. Mér hefir ekki

einu sinni komið til hugar að sanna, að Ernst Valdau og Valdimar von Heideck er einn og sami maður, til þess er hann of svívirðilegur í mínum augum".

"En þér viljið þó ná í sannanirnar. Hafið þér í hugað, að kona hans gæti fengið að heyra um þessar tilraunir? Ó, ég þori ekki að hugsa um slikt".

"Leyfið mér að taka því fram, frú von Heideck, að það er af samhygð við þessa konu, að ég breyti ekki í þessu efni jafn frjálst og óhikað eins og mér er gefið, hún er ástúðleg og hjartagóð kona, sem ekkert veit um öll þau vélabréð, sem framin hafa verið, til þess að hún fengi það sæti, þá stöðu, sem mér bar. Hún verðskuldar ekki að verða þess vör, að eitt orð frá minni lálfu getur sett hana þar, sem þér helduð að ég stæði".

Adela talaði rólega; en þó með áherzlu, og horfði djaðflega í augu gömlu konunnar.

"En þér talið ekki þetta orð, frú", sagði gamla konan hrædd og feimin, en þó með keim af drambsamri skipan, sem hún gat ekki varist að láta bera á, jafnvel á þessu augnablíki. "Setjið yður fyrir sjónir hinar vodalegu afleiðingar, sem fá orð í þá átt gætu framleitt. Hugsið um afleiðingarnar. Hugsið um barvið, hver voði því gæti staðið af slíku spori".

"Hugsa ég þá ekki um hann!" sagði Adela ákof, "það er hans vegna, að ég þoli og líð —"

Hún þagnaði alt í eim. Gamla konan horfði undraudi á hana.

"Ég skil yður ekki, frú", sagði hún, "það getur vart verið hans vegna, að þér reynið að gera móður hans að lögmaðri konu".

Adela áttáði sig fljótt.

"Ég get því ver ekki látið yður skilja mig í þessu efni, frú von Heideck", sagði hún kuldalega.

"En ég get fullvissað yður um, að það verður ekki um son yðar að baráttan hefst, heldur um nafn

hans. Hr. von Heideck er dauður fyrir mér, og það eira, sem mér sármær, er það, að ég syrgði hann bæði iunvortis og útvortis, þegar hann lét þá hlægilugu fregn berast út, að hann væri dauður. Hann var ekki þeirrar sorgar verður. En það var þá, sem ég losaði sjálfsi mér að hefna míni”.

“Að hefna yðar?” sagði frú von Heideck felmtsfull.

“Já, og þér megið vera vissar um það, að þessi hefnd skal koma fram. Hr. von Heideck skal einhvern tíma fá að vita í hverju hefnd míni er innifalin, en til þess að ná þessu takmarki mínu, verð ég að hafa saumanir í höndum fyrir því, að það er ég, sem er hans lögmæt kona. Ef hann vill kalla annan kvennmann konu sína, meðan ég lifi, þá má hann það míni vegna. Hættan fyrir því að það sannist, að hann og Ernst Valdau sé sami maður, hvílir á honum”.

Hún hneigði sig kuldalega til að gefa til kynna, að viðræðurnar væru á enda, og frú von Heideck varð að fara með þá vissu, að hún hefði beðið ósigur.

Þegar hún kom heim, skrifði hún syni sínum og sagði honum, hvað hún hefði gert. Hún huggaði hanum með því, að Adela kærði sig ekkert um hann sjálfan, það væri að eins nafn hans, sem hún vildi fá.

“En þrátt fyrir þetta”, sagði hún að lokum, “er þessi manneskja mjög hættuleg, og það er ómögulegt að vita, hvað hir særða sómatilfinning hennar, getur komið henni til að gera; ég álit hana fera í alt”.

Adela hélt áfram söngstörfunum, án þess menn grunaði um sorg þá, er hún bar í lugu sínum, og Erna var kyr í Neapel ásamt drengnum sínum, sem leið þar svo vel, að hún vildi ekki hugsa um heimferðina. Þess eldri, sem Arthur varð, því betur kom það í ljós, að hann líktist alls ekki móður sinni, hún hélt jafnvel, sér til mikillar undrunar, að sér findist

honum svipa til annarar konu, en það var henni hulin gáta, hvernig á því gæti staðið. Heideck sýndist þetta líka, og það hafði stundum svo mikil áhrif á hann, að hann var hræddur við að sjá blíða andlitið hans sonar síns. Það var eins og þessi tilvijun, að drengurinn líktist annari konu, ætti að vera honum hegning fyrir æskuléttuð hans. Drengurinn leit til hans á sama hátt, eins og unga konan, sem hann hafði taldregið svo svívirðilega, og þannig atvikaðist það, að stund eftir stund, dag eftir dag, varð sonur hans til þess, að minna hann á afbrot sitt gegn Adelú Stern.

---

## 22. KAPÍTULI.

### Játningin.

---

Endurminningin um hina fyrstu ást barúns Carl von Lebau, fylgdi honum ávalt og allstaðar. Sú staðreynd, að Adela Stern var ekki ekkja, heldur saklaus að orsakalausu yfirgefin kona, minkaði ekki ást hans að meinu leyti, það var þvert á móti eins og traust það, sem hún sýndi honum, drægi sálir þeirra nánara saman.

Hann hlýddi vilja hennar í því að fara langt í burtu og ferðaðist til Ameríku, þar gerðist hann ferðafélagi tveggja annara ferðamanna, sem ætluðu að ferðast um enska hlutann af Norður-Ameríku, og skoða ólygðirnar þar. Ungir, röskir og hugdjarsír, eins og þeir voru, flýðu þeir engar hættur, sóttust

nar því heldur eftir þeim, og höfðu jafnan góðan árangur af reiki sínu.

Fyrstu jólin dvöldu þeir við Niagaraossinn, sem þeir dáðust að í hvíta vetrarklæðnaðinum sínum, en þar var hótel, sem gat veitt þeim skjól fyrir veðuróblíðunni. Önnur jólin, sem þeir dvöldu fyrir vestan Atlantshafið, áttu þeir ekki eins þægilegt heimili. Samferðameðmennir skildust að, þegar þeir eitt sinn leituðu skjóls undan æðisgengnum stormi. Með öðrum fórunaut sínum, ásamt indverskum leiðsögumönnum og þjónum, var barún Lebau staddur í bjálkkofa nálægt virkinu Pitt, sem stóð við Saqueskurðinn, og átti þar að stríða við hinar óblíðu vetrarhörkur.

Um þetta leyti mætti barúninn umrenningi nokkrum, sem reyndist að verða mjög mikilsverður fyrir útlistun þessarar sögu, þótt undarlegt megi virðast.

Leitandi að hinum horfna samferðamanni sínum, með byssu sína á öxlinni, kom hann þangað, sem Indiánar höfðu reist landtjöld sín. Meðal þeirra vingjarnlegu rauðskinna fann hann hvítan mann, fárveikan, og hvíta konu, sem sat grátandi við hvílu hans.

Í byrjuninni leit út fyrir, að 'Jean' ætlaði að vinna sigur á veikindunum, en svo hnignaði honum aftur smátt og smátt, og öll von um framhald lífs hans hvarf gersamlega. Jean vissi sjálfur, að það var úti um hann.

"Minir dagar eru taldir, Eska", sagði hann við konuina sem grét. "Gráttu ekki, góða míni, ég vona að þér gangi vel. Þeir lofa þér að vera með sér, þangað til þú finnur aftur hvíta menn. En það er eitt, sem særir mig á dauðastundinni. Mig langar til að sjá einhvern landa minn áður en ég dey. Ég geytai leyndarmál í minni mínu, sem ég vil síður fara með í grófinu".

"Get ég ekki skrifsað það upp fyrir þig, Jean?"

"Jú, ef þi hefir nokkuð að skrifa með, en þú hefir svo slæmt minni, að það gagnar ekki, að ég segi þér það".

"Ég skal ekki gleyma einu orði, og undir eins og ég kem til hvítra manna, skal ég skrifa það upp".

"Máske gömlu hjónin séu dáin, áður en þau fá að vita það, en það er það sama, ég ætla að segja þér það — þey — hvað var þetta? Heyrðirðu ekkert?"

Hann reyndi að setjast upp, og studdi Eska hann til þess.

"Ég heyrði ekkert" sagði hún.

"Jú — það var rödd — ekki Indiána rödd — en tödd hvíts manns — rödd landa míns — þey — heyrðirðu — núna aftur".

Vonarglaunpa brá fyrir í augum hans, og hann varð dálitið óþolinmóður. Það var barún Lebau, sem stefndi á reykinn, er hann hafði séð í fjarlægð, og kallað við og við: 'Hollah' — 'Heida'! sem veiki maðurinn hafði heyrt til. Hann sá strax, að Indiána-flókkur þessi var meðal hinna friðsömustu, og fór til þeirra til að spyrja um samferðamann sinn. Þeir gátu að eins sagt honum, að hvítur maður læi veikur í einu tjaldinu þeirra, og þangað gekk Lebau vonand og kviðandi.

En hann fann ekki vin sinn þar, heldur einhvern ókuunan hvítan mann að dauða kominn, ásamt hvítí konu.

"Get ég hjálpað yður nokkuð?" sagði Lebau og gekk að hvílunni.

"Mér er ekki mögulegt að hjálpa héðan af", sagði Jean; "á morgun um þetta leyti verður búið að jarða mig. En þér getið samt gert nokkuð fyrir mig, ef þér viljið".

"Ef ég vil? Auðvitað vil ég ef ég get".

"Hafið þér ritföng hjá yður?"

"Ég hefi vasabók og blýant, ef það er nóg".

"Já, það er nóg. Viljið þér skrifa það sem ég segi yður, og kreinskrifa það svo seinna?"

"Já, ég skal gera það".

"Gið blesi yður fyrir það; ég dey rólegri, ef gömlu hjónin fá að vita, að ég hefi iðrast þess".

Hann sagði nú með mikilli áreynslu og mörgum hvíldum frá undarlegri sögu. Að hann hefði verið óreglumaður og héti Jóhann Krumholt. Hann sagði barúminum, að skömmu áður en hann fór að heiman, hefði hann tælt gömul hjón í Schwarzwald til að fara til Ameríku, þau hefðu lisað af því, að halda gestgjafahús, sem þau hefðu selt ásamt öðrum eignum sínum, aður en þau fóru. Þetta hefði hann gert fyrir mann nokkurn, sem hefði borgað sér mikið sé fyrir það, en hvers vegna sá maður hefði viljað þau í burt, það vissi hann ekki; hann vissi heldur ekki, hvort þau hefðu komist áleiðis; honum stóð á sama um það í þá daga; hann hefði látið þenna vonda mann kaupa sig til þessa starfa fyrir ærna peninga.

Barúinn undraði stórum frásaga þessi, hjarta hans barðist tiðara en ella og höndin skalf, svo hann átti örðugt með að skrifa.

"Gömul hjón frá Schwarzwald?" sagði hann, "hvad hétu þau? Segið þér mér nöfn þeirra, strax".

"Strax, já, það verður að gerast, því annars getur það orðið of seint. En er ekki bezt að kveykja, hér er orðið svo dímt".

Úti var vel bjart, en skugga dauðans dró yfir augu hins veika manns.

Barúni:n bar ferðaflösku sína, með sterku rommi í, að vörum mannsins. Hann drakk vænan sopu og virtist lífna við allra snöggyvast. Konan sat út í horni og grét.

Með veikri röddu nefndi hann nafn gömlu hjónanna, sem Ernst og Adela höfðu dvalið hjá fyrstu hveitibrauðsdagana sína.

Carl barún var í mikilli geðshræringu.

"Hafið þér skrifast nöfmin?" spurði hinn veiki maður stynjandi.

"Já, og ég veit líka, að leitað hefir verið að gömlu hjónunum, og að frásögn yðar er mjög áriðandi konu nokkurri. Þér hafið unnið mikið gagn með því að segja mér þetta. Og nú, fljótt, hver borgaði yður fyrir að gera þetta? Hvað hét þraelmennið, sem það yður að gera þetta? Það er áriðandi að vita það.

Hinn deyandi maður hreyfði varirnar, en ekkert hljóð heyrðist koma yfir þær.

"Talið þér", sagði barúminn, "hver fékk yður til að gera þetta?"

Veiki maðurinn gat ekki talað. Augu hans voru kyr og líktust glasmolum og varirnar fölnuðu.

"Spyrjið þér hann", sagði Lebau við konuna, "máske hann skilji yður betur, ég þarf að sá að vita nafnið".

Konan laut niður að hinum deyjandi manni sínum, en vegna sorgarinnar gleymdi hún því, sem barúinn bað hana um, og hvíslaði í þess stað ástríkum orðum í eyra hins deyjandi manns — það hefði líka verið gagnslausl, að bera fram spurningu barúnsins, því á næsta augnabliki var lífið sloknað, svo það var að eirs hinn liflausi líkami þess manns, sem hún hafði elskað, er hún hélt í faðmi sínum.

Jóhann Krumholt fór með nafn ódáðamannsins þangað, sem öll leyndarmál eru í óhultri geymslu.

Hinn framliðni var jarðsettur skamt þaðan sem hán dó, og barún Lebau lét ekkjuna fylgjast með sínu föruneytinu: sá fylgdarmaður sem vantaði, kom nú einnig í leitirnar, sem gladdi Lebau mikið.

## 23. KAPÍTULI.

Markverðar fregnir.

Það var erfitt fyrir Lebau, að finna gömlu hjónin, eð loks hepnadist honum það þó. Tveim dögum síðar en hann hafði fengið vitnisburð þeirra um það, sem hann vildi vita, var hann á leið til hafnarinnar, til þess að taka sér þaðan far með skipi til Hamborgar. Engar hættur gátu afstrað honum á þessari leið; hann fór skernstu leið, og hve hart, sem hraðlestin rann yfir hið eyðilega land, var þó hugur hans langt á undan. Til Hamborgar kom hann, án þess nokkuð markvert hefði við borið, og í fyrsta blaðinu, sem hann sá þar, las hann nýtt sigurhrós um Adelu. Hún var þá lifandi og heilbrigð, — svo hann gat vænst að sjá hana bráðum. Hann var búinn að gleyma því banni hennar, að láta sjá sig í nálægð hennar, hann áleit að fregni, sem hann flutti, myndi útvega honum fyrirgefningu, þó hann væri dálitið óhlýðinn.

Án þess að dvelja sem nokkru nam, kraðaði hann sér til járnbrautarstöðvanna, og áður langt um leið var hann kominn þangað, sem Adela átti heima.

Adelu grunaði alls ekki, að hann væri í nánd. Kveld nokkurt, þegar farið var að dimma, stóð hann

alt í einu fyrir framan hana. Hún sat í litla garðinum sínum, og hugsaði hnuggin um þenna ungamann, sem forlögin höfðu hrakið inn í sorga-hringiðu hennar. Þá brakaði lægt í runnanum, og skugga brá fyrir milli hennar og hins dvínandi dagsljóss. Hún sá Lebaú barún standa fyrir framan sig, og á sama augnablik mundi hún, að hann hafi sagt, að eftir dauða sinn mundi skugginn sinn svífa í kringum hana. Hún hljóðaði lágt; en Lebau svífti hana skjótlega þessari villu.

Hann fóll á kné fyrir framan hana og greip hendi hennar.

“Adela, ástfólgna Adela”, sagði hann, “það er ég! Af hverju verðið þér svona hræddar? Eruð þér reiðar af því, að ég kem? Eigið þér ekki eitt orð til að bjóða mig velkominn með? Talið þér! Talið þér þó!”

Adela jafnaði sig fljótt og sagði vingjarnlega:

“Eruð það þér? Ég var hrædd, þér komuð svo skyndilega. En velkominn eruð þér mér — því vil ég aldrei neita. Hvar er konan, sem þér losuðuð að koma með, kæri barún? Mér virðist þér vera aleinn. Hvað flytur yður hingað?”

Hann svaraði rólegur:

“Ég man ekki eftir, að hafa gefið yður jafn heimskulegt loforð. Ég kem einn og ég kem yðar vegna”.

“Min vegna?”

“Ég kem til að færa yður fregn, sem ef til vill gleður yður, en sem er þróskuldur í vegi vona minna”

“Þér smertið þarna við málefni, sem er okkur báðum hrygðarefni —”

“Ég veit það, og ég segi það lika af því, að ég held, að þér hafið gagn af því. Ég fór frá Ameríku og hingað til að flytja yður fregn. Adela, ég hefi

fundið gömiu hjónin frá Schwarzwald, sem þér leit-  
uðuð árangurslaust að”.

“Er það mögulegt? — Hvar og hvernig?”

“Ég frétti til þeirra og leitaði þeirra unz ég fann  
þau; þau voru tæld til Ameríku, svo þau gætu ekki  
berið yður vitni”.

“Muna þau estir mér ennþá?”

“Já, bædi yður og dvöl yðar í gestgjafahúsinu;  
þau mána öll auka-atríði við gistiinguru yðar”.

Hann þagnaði snöggvast, því honum veitti erfitt  
að segja þetta orð.

“Ég sékk hjá gamla manninum skriflegt vottorð  
um það, að hann og kona hans hefðu verið vitni við  
hjónavigsluna. Hann er viljugur til að koma hingað,  
ef það skyldi verða nauðsynlegt”.

Hann þagnaði skyndilega, því Adela brast í ákaf-  
an grát, og grét lengi áður en hún gat stilt sig.

“Hvers vegna grátið þér?” sagði barúninn, er  
það af gleði eða sorg?”

“Hvorutveggja: ég græt af hrygð yfir því, að  
vetða að baka yður sorg, og af gleði yfir því að geta  
sannað, að ég er gift, og að sonur minn —”

Hún þagnaði vandræðaleg.

“Hann er dáinn, svo gagnvart honum hefir sönn-  
unin ekkert gildi”, sagði himm umgi maður.

“Fyrir gefið mér, kæri barún, hugsanadraumar  
mínir trusla mig stundum. En segið mér eitt — virt-  
ist yður ég ekki köld og tilfinningarlaus, þegar þér  
töluðuð við mig hjá dánarbeði sonar míns?”

“Ó, nei”.

“Voruð þér ekki hissa á því, að ég skyldi ekki  
geta felt tár yfir hinum dána dreng?”

“Það era til svo sárar tilfinningar, að menn geta  
ekki grátið. Verið þér nú ekki að kvelja yður sjálfa,  
kæra frú, ég —”

Í þessu bili kom Körn inn til þeirra, og horfiði

hálf hissa og hálf sorgmæddur á unga manninn.

"Velkominn astur, hr. barún", sagði hann, "en ég veit naumast, hvort þessi ósk á að gleðja mig. Ég veit ekki, hvort það er gott að þér komuð astur".

"Jú, það er gott", sagði Adela fljótt, "hr. barúninn hefir fært mér áriðandi fregnir".

"Viðvíkjandi því, sem þér eruð sífelt að hugsa um, gizka ég á".

"Alveg rétt, ég hefi verið svo heppinn að finna hjónin, sem voru vottar að giftingu frú Adelu og —"

"Pey — pey! Hvar funduð þér þau?"

"Í Canada".

"Það er langt í burtu — er það þá alveg áreiðanleg vitni þessi gómlu hjón?"

"Já, ég hefi í höndum skriflegt vottorð frá þeim, og get fengið þau hingað að fjórum vikum liðnum, ef þarf".

"Guð blessi yður fyrir þessar fregnir, hr. barún", sagði gamli maðurinn klökkur, "nú skal almenningur fá að vita um þetta".

"Nei, ekki strax, kæri Körn", sagði Adela, "við vetðum að miðnast þess, að málefni þetta snertir fleiri en okkur. Segið þér okkur heldur frá samfundum yðar við gómlu hjónin, kæri barún".

Lebau sagði nú greinilega frá því, þegar hann fann hinn veika landa sinn, og leyndarmálín, sem hann auglýsti horum.

"Þetta er saga mín í fáum orðum", sagði hann, "hún er nógú rómantisk til að sýna það, að lífið er oft skáldlegra, heldur en menn vilja játa".

Síðan bauð hann þeim góða nótt, og fór í burt.

Þegar Adela var orðin einsömul, grét hún eins og barn.

Nú voru enn þá fleiri hindranir til að brjóta á bak astur, ef henni ætti nokkurn tíma að auðnast að verða kona unga, eðallynda mannsins, sem einn átti

sæti í huga hennar og hjarta. Og þó var það hún sjálf, sem var svo óbilgjörn, að leggja þessar hindranir í veginn, með því að setja annan mann, sem hún var löglega gift, sem þróskuld milli sín og hans. Það var engin furða, þó fallega frúin gréti.

---

## 24. KAPÍTULI.

Hraðfréttarskeyti.

---

Lebau barún gekk beina leið frá heimili Adelu til gildisskála aðalsmanna.

Í þessu húsi hafði hann fyrst fundið hr. von Heideck, en nú bjóst hann ekki við að sjá hann, þar sem Heideck var að sögn í Ítalíu enn þá.

Þegar hann kom inn, var honum heilsað með sannarlegri árægju, og margar hendur voru glaðlega réttar til hans.

“Ég hélt að þið væruð allir búmir að gleyma mér”, sagði hann brosandi.

“Enginn hefir gleymt yður, kæri Lebau”, sagði rödd, sem gerði honum bilt við, það var rödd þess manus, sem hann hafði ekki búist við að heyra hér.

Hr. von Heideck hafði orðið að ferðast heim við víkjandi eignum sínum og viðskiftum, og var nú einn af þeim, sem heilsaði Lebau.

Barúninn gaf engan gaum að hendinni, sem Heideck rétti honum, og lét sem hann væri önnum kafinu með blöðin sín. Heideck leit undrandi á hann,

hann vissi ekki, hvort hann gerði þetta af ásettu ráði eða af því að hann hefði eigi séð hann.

Hann endurrtók því kveðju sína og sagði:

“Nú, gamli kunningi, velkominn aftur”.

Barúniun leit kuldalega til hans, og sagði með lágrí röddu, til þess að hlífa Heideck :

“Vegna yðar eigin kringumstæða, óska ég helzt, að við séuma hér eftir ókunnugir”.

Hr. von Heideck varð hissa.

“Eðkilega”, sagði hann með uppgerðar hlátri, “en þar eð við skildum sem vinir, þætti mér vænt um að þekkja ástæðuna syrir slíkri framkomu”.

“Viljið þér að ég greini frá ástæðunni hér?”

“Já, hér eða hvar annarstaðar, sem yður þóknast”.

“Það er með fám orðum sagt, viðvíkjandi frú Adelu Stern.

“Hvernig?”

“Það er hennar vegna, að ég vil ekki halda kunningskap okkar áfram”.

Heideck brosti veiklulega.

“Ég er ekki svo heppinn að skilja yður”, sagði hann.

“Þá er hægt að skýra það á auðveldan hátt. Ég hefi komist að því málsatriði, sem frú Stern var með svívirðilegri aðferð varnað að geta. Ég hefi í Ameríku fundið gömlu hjónin, sem voru vitni að giftingu Adelu með manninum, sem sveik hana svo níðingslega. Ég fann líka þann mann, sem fenginn var til þess að tæla þau til Ameríku. Gömlu hjónin eru fús til að koma hingað og eiðfesta vitnisburð sinn, undir eins og frú Stern leggur málið fyrir réttinn”.

Heideck titraði af hræðslu, en gat þó brosað háðslega.

“Það er mjög leiðarlegt af yður, hr. barún”, sagði hann, “það er að eins leiðinlegt að þessi upp-

götvuu verður fastari tálmuṇ milli þessarar dömu og yðar".

"Ég met gæsu þessarar konu meira en mína eigin. Jæ-ja, við höfum þá ekki fleira að tala um, hr. von Heideck".

"Nei — mér veitist sú virðing að kveðja".

Undir áhrifum megnrar hræðslu og heifstar, fjarlægði Heideck sig, án þess þó að líta af þessum nýja og óvænta móttöðumanni.

Rétt í þessu fékk þjónninn honum símrítaskeyti.

Hann gekk að glugganum og reif umslagið af í flýtir.

Finn af vinum hans tók eftir því, að hann fölmaði, og varð að styðjast við gluggaumgerðina til að detta ekki.

"Eru það sorglegar fregnir", spurði vinurinn í hluttekningarróm.

Heideck leit tryllingslega á hann, og gat með naumindum beðið þjóninn, að biðja símrítaboðberann að bíða eftir svari. Símritið, sem hann kastaði á horðið, var frá Lafont, herbergissveini hans, sem samkvæmt skipun frú Ernu lét hann vita, að sonur hans hafi orðið fyrir slysi, og að hann mætti hraða sér til þeirra, ef hann vildi fá að sjá kann einu sinni enn.

Heideck gekk í burtu; símritið, sem hann fleygði, datt ofan af horðinu og að flótum Lebaus, sem tók það upp og leit á það.

"það er eins og einhver refsinorn elti þenna mann", hugsaði hann um leið og hann stakk símrínu i vasann. "Ég skal segja Adelu frá þessu á morgun, hún vill víst fá að vita það".

Daginn eftir kom hann óvanalega snemma á heimili Adelu, eu af því hann var einkavinur hennar kynföist honum slíkt. Adela hlustaði róleg á frásögu hans um samlaundi þeirra Heidecks, og barúninn kvaðst vera feginn, að þurfa ekki að sjá Heideck fyrst

utu sinn, þar eð hann hefði fengið slæmar fregnir frá fjölskyldu sinni, og því ferðast til Neapel. En þegar hann rétti henni sunnritið og hún leit á það, hljóðaði hún hátt.

"Barnið — barnið!" kallaði hún örvaentandi og hníður meðvitundarlaus.

Barúnir varð hræddur og hringdi í ákafa, svo baði Körn og Nani komu þjótandi inn.

"Hvað hefir komið fyrir?" spurði Körn. "Pér hafið liklega sagt henni, að hann sé hér í borginni núnni, en hún er svo taugaveikluð og óróleg um þessar mundir, að það hefir hrætt hana, er það ekki?"

"Ég sagði henni það að sönnu, en ég held að það sé ekki orsök til yfirlíðs hennar".

"Ekki?"

"Nei, hún tók því mjög rólega. En þegar ég sýndi heuni sunnritið, sem Heideck fékk, sem flýtti fyrir burtför hans, hljóðaði hún hátt og fell í dá. Ég hafði ekki ímyndað mér, að hún væri slika umhyggju fyrir litla drengnum hans Heidecks".

"Hefir nokkuð komið fyrir barnið? Hafið þér sagt frúnni frá því?" kallaði Nani ágndofa.

"Já, það gerði ég", svaraði Lebau.

Hún skeytti nú ekkert um meðvitundarleysi Adelu, en starði mjög skelkuð á barúninn.

"Hr. von Heideck fékk þau boð, að hann yrði strax að koma, þar eð sonur hans lægi fyrir dauðanum".

"Fyrir dauðanum? Ó, guð hjálpi okkur! Mig undrar þa ekki, þó hún felli í dá. Farið — farið út, herrar minir. Ég skal einsömul vekja hana til meðvitundar".

Lífslerill Ar Stern hafði leyndarmál að geyma, sem var hulið bezta vininum hennar.

Körn og barúninn gengu út.

"Ég get ekki skilið, hvernig fregnin um veiki 6-

viðkomandi barns, getur haft önnur eins áhrif á vin-komu okkar", sagði Lebau.

"Konurnar eru gátur", sagði Körn og stundi við, sem ekki er auðvelt að skilja".

En gamla manninn fór nú að gruna ýmislegt, og orð Nani vöktu hjá honum hugsun; sem hanin enn ekki þordi að láta í ljós. Barúminn kvaðst ætla að koma aftur seinni um daginn, til að vita hvernig frú Stern liði, en Körn réði honum til að koma ekki fyr en að morgunum daginn eftir, þat eð Adela væri of vesel og þyrfi að hafa næði.

Þegar barúlinn kom þangað morguninn eftir, fann hann viðekonu, sem sagði honum að frúin væri farin, en hvert, það vissi hún ekki. Hún hefði verið veik og sorgmædd allan daginn i gær, og undir kveldið hefði Nani útvegað henni vagn; hún hefði stigið inn í vagninn, án þess að hafa annan farangur en two litla böglu, og svo ekið á brott.

"En hesir þá enginn spurt um, hvert hún ætlaði að fara?"

"Jú, hr. Körn kom hingað og var í meira lagi á-kafur; hann vildi tilkynna lögreglunni þetta, af því hann hélt að frúin hefði þotið af stað í einhverju brjálsemis aði. En Nani huggaði hann með nokkrum orðum. Ég held líka að Nani geti gefið yður bestar upplýsingar", bætti stúlkán við.

Barúlinn mætti gamla Körn í dyrunum, og var hann mjög hnugginn.

"Hvar er hún?" sagði Lebau með ákefð. "Vitið þér það?"

"Ekki nakvæmlega. Nani veit það, en vill ekki segja það. Ég held hún hafi farið til Neapel".

"Til Neapel? Í hvaða tilgangi?"

"Til að sjá þetta deyjandi barn. Spyrjið mig ekki um meira, hr. barún, ég get ekki sagt meira, ég hefi að eins ágizkanir. En með tímamum kemur sam-

leikurinn í ljós, svo við fáum að þekkja misgerð hennar eins og hún er”.

“Misgerð hennar? Hvað hefir hún þá gert?”

“Það, sem ekki er hægt að kippa í lag aftur, og sem því ver mun hafa sorglegar afleiðingar”, svaraði Körn, og þetta varð barúminn að láta sér nægja.

Ágizkan Körns var rétt. Adela notaði fyrstu hraðlestina, sem til suðurs rann, og var nú á leiðinni til Neapel, til að sjá barn Valdimars von Heidecks, sem fyrir slysini hafði orðið.

## *Arnþjotur B. Olson*

### 25. KAPÍTULI.

Dauði óðalsherrans.

Erna var ánægð og róleg í Neapel, og leið þar ágætlega. Hún virtist að hafa yfirgefið allar skemtanir heldra fólkssins, til að geta helgað barninu sínu líf sitt. Hana grunaði ekkert um þær hugarkvalir og órósemi, sem maður hennar og móðir hans áttu við að búa. Hún hafði ánægju af að horfa á glaðlega leikina drengsins sine, og kom ekki til hugar, að til væri kona, sem með einu einasta orði gæti svist hana þeirri stöðu, sett hún og barn hennar höfðu í mammfélaginu, og gert arenginn hennar að frillusyni.

Drengurinn gat nú orðið talað við hana, og krafist samhygðar hennar í gleði sinni og sorgum. Hún var sjálf kennari hans, og vildi ekki missa þá stöðu, þótt bæði faðir hans og aðmíma álitu réttast að fá

honum kensiukonu. Það, sem hana furðai mest, var, að litli Arthur var hneigður fyrir og hafði hæfileika fyrir söng. Hann hafði ánægju af að heyra aðra syngja, og söng sjálfur eins og levirki.

Þegar hún sagði manni sínum frá þessum hæfileikum, vildi hann fyrst ekki trúa því, en þegar hann sjálfur heyrði drenginn syngja, varð hann ergilegur og sagði, að hún yrði að venja hann af þessum skrækjum.

"Það er leiðinlegt, að hafa svona söngfugl á heimilinu. Kendu drengnum nógum snemina að skemta sér við annað, honum getur komið til hugar, að hann hafi songhæfileika, en til þess að velja súka lífssöðu er harn of ríkur og attstór".

Erna skildi ekki af hverju þessi óvild manns hennar gaguvart söng Arthurs litla gat verið sprættin, en hún hagaði sér þó eftir þessum dutlungum hans, sem hún kít svo á að þetta væri réttast nefnt.

Dag nokkuru kom Arthur inn í herbergi móður sianar, þar sem mamma hans og amma sátu og spjölluðu saman, en Lafont stóð á hleri eins og vant var.

Arthur söng hátt, en Erna þaggaði niður í honum

"Þey, þey, litli drengurinn minn, þey, pabbi vill ekki að þá syngir", sagði hún.

Drengurinn vafði sig upp að móður sinni.

"Því má ég ekki syngja, mamma?" sagði hann. "Það er svo fallegt".

"Pabbi segir að það eigi ekki við fyrir ættgösgan dreng", sagði Erna mæðuleg, "og hann er hræddur um, að þér verði ilt í hálsinum".

"En fuglarnir syngja allan daginn, mamma, og þeit verður ekki ilt í hálsinum. Þá vildi ég miklu heldur vera söngfugl, ekki samt eis og páfagaukur, sem bára organar".

"En Arthur minn. Þér líður betur núna, heldur en ef þú værir fugl. Þú skalt lika sá leyfi til að syngja; þegar þú ert orðinn stór, þá máttu syngja eins mikil og þú vilt".

"Jean segir að ég skuli syngja allan daginn", sagði drengurinn ergilegur.

"Jean er slámur maður, sem skiftir sér af því, sem honum kemur ekki við, sonur minn", sagði Erna önug, "þú mátt ekki hlusta á hann, Arthur".

"Því þá ekki? Hann er góður, mamma. Hann kann lika að syngja og blístra í fingurna. Og hann kann svo margar listir, hann getur fleygt spilum og peningum burt svo það kemur ekki aftur".

"Það er ekki svo undarlegt, barnið mitt, það geta allir látið peninga hverfa".

"En ekki eins vel og hann, mamma. Hann tekur þá á milli fingranna, blístrar, og svo eru þeir horfnir. Og, mamma, veiztu hvað hann getur líka?"

"Nei, hvað getur hann?"

"Hann getur tekið alt hárið af höfðinu, og þá er hann alt öðruv si — eins og negri".

Erna starði á barnið.

"Góða Erna", sagði gamla konan, "hvað eruð þei að láta barnið segja? Þér aettuð ekki að láta hann vera oft hjá vinnufólkini, hann er eftirtekta-samur og sér og heyrir svo margt, sem honum er ekki holt".

Jean þótti vænt um það, sem gamla konan sagði, því hún heyrði alt sem sagt var.

"Lofisð þér honum að tala", sagði Erna. Arthur segir ekki nema sannleikann, og þar eð það sem hann sá, virðist hafa gert hann hræddan, er bezt að við sáum að vita það svo við getum látið hann skilja, að hafin þurfi ekki að hræðast það. Hvað sást þú svo, Arthur líkli, þegar Jean tók af sér hárið?"

"Íað var niðri í gardinum, mamma. María sagð

ist ætla að sackja mér að drekka, og ég var einn. Þá sá ég Jean liggja í grasinu og heyrði hann tala við sjálfan sig. 'Pú, ha', sagði hann, 'en hvað hér er heitt', og svo tók hann alt hárið af sér og lagði það í grasið. Svo lét hann það á sig aftur og bölvæði svo mikið, að ég varð hræddur og hljóp burtu, mamma'.

Erna varð hugsandi við þessa sögu.

"Ætli það sé mögulegt, að þessi maður sé grímu-lúinn?" sagði hún við tengdamóður sína.

"Hvaða hugmynd!" sagði hún. "Jean hefir lík-lega líttin hárvöxt og reynir að leyna því með hár-kollu".

"Það er laglega gert af gömlu konunni að verja mig", hugsaði Jean, "og það þó hún vildi helzt drepa mig á eitri. En strákurinn, ég verð að passa hann betur, ef hann verður mér til ama, vildi ég helzt háls-brjóta haun".

Erna sefaðist við orð gömlu frúarinnar.

Það er samt sem áður ógeðslegt", sagði hún með hrylliagi, "þegar Valdimar kemur heim ætla ég að biðja hann að láta þennamann fara".

En morgunaður eftir fékk hún annað að hugsa um.

Húsið, sem Heideck fjölskyldan bjó í, var með breiðu marmorariði, sem lá ofan í breitt anddyri með marmoragólf og gosbrunn í miðju gólfinu með blóm-unum umhverfis.

Erna hafði gengið inn til tengdamóður sinnar, en lítil Arthur lék sér að knætti í ganginum fyrir ofan stigann. Jean stóð hjá gosbrunninum og reykki-vindil í neikindum sínum.

Knöttur Arthurs valt ofan stigann, og ætlaði hann að gripa hann, en var á of hraðri ferð, svo hann misti fótanns og valt sjálfur ofan allan stigann, unz haun staðnæmdist á gólfinu.

Jean hefði getað gripið drenginn í stiganum, en gerði það ekki.

"Þetta er þó lán fyrir mig", hugsaði hann, "nú ætti amman að fara sömu leið".

Á þessu augnabliki þaut María æpandi ofan stigann, og Jean lézt vera að stumra yfir drengnum.

"Guð minn góður, hann er dauður — hann er dauður!" kallaði þernan og kastaði sér niður við hliðna á drengnum.

"Nei, hann er bara í dáí, verið þér rólegar", sagði Jean, og á meðan þusti hitt vinnufólkid að.

"Guð minn góður, hvað æthi frúin segi", tautaði það.

"Ég sæki læknir", sagði Jean og fór.

Drengurinn var ekki dauður, en föla og hreyfingarlausa andlitið hans, spáði engu góðu. Samstundis og móðir hans og amma, sem voru örvilnaðar af sorg, kom læknirinn, hann sagði að fall drengsins hefði skemt heila hans.

Erua duldi örviðnan sína eins vel og hún gat, og brúkaði meðulin, sem læknirinn fyrirskipaði, með inestu nákvæmni. Ekkert annað en föla andlitið tenti á sorgina í huga hennar.

"Símrítið þér strax til Valdimars", sagði hún við tengdaimóður sína.

Begar Valdimar von Heideck, með fölar kinnar og kviða í huga, kom til Neapel, vöktu tveir vonarlitlir læknar við rúmi sonar hans.

## 26. KAPÍTULI.

Vægðu henni.

Heideck sat hvildarlaust í margar stundir við rúm drengsins. Undir kveldið læddist Jean inn til hans og sagði, að kona vildi fá að tala við hann.

"Kona? Hérna? Núna? spurðu hver hún sé og segðu henni að koma á morgun".

Jean varð skrítinn á svip.

"Pessi kona lætur ekki vísa sér á burt", sagði hann, "hún bað mig að kalla á konu yðar til sín, ef þér neituðuð að tala við sig".

"Hver er hún þá?" spurði hann hissa.

Jean hló háðslega.

"Hún vill ekki segja nafn sitt. Ég fór með hana inn í sérherbergi yðar".

"Þetta er dæmalaust", sagði Heideck reiður, "ég skal tala við hana, þó ekki sé til annars en að reka hana út, og þú leyfir þér aldrei oftar að kleypa konu inn í mitt herbergi".

Hann gekk fljótlega út og Jean á eftir með háðbros á vöruin.

Heideck gekk hálfhræddur inn í nýja herbergið sitt. Hann sá grannvaxinn kennimann standa á miðju gólfí. Það fór ósjálfrátt hryllingur um hann, en sagði þó hryssingslega:

"Þjónninn sagði mér, að þér vilduð tala við mig, en af því drengurinn minn er veikur, bið ég yður að vera fáorða".

"Ég skal vera fáorð, Ernst Valdau", sagði konan rólega en kalt.

Heideck þekti röddina, án þess konan þyrfti að lyfta blæjunni frá andlitinu. Hann reikaði og varð að styðja sig við stól til að dötta ekki.

"Adela", tautaði hann.

"Já, það er ég, konan yðar", sagði hún með áherzlu og ískrandi kulda.

Hversu breytt var hún nú orðin, þessi kona, sem um ámægjudaga þeirra hafði verið svo eftirlátsöm og blið? Nokkur augnablik stóð hann í algerðum vandræðum, og vissi ekki, hvernig hann átti að ávarpa hana. En hugleysi hans og bleyðiháttur hvísluðu því að honum, að horum væri best að tala í önnugum og tráhrindandi róm.

"Talið þér ekki svona hátt", sagði hann, "þessi undarlegi orð yðar heyrast ef til vill af vinnufólkini, og orsaka verðskuldaða undrun, sem ekki getur verið þægileg fyrir yður sjálfa".

"Þér meimið fyrir yður — ekki fyrir mig. Mín orð eru sönn".

"Setjist þér", sagði hann, og ýtti til hennar stól; því hann fær að hann gat ekki staðið lengur. "Þér komið mér að óvörum með þessari skyndilegu komu yðar".

"Ég vildi það og varð að gera það. Þér vitið það, að ég hefi vitni, sem sannað geta giftingu okkar. En ég hefi fleira að láta í ljósi".

"ENN fleira?"

"Ég hefi skriflega játningu hins deyjandi Jóhanns Krumholts", bætti Adela við.

"Deyjandi?" endurtók Heideck.

"Já, hanu er dáinn og getur nú ekki lengur um-

snúið saamleikanum fyrir yður gegn borgun, eða afturkallað orð sín. Hann er jarðsettur í hinum fjarlægu frumskógunu Ameríku. En áður en hann dó viðurkendi hann opinberlega, að þér hefðuð mítuð honum til að tæla gömlu hjónina, sem voru vottar að giftingu okkar, burt frá Leimili sínu og til Ameríku";

"Og sá, sem hann hefir meðgengið þetta fyrir, er líklega barún Lebau, sem þér elskið".

Hann hefir meðgengið þetta fyrir vini mínum, barún Lebau, hr. von Heideck. Hin löglega kona yðar heyr ekki eitt augnablik brugðist skyldum sínum".

"Bölvaður þorparinn!" tautaði Heideck, en hann breytti strax umi róm og sagði: "Fyrirgefis Þér mér, Adela, ég er nærri því brjálaður, og veit naumast hvað ég segi. Alt veitist að mér — og nú komið Þér, hvað viljið Þér? Hvað heimtið Þér af mér? Því sein skeð er getur ekkert opinbert hnøyxli breytt".

"Nei, en í það skifti, sem ég sá yður standa við altarið með annari konu, og inna af hendi falskt loforð, til þess að ná í auðæfi hennar, strengdi ég þess heit að hefna míni, og ég er komin til þess í dag, að segja yður, hvernig ég hefnt míni. Þér skeyttuð engu um þjáningar mínar, og því skiljið Þér ef til vill ekki, hve langt konuhefndin hefir leitt "mig".

Heideck horfði kvíðandi á hana.

Hún var stundum rjóð og stundum föl, og sjáanlega í mikilli geðshræringu.

"Ég er komin að sjá barnið mitt", sagði hún, "það barn, sem þér segið að liggi fyrir dauðanum".

Hann horfði á hana og hélt að missir drengsins hefði gert hana brjálaða.

"Yður skjátlar, Adela", sagði hann, "fyrst og fremst vona ég að minn drengur liggi ekki fyrir dauðanum, og í öðru lagi, þá er það ekki yðar barn, sem hér er".

"Mér skjátlar ekki", sagði hún með áherzlu, "það er mitt barn, sem hér er".

"Hafði þér þá gleymt því, að drengurinn yðar er dáinn?" spurði hann. "Dauði þess barns hefir ollað mér sorgar og kvala. Hefði mitt líf getað frelsas ð Hann, þá hefði ég með fúsum vilja látið það í té, það get ég svarið".

"Minn drengur er ekki dáinn", sagði hún snjalt og rólega. "Það skyldi þá vera, að hann hefði dáið núna, meðan ég tala við yður. Það barn, sem hesturinn yðar deyddi, var ekki mitt barn, heldur barn ykkar Ernu, það barn, sem átti að erfa nafn yðar".

Hann stardí undrandi á hana. Það var ekki snert af brjálsemi að sjá á andliti hennar, hún stóð gagnvart honum sem lifandi gáta. — Hverju átti hann að svara? Hvaða tilgang hafði þessi undarlega kona að koma til hans með slika ásökun?

"Ég skil yður ekki", sagði hann. Annaðhvort hljótið þér eða ég að vera brjálaður. Skýrið þér lyttir mér meiningu yðar".

"Ég hefi sagt yður hreiman sannleika", sagði hún, "barn ykkar Ernu liggar í grófinni í litla kirkjugarðinum í P. Það var yfir sínu eigin barni, að hún grét samhygðartárnum, það var sínu eigin barni, sem hún sendi blómin, er ég breiddi á kistu þess. Mitt barn lá lifandi og elskað við hennar brjóst, og ég veit, að hún hefir ekki séð sólina fyrir því fram að þessari stundu. Það mitt barn hefir það þó alt af verið".

"En hvornig, — ég get ekki skilið yður. Hvað hafis ðér gert?"

Adela tók dálítinn böggul, leysti hann og lagði innihaldið fyrir framan Heideck.

"Lítið þér á", sagði hún, þessa two hluti þekkið þér liklega? Þessir tveir hlutir hurfu einn daginn sem barnfóstran yðar var með litla drenginn í lystigarðinum, og þér reyndurð alt, sem í yðar valdi stóð, til

þess að komast að því, hvað af þeim hefði orðið, en árangurslaust. Æu þeim var ekki stolið af barnið, — Það var skift um sjálft barnið! Þernan yðar tók mitt barn heim til yðar, en míni dygga Nani færði mér ykkar barn heim til míni. Þetta eru viðburðir sem þér másko skiljið”.

Heideck horfði með undrun og hræðslu á skrautsaumaða silkikjólinn og þunga gullmenið. Nú skildi hann alt. Barnsfóstran, María, hafði einmitt fengið þá til að bera vitni um sakleysi sitt, sem svo kænlega skifti um þörnun, meðan hún talaði við unnusta sinn.

“Guð minn góður!” sagði Heideck og stundi við, “hvers vegna gerðir þú þetta? Og hvað ætlarðu nú að gera?

“Hvers vegna ég gerði þetta, Valdimar Heideck?” sagði hún með óviðjafnanlegri fyrirlitningu, “hvers vegna ég gerði það? Af því ég vildi ekki láta son minn veiða nafnlausum frílluson, og láta barn annarar konu taka stöðu hans í mannfélaginu, og njóta þeirra gæða, sem hann átti heimting á. Þegar ég sá son ykkar í Wien, og sá hve lík börnun voru, asetti ég mér að gera þetta — að láta hann ekki lengur vera í stöðu sonar míns. Ég kom ekki barninu fyrir á fátaðu heimili, og ætlaði ekki að gera því neitt ilt. Þen sonur minn átti að verða ersingi yðar — eins og honum bar með réttu”.

“Og þér tókuð hann burt til þess að dauðinn hitti hann”, sagði Heideck og néri saman höndunum í ofboði, “ó, Erna deyr af sorg þegar hún heyrir þetta”.

Adela horfði á hann. Hann elskoði þá komu sína Erna hafði þá getað bundið þetta óstöðuga hjarta fastara við sig, með hjartagæzku sinni og töfrandi æskusugurð, heldur en henni sjálfri hafði hepnast, hrátt fyrir sína saklausu og óbrotnu segurð.

"Vægið þér heimi!" bað Heideck. "Hún hefir engan órétt gert yður; ef þér segið heuni það, sem þér hafið sagt mér, þá deyr hún. Hún elskar þeitþa barn meira en sitt eigið líf. Ef það skyldi deyja, ó! ég get ekki hugsað til þess".

Á þessu augnabliki kom hjúkrunarkonan þjótandi inn í herbergið.

Drengurinn var nývaknaður og starði tryllingslega í kring um sig. Hjúkrunarkonan laut að honum óttaslegin.

"Þetta er ils viti", tautaði hún, "það er bezt ég kalli á húsbóndann fyrst, áður en ég flyt frúnni þessa sorgarfregn".

Hún kom því til að kalla á Heideck.

Adela kraðaði sér á eftir honum.

Eftir fáar sekúndur voru þau í herbergi drengsins.

Drengurinn reyndi að draga andann og stamaði: "Mamma!"

Adela fíll á kné við rúmið hans, og lagði kinn sína við kinn hans. Drengurinn rétti fram handlegginn til að ná í hana — hann pekti hana ekki. Hún lagði höfuð hans á handlegg sinn, og kysti kinnina hans skjálfandi.

"Mamma!" endurtók drengurinn mjög lágt, — varla heyranlegt. Það var síðasta orðið hans.

Hr. von Heideck hefði ekki þurft að óttast af hiúpanir við banasæng drengsins. Erna tók naumast eftir því, hver það var, sem hélt drengnum í saðmi sinum síðustu augnablikin af lífi hans; hún slepti sér alveg og var svo yfirkomin af sorg, að hún sinti engu öðru. Adela byrgði sorgina inni í sínu eigin brjósti, kyr og þögul. Nú hafði hún enga ástæðu til að opinbera neitt, eða gera neinar kröfur til þess manns, sem sveik hana einu sinni. Dauðinn hafði slitið þenna sina streng, sem batt hana við hann. Hún leit í síðasta sinni með óserjanlega skærri ást á bleika and-

Mitið, stóð svo upp og gekk út, en Erna fleygði sér í örvilnan ofan yfir dána hrenginn og kysti kímmar hans og varir í sifellu.

Arnyjotur B. Ólafsson

### 27. KAPÍTULI.

Ástarinnar unaðssæla gæfa.

Arthur var jarðsettur í stóra kirkjugarðinum í Neapel.

Marmarahella var reist á gröfnni og á hana skráð: "Hér hvílir Arthur von Heideck". Ernu, sem á degi hverjum þakti steininn með blómum, grunaði ekki, að önnur lítil, fjarlæg gröf átti meiri kröfu til hluttekningar hennar; hún fékk aldrei að vita, hvar hennar barn dó.

Adela lá mjög veik í hóteli í Neapel. Nani og Körn, sem komu þangað strax, gerðu alt, sem í þeirra valdi stóð til að frelsa líf hennar, enda leit sveit um sínum, að dauðinn ætlaði að bera sigur úr býtum. Meðan Adela var veik, sagði Nani gamla Körn frá barnaskiftunum, og skildi hann þá, hvernig á því stóð, að hann sá svo sjaldan móðurtilfinningat Adelu koma í ljós við drenginn.

Vesalings móðirin, henni hafði orðið dýr tilraunin að komu svni sínum í þá mannfélagsstöðu, sem honum bar, og þessir dyggu vinir hennar komu sér saman um, að minnast aldrei eimur orði á dauða drengjanum við hana.

Til trygga vinarins heima, var á hverjum degi send veikindaskýrsla með meiri og minni von, og loks ins sendi Körn þau boð, að veikin væri rénuð og Adela heilbrigð. en máttvana og þreytt. Eins og nærrí má geta, var þessum boðum tekið með fögnum.

enda þótt að Lebau hefði enga framtíðarvon til að fullkomna gleðina.

Sex mánuðum síðar sat Adela og Körn á hjalla nokkrum við Arnofljótið. Þau voru komin til Florents og ætluðu að dvelja þar lítið eitt.

Adela brosti blíðlega til gamla vinar síns og sagði:

"Ég held við fórum nú bráðum heim, Körn. Ég er nú orðin vel frisk og rödd minn er byrjuð að jafna sig. Ég er ef til vill nokkuð mögur ennþá, og ekki tiltakanlega aðlaðandi, en ég held þó, að ég verði að fara að búa mig undir þetta ameríkanska starfistilboð".

"Það voru ég þér gerið ekki, frú Adela", sagði á þessu augnabliki hljómmikil rödd við hliðina á henni.

Adela leit við og sá með ánaegðri undrun gleðigislandi andlitið á barún Lebau.

"Ástfólgna Adela", sagði hann, "ég gat ekki lengur barist gegn freustingunni að fá að sjá yður aður. En hvað mér þykir vænt um að sjá yður heilbrigða og hressa".

Adela rétti honum hendina. Hún gat ekki dulið gleðina yfir því að sjá hann, og það gaf barúninum þrótt til að þverskallast við áminninguna, sem hann vissi að á eftir mundi koma.

"Þér hefðuð ekki átt að koma", sagði hún, "það er ekki gott fyrir okkur að finnast of oft, og þess utan er það lika rangt".

"Nei, það er ekki lengur rangt, kæra Adela, við höfum heimild til að elskast, til að tilheyra hvort öðru, þér og ég. Þér eruð frjálsar, Adela".

"Frjáls! — hr. barún, þér gleymið —"

"Ég gleyni engu. Ég hefi glöggari aíspurn en þér, Adela. Hann er dáinn".

Hún starði þegjandi á hann. Þessi fregn gerði hana mállausa af undrun.

Bartúnum greip hendi hennar og hélt henni stundarkorn.

Litlu síðar jafnaði Adela sig svo mikið, að hún gat hlustað á, hvernig Valdimar von Heideck hafði dáið.

"Hann var nýlega kominn heim til óðalsjarðar sinnar. Þegar hann skipaði að leggja hnakkinn sinn á 'Korsar', sem hann hafði ekki komið á bak síðan hann deyddi drenginn hans. Ráðsmaður Heidecks hafði oft riðið Lestinum í seinni tíð, en hann var lélegur reiðmaður, sem stundum var of strangur og stundum of mildur við hestinn, svo að hesturinn var erðinu ohlýðin: og kenjóttur. Heideck, sem bæði var sorgbitinn og í illu skapi, brúkaði bæði sporana og svipuna til að fá hestinn til að hlýða. Hann ætlaði að þvíuga hestinn til að stökkva yfir fyrirstöðu eða tálma; sem var á veginum, en sem hesturinn fældist. Tvisvar hopaði hesturinn með miklum hraða, en í þriðja sinni stökk hann — og þá of stutt. Hesturinn datt og heideck varð undir honum, en stóð aldrei upp aftur.

Hann hafði hálsbrotnað. — —

Adelu hrylti við þessari fregn.

Hún var nú að sönnu, laus og frjáls, og gat endurgoldið hina tryggu ást vinar síns og gert hann sælan, með því að gefa honum hendi sína, en þó liðu enn tólf mánuðir þangað til klukkurnar í fallegu kirkjunni á herragarði Lebaus, gerðu vitanlegt að hjónavígsla ætti fram að fara og að brúðkaup væri í nánd.

Listavinirnir, sem svo oft höfðu dáðst að fallegu röddiuni hennar Adelu, hörmuðu missir söngkonunnar listarinnar vegna, en þeir voru ekki margir, sem öfundið hana af hinni einu gæfu, sem er æðri og fegurri öllu hrósi og fagurgala mannanna, ástarinnar unaðssæla láni.

ENDIR.